Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréfabók bæjarfulltrúa 1862-1872

Aðfnr. 194

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Bréfabók bæjarfulltrúa
1862
:
1872

.077.2 - .075.1

194

Bréfa
~~Gjörða~~bók
bæjarfulltrúanna
1862–1872

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4.6.2-27

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjörðabók

bæjarfulltrúanna í Reykjavík 1862–1872.

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
194

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Nóvember 1862

Til stiptamtsins
7. nóvember

## No 1

Eptir ósk og sanngjörnum kröfum margra innbúa þessa kaupstaðar höfum vér bæjarfulltrúarnir tekið til nákvæmrar yfirvegunar það sérstaklega fyrirkomulag, sem hefir haldizt uppi um nálægt 30 undanfarin ár á heimtingu og niðrjöfnun jafnaðarsjóðsgjaldsins af lögsagnarumdæmi Reykjavíkr kaupstaðar, er þetta fyrirkomulag, eins og allir þekkja, gagnstætt því, sem tíðkast hefir ekki einungis um hin sömu 30 ár, heldr síðan þar að lútandi grundvallarákvarðanir voru settar í kgsbréfi 25. júlí 1808, alstaðar annarstaðar á landi hér. Oss er þaraðauki ekki annað vitanlegt, en að sömu reglur hafi gilt fyrir jafnaðarsjóðsgjaldinu hér í Reykjavík eins og annarsstaðar á landinu fram til áranna 1831–32 og virðist líka mega ráða af Rentekammerbréfi til stiptamtmanns Kriegers 28. maí 1831, að svo hafi verið, því þar er það tekið fram sem nýmælis uppástunga, er téðr stiptamtmaðr hafi borið undir samþykki stjórnarráðsins í bréfi 9. nóv. árinu áðr, „að tiltölulegr „hluti (en forholdsmæssig Andeel) þeirrar upphæðar, sem (í hvert „skipti eðr hvert ár) eigi að jafna niðr á gjörvalt amtið, skuli „lagðr til greiðslu á Reykjavíkr bæ, og skuli þeim hluta (þar í bænum) niðrjafna á sama hátt sem bæargjöldum yfir höfuð að tala, nefnilega „eptir efnahag, atvinnu og nauðsynjagjöldum“ („Brug“ hvers einstaks manns).

Í hinu áminnsta Rentekammerbréfi 28. maí 1831 er nú að vísu lagt samþykki á þessa eins og aðrar uppástungur stiptamtsins í bréfinu 9. nóv. 1830, en það samþykki stjórnarráðsins er veitt með berum orðum að eins til bráðabyrgða eða fyrst um sinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Nóvem=

ikkun udsatte blive interimistiske Bestemmelser *). Alt um það hefir
þessari ákvörðun stöðugt verið fylgt hér í Reykjavík síðan 1832,
og hefir eigi verið til breytt að öðru, en því, að þar sem þeim
hluta jafnaðarsjóðrgjaldsins, sem amtið ákvað á þenna kaup-
stað, hvert árið fyrir sig var framan af jafnað niðr beint eptir
þeirri uppástungu stiptamtsins, er fyr var fráskýrt <u>sem</u>
<u>sérstaklegu</u> gjaldi, á gjaldþegna bæarins eptir efnahag og ástæð-
um hvers einstaks manns, þá hefir á seinni árum þessi af amt-
inu ákveðni hluti gjaldsins verið tekinn inn á hinar árlegu áætl-
anir yfir útgjöld bæarins og síðan jafnað niðr á bæarbúa
ásamt og í einu lagi með öðrum útgjöldum í bæar þarfir. Þessi
tilbreytingin getr, að oss virðist, engan veginn réttlætt hina öfugu grund-
vallarreglu fyrir þessu gjaldi einungis hér í Reykjavík, þarsem
hún er svo frábrugðin því, er gildir í öllum öðrum héruðum
landsins; því jafnaðarsjóðsgjaldinu er hvívetna annarsstaðar
jafnað niðr á framtalin lausafjárhundruð, svo að hið framtalda
lausafé er hinn lögákveðni og almenni gjaldstofn þeirra út-
gjalda, sem hvíla á jafnaðarsjóðunum eptir gildandi ákvörð-
unum. Þess vegna virðist það miðr rétt, að framtalið lausa-
fé einstöku Reykjavíkrbúa, sem þenna gjaldstofn eiga, skuli
hér, en hvergi annarsstaðar vera undan þegið jafnaðarsjóðs-
gjaldi, en það lagt hér á allan annan gjaldstofn nefnilega
efnahag eðr: jarðeign, húseign, embættistekjur, verzlun og
aðra atvinnu, þó að þess konar eignir og atvinna sé hvergi
annarsstaðar á landinu háð jafnaðarsjóðsgjaldi. Þetta hefir
líka þótt fráleitt að láta verða að lögum í öðrum kaupstöð-
um landsins, því sjá má af öðru Rentekammerbréfi (23. maí 1831),

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# ber 1862

til amtmannanna fyrir nordan og vestan, að eyjgi á því hefir verið álagið við þessi yfirvöld og borið undir álit þeirra, hvort ekki mundi tiltæki legt að haga þessu sérstaklega (og öðruvísi, en með niðurjöfnun á lausafé) í kaupstöðunum fyrir nordan og vestan: Grundarfirði og Ísafirði, Akreyri og Eskjufirði. En auðsætt er af því, að engi sérstakleg afbrigði voru síðar ákveðin með jafnaðarsjóðsgjaldið í þessum kaupstöðum, að hlutaðeigandi amtsyfirvöld hafa talið það ójöfnuð og óráð, og að stjórnarráðin hafa fallizt á þá skoðun. —

Af þessum ástæðum, sem nú eru til fordar leyfum vér oss að biðja stiptamtið að breyta til um þá sérstaklegu tilhögun, sem höfð hefir verið á jafnaðarsjóðsgjaldinu hér í Reykjavík, að gjald þetta fyrir tíð næst komandi ár 1863 og framvegis verði hér sem annarstaðar á landinu einungis lagt á framtalin lausafjárhundruð og lendi á þeim einum, sem lausafé framtelji. — — —

En þykist stiptamtið ekki bært um að kippa þessu í lag af eindæmi sjálfs sín, leyfum vér oss að biðja, að mál efni þetta verði borið undir úrlausn lögstjórnarráðherrans með stiptamtsins góðu áliti og kröptugu meðmælum

---

Nº 2

*Til Bæarfógetans 7. nóvember*

Yðr er það kunnug herra bæarfógeti, að á þessu ári hefir bæarstjórnin neydzt til með leyfi háyfirvaldanna að taka uppá bæinn eigi allítið fjárlán á leigubend sumpart til þess að endrbæta og auka slökkvitól bæarins, en þó einkanlega til þess

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að endrbæta barnaskólahúsið, og stemdast þann kostnað, er það hlaut að hafa í för með sér að koma barnaskólanum á stofn á þessu hausti, eins og nú er líka búið að takast. Af því að af þessu lánsfé rísa nú allþungar vaxtalúkningar fyrir bæarsjóðinn um hin komandi ár og þó jafnframt 6% gjald af barnaskólaláninu til þess að afrema jafnframt smámsaman sjálfa skuldar umsæðuna, þá er auðreiðið, að þetta verðr næsta þungbært í sjálfu sér á bæarbúum einkanlega með fyrsta, og þangað til bæði þeir tekrumálefna kröfurnar geti orðið dálítið vægari og efnahagr bæarbúa hægðist nokkuð og jafnaðist á annan veg eptir þessi undangengnu erfiðu ár, sem líka er vonandi að verði.

Bæði með tilliti til þessa og með tilliti til þess, að áætlun bæargjaldanna fyrir hið næst komandi ár og framvegis mætti að öðru leiti verða sem vægust og óbrotnust að framast yrði kostr á, þá höfum vér smámsaman rætt þessi mál á fundum og hefir oss meðal annars fundizt nauðsyn á, að leitað væri æðra leyfis til þess að eptirstöðvar 400 rdl láns frá 1860 úr Thorkillii sjóðunum fengizt að mega standa í bæarsjóði þannig, að slept yrði hinum upprunalega ~~árlega~~ áskilda 40 rdl árlega afdrætti uppí sjálfa skuldina, að einungis sé greiddir árlegir vextir af eptirstöðvunum og væri svo að öðru leiti látið sér lynda með missiris fyrirvara á uppsögn skuldarinnar bæði af hálfu eiganda og skuldunautar.

Eptir samhuga ályktun með oss á fundi 2. þ. mán. viljum vér því mega fela herra bæarfógetanum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Vor 1862

að fara þess á leit hjá stiptamtinu samræðis um reiðanda Thorkilliisjóðsins, að eptirstöðvar téðra vaxtaskulda, sem nú um næstu árslok verða 320 rd megi annaðhvort standa í bæarsjóði með þessari upphæð, sem nú er og gegn 4% vöxtum árlega og uppsagnarfresti með missiris fyrirvara, eða þá að minsta kosti þannig, að einungis þá 20 rd, sem eru eptir af skuldinni verði tekinn á næsta árs áætlun, en hinir 300 rd síðan látnir standa ~~vtaneta~~ til uppsagnar í einu lagi eðeins með 4% vaxta greiðslu þaraf árlega.

## № 3

Þér hafi herra bæarfógeti 28. f. m. sent fulltrúunum til álita eptirrit af beiðni lyfsala Randreys til byggingarnefndarinnar um að hann fengi á vísað rétt vestr af lóð sinni af hinum forna kirkjugarði 3-4 álna spildu, til þess að geta brækkað geymslu hús sitt, er þar liggr uppað að austanverðu, og ennfremur 3 álna viðbót við lóð sína þar fyrir vestan eðr, eptir því, sem oss skilst samtals 6-7 álna lóðarstrimil til stækkunar eðr viðbótar vestr eptir við þá lóð, sem hann nú hefir. Jafnframt hafið þér sent oss til frekari upplýsingar afskript af byggingarnefndargjörð 9. febr 1848, er lýtr að fastákveðnum vestr takmörkum húseignar lóðarinnar fyrir norðan Apothekið að takmörkum hinnar nýju götu er ákveðin ~~er~~ vestr með öllum þessum lóðum norðan frá sjó og uppað hinum forna kirkjugarði eða svæði hans honum o. sv. frv.

Vér höfum nú rætt þetta mál með oss á fundi l. f. mán

Til Bæarfógetans 7. nóvember

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Nóvem=

eptir að vér höfðum gengið á þau lóðar takmörk, er hér ræðir um og kynt oss þau og alla afstöðu, og varð það samhuga álit vort, að þar sem einmitt hér umbil 3 álna breiðr geiri liggr nú ónotaðr austr af gamla kirkjugarðinum með sömu lengd frá norðri til suðrs eins og geymsluhús Randrups, hvar í móti sá hluti apotheks lóðarinnar, sem þar er norðr af, nær sömu 3 álnum vestar eðr nær forna kirkjugarðinum, heldr en sjálft geymsluhúsið, þá virðist oss, að ekkert geti verið því til fyrirstöðu, að hann fái ávísaðan téðan 3 álna geira, er líka nægir til þess að húsið, eins og eiganda er hugarhaldið, geti orðið 3 álnum breiðara heldr en það er nú, án þess sú breidd gangi inn á lóð hans fyrir austan húsið, er þannig má halda sínum upprunalegu takmörkum, eptir sem áðr. Þar í móti álítum vér mjög ísjárvert og ógjörandi að leggja til, að beiðandinn fái hina umbeðnu lóðar viðbót fyrir vestan téðan geira eðr af hinu eiginlega kirkjugarðsstæði bæði með tilliti til hinna almennu ákvarðana í byggingarnefndar gjörðinni 9. febr 1848 og einkanlega fyrir þá sök, að alls ekki ætti að fara að ávísa né útbluta neina spildu af hinum forna garði, hvorki einum né neinum öðru vísi, en eptir fyrirfram niðrlögðum og ásráðnum ákvörðunum um það.

Til Bæarfógetans 7. nóvember

## N° 4

Bréf frá K. Sveinbjörnsson 10. f. m. áhrærandi viðgjörð við þverrennuna út frá húsi hennar í Tjarnargötu hafið þér herra bæarfógeti sent til aðgjörða vor bæarfulltrúanna.

Málefni þetta kom til umræðu á fundi 1. þ. m. og var

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ver 1862

afráðið að láta tafarlaust vinna þetta verk og er því nú lokið. Bréfið endursendist

## № 5

Til Bæarfógetans 7. nóvember

Með fylgjandi bréf vort til stiptamtmannsins áhrærandi jafnaðarsjóðsgjaldið af Reykjavíkur kaupstað í hverjum vér megum biðja yður herra bæarfógeti að koma á framfæri af hendi bæarstjórnarinnar með yðar góða áliti og meðmælum svo tímanlega, að það gæti orðið sent til stjórnarinnar með næstu gufuskipsferð, ef til þess þyrfti að koma.

## № 6

Til sama s. d.

Á fundi vor fulltrúanna 1. þ. mán. samdist svo, að snikkari Helgi Jónsson hefði á hendi umsjón bæarverkanna þenna yfirstandandi mánuð.

## № 7

Til sama 2. desember

Á fundum bæarfulltrúanna í október og nóvembermánuði þ. á. hafa hin nýju vegabótalög af 15. marts f. á., er hvað vera þinglesin hér í bænum í sumar, komið til yfirvegunar og nákvæmrar undirbúnings umræðu, því oss gat eigi dulizt, að hvenær sem yfirvaldið færi að fá lögum þessum framgang, þá hlyti þeim sjálfsagt að verða samfara eigi óverulegar breytingar fyrir þenna kaupstað bæði að því er áhrærir nýjar vegagjörðir og viðhald hinna eldri veganna, og þá einnig áhrærandi þau útgjöld, sem til þessara verka eru vanalega ætluð á ári hverju.

Nú af því hin nýju vegabótalög eru þinglesin og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og hafa þannig náð bindandi lagaafli hér í bænum þegar fyrir nál. 3 missirum liðnum, þá er auðsætt, að hágfirvaldið bæði getr fyrirskipað allt hið nauðsynlega til þess að fá þeim framgang, þegar menn varir minnst, enda virðist óhjákvæmilega skylt fyrir alla, að þessum þinglýstu lögum sé farið að veita fullnustu bæði eptir grundvallarreglu og stefnu sjálfra laganna, og hinum sérstaklegu ákvörðunum þeirra í 3. og 4. gr. og samkvæmt bréfi lögstjórnarinnar um þetta mál til amtmannsins í norðr og austramtinu 28. febr. þ. árs að № 2. Enda segja áreiðanlegar fregnir, að í báðum hinum ömtunum sé af hendi hágfirvaldsins þegar gjörðar almennar ráðstafanir til að fullnægja ákvörðunum í 3. gr. laganna. Og með því nú lýtr svo fast að lokum þ. árs, innan hvers tíma bæarstjórninni ber að lögum að hafa fullgjörða áætlun yfir tekjur og útgjöld Reykjavíkrkaupstaðar um hið næst komandi ár 1863, þá varð samhuga álit vort á fundi 11. f. mán., að óhultara væri, að bíða eigi lengr hreifingar þessa máls af hendi hágfirvaldsins, heldr ganga út frá því, sem einnig er talið sjálfsagt í téðu ráðherrabréfi, að lög þessi nái gildi og komi til fullrar framkvæmdar víðsvegar um landið árið 1863, heldr koma málinu í hreifingu nú þegar, svo það að lútandi úrskurðr hágfirvaldsins gæti náðzt, áðren áætlan kaupstaðarins fyrir 1863 yrði gjörð

Samkvæmt þessari skoðun afréðu nú bæarfulltrúarnir eptir fyrirmælum 3. gr. í tilsk. 15. marts 1861. að taka til nákvæmrar yfirvegunar, hvað af hinum ýmsu strætum og vegum, hvort heldr væri innan sjálfs kaupstaðarins eð innan lögsagnarumdæmisins skyldi framvegis álítast sem þjóð-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vegir og hvað auka vegir og aðgjörðir þeirra framvegis, hvort heldr væri meiri eðr minni, eða nýar vegagjörðir álitast upp ~~frá~~ þessu að hvíla á hinu almenna vegabótagjaldi, eðr á bæarsjóðnum sem gjald til auka veganna, og varð það samhuga álit vort um þessi efni, er nú skal greina:

1. Að þjóðvegir, er liggja að eðr frá kaupstaðnum og útúr lögsagnar umdæmi hans, verði ekki kallaðir aðrir, en þeir 2 aðalvegir:
   a. Frá Bakarabrúnni innað Fossvogslæk
   b. Vegrinn, sem liggr suðrúr bænum og Melkotshlíðinu vestr að Eyðsgranda og fram á Seltjarnarnes.
2. Að bæarsjóðrinn frá byrjun næsta árs eigi að verða laus við viðhald og viðgjörð á þessum tveimr aðalvegum, að því leiti þeir liggja fyrir utan hina eiginlegu kaupstaðar (húsa) lóð, sem afmörkuð var ár 1792, en þó með þessum nákvæmari takmörkunum og skilyrðum.

   A. Að bærinn haldi við á sinn kostnað og umbæti hinn síðarnefnda aðalveg suðrúr bænum og túnum bæarins alt suðrað Melkotshlíðinu, með því þessi kafli er bæði skemtigönguvegr bæarbúa og leiðir til kirkjugarðsins.

   B. Að vegabótasjóðrinn taki að sér framvegis, sérhverja aðalaðgjörð á Bakarabrúnni, hvenær sem að ber, og virðist þetta samkvæmt vegbótalaganna 13. gr. með því þaryfir er alfaravegr

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Desem=

allra ferdamanna til stadarins vidsvegar ad af landinu og brúin þarf einmitt þessvegna að vera bædi margfalt ummálsmeiri og traustari, heldren verea þyrfti, ef hún væri eingöngu handa bæarmönnum. Aptr virdist það sanngjarnt, að á bæarsjóðnum hvíli hiðvanalega árlega viðhald og smærri aðgjörðir.

Í þeirri von, að þér herra bæarfógeti fallizt á þessa skoðun vora, og greinarmun milli þjóðvega og aukavega í Reykjavíkr kaupstað, viljum vér mega fela yðr að bera málefnið undir suðramtið svo fljótt sem orðið getr til samþykkis eða úrskurðar samkv. laganna 3. gr., en að því búnu áskiljum vér oss samkvæmt 4. gr. að bera upp nákvæmari uppástungr um það, hvaða endrbætr og aðgjörðir, að þjóðvegir þessir þurfi að fá næsta ár og hve mikinn kostnað, að það muni hafa í för með sér.

Til Bæarfógetans 11. desember

## № 8

Samkvæmt fyrirmælum 9. gr. í bæarstjórnar reglugjörðinni var á fundi fulltrúanna 5. þ. mán. gengið til kosningar á einum úr þeirra flokki, til þess ásamt yðr herra bæarfógeti og undirskrifuðum núverandi formanni þeirra, að ganga í kjörstjórn þá, sem ber að undirbúa og gangast fyrir kosningu í bænum hins næsta árs á bæarfulltrúa í stað kaupmanns C. O. Robbs, sem eptir réttri röð og áraþjölda stjórnarinnar á að ganga úr fulltrúa tölunni um árslokin. Fyrir þessari kosningu varð nú herra Docent S. Melsted, hvað ed og hérmed tilkynni herra bæarfógetanum samkvæmt fundarbók vorri.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## No 9

Til Bæarfógetans 11. desember

Á fundi bæarfulltrúanna 5. þ. mán. samdist svo, að Guðmundr bóndi Þórðarson hefði á hendi umsjón bæarverkanna þenna mánuð, sem yfir stendr, hvað eg hérmeð tilkynni herra bæarfógetanum samkvæmt fundarbókinni

## No 10

Til Bæarfógetans 13. desember

Með heiðruðu bréfi 5. þ. mán. hafið þér herra bæarfógeti birt oss bréf stiptamtsins daginn áðr, og segir það að vísu að „uppástunga" bæarstjórnarinnar um, að handa bæarsjóðnum fengist lán sakir þeirra ástæða og með þeim skilyrðum, eptir því sem þau voru tekin fram og útlistuð í bréfum bæarstjórnarinnar til stiptamtsins 17. marts og 23. apr. þ. á., til þess að standast óumflýanleg útgjöld sjóðsins fyrri helming hvers árs, — hefði verið send stjórninni „snemma í sumar" frá stiptamtinu, en yfirvaldinu hefði enn ekkert svar borizt frá stjórninni og eigi geti stiptamtið heldr neitt um það sagt, hverjar undirtektir málið mundi hjá henni fá.

Vér ræddum þetta mál með oss á fundi 5. þ. mán. og virtist oss þá auðsætt, að svar eðr undirtektir stjórnarinnar undir það geta nú eigi héðan af borizt hingað fyrri en í fyrsta lagi um miðjan martsmánuð 1863, hvernig sem þær verða; þar að auki geta þær aldrei skipt nema tvennu — afsvari eða samþykki. En þó að samþykkið fáist, þá verðr bæarsjóðrinn févana til allra óumflýanlegra útgjalda, <u>þangað til lánið væri fengið</u> og fyrir það útvegað fast ríkisskuldabréf

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ætti það, eins og allir sjá, eigi verið komið alveg í kring, fyren í júnímánuði næsta ár í fyrsta lagi. Héraf er auðsætt, að þó að undirtektir stjórnarinnar yrði sem beztar, þá liggja þó fjárskortsvandræðin opin fyrir allan fyrri helming ársins 1863. Það er að vísu óþarft að fjölyrða hér, hvernig þessu sé varið eða í hverju að þessi vandræði sé einkanlega fólgin, þarsem þau beinlínis spretta af þessu lögákveðna fyrirkomulagi á stjórn bæarmálefnanna hér í Reykjavík: að reikningsárið er almanaksár, — að hinar árlegu áætlanir eru einskorðaðar niðr við bæarþarfirnar hið komandi árið, svo að aldrei, ~~svo að aldrei~~ geti verið um neinn verulegan afgang að ræða frá næstliðna árinu, — að gjalddaginn er ekki ákveðinn, fyren að fullu misseri frá byrjun eðr upphafi áætlunarinnar ársins, og að þó falla á bæarsjóðinn í hverjum mánuði ýmis útgjöld, sem eigi verðr undankomizt né frestað, eins og öllum má vera auðsætt.

Til þess að ráða úr samkynja vandræðum var líka tekið handa bænum 400 rd lánið úr Thorkillii sjóðnum 1859 að þartil fengnu samþykki stiptamts og ráðherra og hafa þessi háyfirvöld þannig viðrkent bæði rétt og nauðsyn þessarar grundvallarreglu. Héraf leiðir, að eptir því sem áætluð útgjöld bæarins vaxa ár frá ári framyfir það, sem var og gengið var útfrá, þegar þetta 400 rd lán var tekið, eptir því þarfnast bæarsjóðrinn viðauka við þetta fé til þess að standast hin auknu mánaða útgjöld sín frá 1. jan. til 13. júní ár hvert.

Útgjöld bæarins hafa nú á ýmsan veg aukizt talsvert um næstliðin 3 ár, eins og kunnugt er, en þó kveðr mest

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ber 1862

að þessu árið, sem í hönd fer, þarsem áætlunin til hins nýstofnaða barnaskóla er nú 525 rdl. meiri en í fyrra og þaraðauki nál. 230 rdl. meira til þurfamanna heldren var 1862; yfir höfuð að tala hlýtr áætlun bæarins 1863 að verða nál. 13-1400 rdl. hærri, heldren hún var 1859, þegar Thorkillii lánið var tekið fyrir fullra nauðsynja sakir.

Þessvegna sjáum vér engan veg til þess, að stjórn bæarmálefnanna geti haft gang og haldizt í fullri festu og fullum skilum við alla, sem hér eiga hlutað, nema því að eins, að 7- 800 rdl. skyndilán yrði nú þegar útvegað til þess að standast með þeim lögákveðin nauðsynja útgjöld bæarsjóðsins hina fyrri 6 mánuði ársins 1863, er mætti endrborgast aptr af tekjum bæarins undireins og þær greiðist, en það yrði nú að vísu eigi til neinna riða fyren í ágúst- september næsta ár.

Vér viljum því mega fela tilhlutun yðar herra bæarfógeti, að úr þessum auðsénu vandræðum verði fullnæg bót ráðin hið allra bráðasta og að minsta kosti, áðren fulltrúakosningá að framfara í byrjun næsta árs, því vér sjáum eigi betr, en að undir því, hvort fé þetta verði útvegað eða ekki, hljóti það að vera komið, hvort bæarsjóðrinn og bæarstjórnin geti staðið í skilum við hina ýmsu menn, sem eiga að lögum laun sín að sjóðnum, og við þann fjölda þurfamanna, sem af honum eiga að hafa svo að segja daglegt framfæri, eða með öðrum orðum, hvort bæarstjórnin fái staðizt og haldið áfram lögákveðnum störfum sínum með byrjun hins næsta árs.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Álitsmál (á bréf Þorl. Péturssonar 10. Dec. 1862 um 5 rd. ept-irstöðvar ~~af~~ fyrir Vegargjörðina 1861) 13. Decb. 1862

No 11

Hið framan skrifaða skjal er sent oss til álita og úrgreiðslu og kom til umræðu á fundi í dag.

Málefnið er þegar útkljáð á fundi bæjar fulltrú-anna 19. Oct. f. á. með því að ávísa Þorl. Péturs-syni að eins 8 rd. af þeim 13 rd. sem reiknings hans uppá kljáðu, og var að vísu svo umtalað ~~að~~ frá upphafi að hann fengi þessa upphæð fyr-ir að lokræsja m. m. aðalveginn frá Vegamót-unum inní Fossvog, en þareð bæði fyrri nefndin-ni þótti miður vel af hendi leyst, en Þorlákur dró seinni nefndinni svo lengi, að hana varð aðra til þess, fyrir 5 rd., þá urðu honum eigi ávísaðir nema þeir 8 rd., og finnum vér enga ástæðu til að víkja frá þessu né bregða því.

J. Guðm. S. Melsteð. C. O. Robb. H. St. Johnsen. Gudm. Þórðars.

No 12

Álitsmál (á umkvört-un verslun-arstjóra Th. Stephensens 10/12 62 yfir vagnsleigu á grjótvagni bæjarins) 13. Dec. 62

Hins vegar viðvíkjandi umkvörtun kom til umræðu og úrgreiðslu á fundi bæjar fulltrúanna í dag, og verðum vér fyrst að athuga það og bera af oss að engi vor fulltrúanna, hefir synjað [illegible] um að hann gæti fengið grjótvagn bæjarins á leigu hvorki um lengri eða skemmri tíma af því hann nefndi það ekki við neinn okkar fyrri eptir það búið var að afráða á fundi 5. þ. mán. að ljá Sverri steinhöggv-ara, Runólfssyni, vagninn fyrir ákveðna leigu til Marz loka þ. á., samkvæmt þaraðlútandi skriflegri beiðni hans 4. þ. mán. gegn því að hann ábyrgðist vagninn að öllu, og skilaði honum jafngóðum og óskemmdum eins og þá er hann við honum tók. — Virtist oss auðsætt, að þegar með þessum skilyrðum byðist leiga svo mikil að eins um 4 vetrar-mánuðina, og þegar einmitt liggja engi bæjarverk fyrir, ~~einsog einatt hefir~~ hafst uppúr bótum vögnum bæjarins gjörvallt árið, og það með því að ófinlega hefir lent á bæjarsjóði að endrbæta bilun og skemmdir, þá væri það fráleitt ~~að~~ bæði að synja þeim um leiguna er

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

slíkt kjör bjóða, og að setja af bæjarsjóðnum vissa
leigu fyrir þessa daglaunamenn þeirra er ef til vill
kynni að gefa sig fram; og eins virðist þess að
bæjarfulltrúarnir hljóti að eiga fullan rétt á
því að afráða þess leiðis leigu samninga um
ekkert ~~ygum~~ bæjarins og önnur þess leiðis á-
-höld, við þann sem fyrstur falar og þegar það
kemur eigi í bága við þarfir bæjarins sjálfs og
þau verk er hann þarf að láta vinna.

Af þessum ástæðum verður oss að fram-
-anskrifaðri umkvörtun, [er ekki álítum] verði ekki tekin til
greina. J. G. S. Melst. C. O. Robb. M. Jónss. Guðm. Þórðarson

№ 13

Bæði eptir ~~skatan~~ eðli málefnisins, og
samkvæmt þar að lútandi bréfum fulltrúanna
til bæjarfógetans 7. Sept. 1861 og 29. Aug.
þ. árs verður umkvörtun þessari að vísa
~~frá~~ til frekari aðgjörða lögreglustjórnar-
-innar í Reykjavíkur kaupstað.

Á fundi bæjarfulltrúanna, Reykjavík d. [illegible]
Jón Pétursson. J. S. Melst. C. O. Robb. M. Jónsson. Guðm. Þórðarson

Uppsáleiðin um Cá[illegible] kvörtun Guð. br. Gunnarsson 5. Nov. 1862 yfir ásetu fyle eigu í Laxv. bæjarsemanni ~~5. Nov. 62~~ 13. Dec 62

№ 14

Útaf heiðruðum bréfum herra bæjarfógetans 10. þ. mán., öðru til Ólafs hreppstjóra Guð-
-mundssonar í Mýrarhúsum, en öðru til vor,
áhrærandi nýáppsett náttúrra selfarnar-
-herbúa á ~~[illegible]~~ næsta sumri í Kaplaskjóli
ríðið svo á fundi vorum í dag, að með
undirskrifuðum formanni ~~fulltrúanna~~ var
falið að mæta af vorri hendi á fundi þeim
sem er í ráði að kveðja til eða halda, til
þess að semja um þetta mál ef samkomu-
-lagi yrði þar um náð.

Til Bæjarfógetans 13 Dec 62

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Desem=

Til Bæarfógetans 16. desember

Nº 15

Með heiðruðu bréfi 2. þ. mán. hefir herra bæarfógetinn sent fulltrúum bæarins: „áætlun fátækranefndarinnar yfir þarfir fátækrasjóðsins í Reykjavík árið 1863 og er hún

að upphæð — — — — — — 1597rd 48ß

að frádregnum áætluðum tekjum t. a.

1. Vextir af fátækrafé — — — 16rd

2. Óvissar tekjur (t. gjafir, heyfirvalda) 35

3. Fátækratíund — — — — 100 — 151 — „ —

er fátækranefndin segir að verði = 1446rd 48ß

að leggjast til úr bæarsjóði með niðrjöfnun á bæarbúa.

Til frekari upplýsingar við þetta mál hefir herra bæarfógetinn góðfúslega léð oss handrit til fátækrasjóðsreikninganna fyrir þau 3 árin 1859 – 1861 einsog þau nú þjört undirbúin til prentunar og að hinu leitinu hefir bæargjaldkerinn meðundirskrifaðr C. O. Robb látið oss í té ýmsar skýrslur áhrærandi fjárhald fátækramálefnanna þetta ár, sem nú er aðliða.

Málefni þetta hefir því næst verið ýtarlega rætt og yfirvegað á 2 fundum vorum 5. og 13. þ. mán. og þó að vér getum eigi fundið ástæðu né tilefni til að vefengja nauðsyn aðalupphæðarinnar 1597rd, enda þótt hún sé nálægt 250rd meiri en f. á. og rúmum helmingi meiri, heldren hún var árið 1859, þá verðum vér samt, sakir þeirrar siðferðislegu og lagalegu ábyrgðar, er á bæarfulltrúunum hvílir í þeim efnum, sem hér ræðir um, af því þeir hafa fjárveitingarréttinn að lögum í þessu efni, og á þeim lendir einnig bæði skyldan að jafna fé þessu niðr á hina einstöku bæarbúa og ábyrgðin andspænis gjaldþegnunum, af því að óumflýjanleg nauðsyn sé til þess fyrst að áætla og síðan jafna niðr því fé, sem haldið er fram, að þarfir bæarins krefi það og það árið, að leyfa oss fáeinar athugasemdir bæði við þessa áætlun fátækranefndarinnar einkum að því er tekjukaflann snertir og svo við stjórn fátækra efnanna yfir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

höfud eptir því sem reikningarnir undanfarin ár gefa tilefni til.

Af nærstundangengnum 5 ára reikningum bædi hinum aug-
lýstu 1859, 1860 og 1861, virdist audsætt, að „óvissar tekjur“ sé
heldr vantaldar eda upphæd þeirra ráðgjörð minni, en bædi verid hef-
ir og vart er ástæda til að ætla, að verdi minni, heldr en undanfarin
5 ár að medaltali. Óvissar tekjur“ fátækra hafa einkum saman stad-
id af þessum 3 atridum: 1º lögskipad fátækra tillag stiptamtmanns
og biskups; er þeir tiltaka sjálfir samkv. reglug. 17. júlí 1782 5. gr.
og reglug. 8. jan. 1834 10. gr., 2º Fjársektir gjörist lögákvednar eda
eptir sætt eda dómi, 3º uppbodsandvirdi fyrir seldar fátækra-
reitur. Þessar tekjur voru, 1857: 96 rd 2 ß, 1858: 83 rd 78 ß; 1859
(bætr og gjafir 19 rd –, altsvo að líkindum ekkert fátækra útsvar
frá ödruhvoru háyfirvaldinu, er virdist naudsyn að upplýsa hvemar,
fyrir seldar reitur sveitar ómaga 88 rd 84 ß) 107 rd 84 ß; 1860: (26 rd
+ 39 rd 16 ß) 65 rd 16 ß; 1861: bætr og gjafir (og þó ekkert fátækra-
tillag frá stiptamti, og engin tekjugrein útfærd fyrir seldar reitur)
52 rd 48 ß. Að slepptu öllu tilliti til, að gjöf annars háyfirvaldsins
virdist ótalin þau 2 árin 1859 og 1861 og sömuleidis ekkert reiknað
fyrir fátækra reitur í fyrra, þá verdr samt medaltals upphæd
óvissu tekjanna þessi 5 ár eins og þær eru tilfærdar í reikning-
unum – – – – – – – – – – – – – 81 rd
árlega og virdist sídr en ekki ástæda til að ráðgjöra það
minna næstkomandi ár. Nú hefir fátækranefndin ráð-
gjört þessar tekjur í áætlun sinni fyrir 1863 að eins – – 35

og virdast þær því vantaldar að minsta kosti um – – 46 rd

Þér hafið herra bæarfógeti sýnt medundir skrifudum
Jóni Gudmundssyni skuldbindingarskjal til fátækranefnd-
arinnar frá kaupmanni W. Fischer med hverju hann hefir
undirgengizt að láta af hendi allar naudsynjar til fátækra hér
í bænum gegn borgun í peningum í ákvedna gjalddaga og
skyldi hann þá slaka til um 5% afslátt af því, er hann léti
og skildist mér (Jóni Gudmundssyni) eigi betr á herra bæar-
fógetanum, en að nefndin væri búin að ganga að þessum bod-
um Fischers eins og líka virdist sjálfsagt. En hvorki af
áætluninni né þeim upplýsingum, er fátækragjaldker-
inn hefir med deilt oss verdr það séð, að nefndin hafi
tekið þenna afslátt til greina eda að í áætluninni hafi

ff 46

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gengið út frá öðru, en vanalegum með lögum og styrk, er yrði greiddr á vanalegan hátt í matvælum og öðrum nauðsynjum, en þetta væri aptr keypt fyrir niðrjafnað fátækra fé með gangsölu verði án allr afsláttar. Nú virðist þó mega ráðgjöra, að öllum 3/4 hins áætlaða fjár eðr nál. 1200 rd verði varið til þess leiðis kaupa hjá kaupmanni Fischer, ár því samningr er þar um gjörðr, en þarmeð má ætla á, að fátækra sjóðnum græðist framyfir áætlun næsta árs að minsta kosti — — — — — 60

H 46 rd

Hvað sem nú því líðr, hvort nokkuð sveitarútsvar hefir greiðzt fátækrasjóðnum árið 1859 einsog næst er að ráða af þessa árs reikningum, að ekki hafi verið, þá er víst, að nefndin hefir ekkert fátækra tillag áætlað frá stiptamtsembættinu fyrir árin 1861, né 1862, og að það er hvorki tilfært í reikningunum 1861 né greitt gjaldkera fyrir þetta ár. Oss er það öllum kunnugt, að fátækranefndin hafi gjört ítrekaðar tilraunir til þess að ráða máli þessu til lykta, og þó að það hafi ekki tekizt til þessa dags, þá þarf varla að efa, að henni takist það fyrri hluta ársins, sem kemr, en þá eru það tekjur fyrir fátækrasjóðinn, sem hvorki eru ráðgjörðar í næstundangengnum áætlunum né í þessari, er fyrir liggr. — Hins vegar verðr að telja uppá, einsog fátækranefndin hefir sjálf gjört í þessari áætlun, þangað til eindreginn stjórnarúrskurðr losar stiptamtið við hið lögskipaða sveitar fátækra tillag 1861 og 1862, að það fáist handa sjóðnum, en verði svo, þá þarf vart að efa, að það eptir öllum atvikum og kringumstæðum verði haft minna en 15 rd hvort árið eðr fyrir bæði árin í minsta lagi — — — — — — — — — — 30

Þannig virðist áætlun fátækranefndarinnar árið 1863 mega lækka um samtals — — — — 136 rd

eðr með öðrum orðum, að eigi þurfi að taka meira uppí áætlun bæargjaldanna 1863 handa þurfamönnum bæarins og síðan að jafna niðr meira en 1310 rd 48 ß. Og að minsta kosti hljótum vér bæarfulltrúarnir eptir stöðu vorri og skyldu að halda þessu fram af fyrgreindum ástæðum, þangað til fátækranefndin hefir fært nægjanleg rök fyrir hinu gagnstæða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# ver 1862

Vér álítum oss hér að fremsan að hreifa að öðru leiti fáeinum athugasemdum almennum við stjórn fátækra málefnanna og þaraðlútandi fjárgæzlu, eptir því sem reikningar fátækra sjóðsins 1859–61, er vér höfum eigi átt kost á að kynna oss fyrri en nú, virðast að gefa tilefni til og eru það einkanlega 2 atriði er oss virðist, að ekki megi láta alveg óhreift af vorri hálfu.

A. Um byrjun ársins 1859 átti fátækrasjóðurinn auk útistandandi skulda og bæar í Sandagerði samtals — — — 43 rd 71,

| | |
|---|---|
| arðberandi innstæðu — — — — — | 1000 – " |
| af lánsfé í bæarsjóði sem var endrborgað 1859 og 1860 | 100 – " |
| í sjóði hjá gjaldkera í ávísun og peningum — — | 145 – 65 |
| samtals | 1245 – 65 |
| Eptir reikningshandritinu 1861 er ekki aðeins af þessari innstæðu eptir einir — — | 450 – " |
| og hafa þannig gengið til þurðar — — | 795 – 65 |
| af innstæðunni, sem sjóðurinn átti um árslok 1858, heldur segir hinn síðasti reikningur 1861 að sjóðurinn sé í skuld við gjaldkerann um | 230 – 91 |
| og á þannig að hafa eyðt árin 1859, 1860 og 1861 og þó að mest öllu leiti 2 síðustu árin — — — — — — | 1026 – 60 |
| að því frádregnu, sem útistandandi skuldir sjóðsins hafa aukizt þessi sömu 3 ár, en þær við árslok 1861 voru orðnar 847 rd – 25, auk útskrifaðra ófáanlegra skulda — — 62 – 6 = 909–31, en voru við ársbyrjun 1859 aðeins 392 – 7 | 517 – 24 |
| Og er þá eigi annað að sjá, en að stjórn fátækra málefnanna hafi umfram farin ár og það að mestu leiti þau 2 ár 1860 og 1861 yfirstigið áætlanir sjálfra sín um nál. | 509 – 36 |

og það þó eigi litlum mun meira en minna, af því bæði fátækra tíundin og óvissu tekjurnar eru í áætlunum beggja áranna ráðgjörðar talsvert <u>minni</u> heldur en þær koma fram í sjálfum reikningunum. Auðvitað er að vísu, að það verðr hverri nefnd óvinnanda að einskorða svo niðr áætlunina til fátækra þarfa hér í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hér í bænum, að eigi verði heldur van en of, þegar svona fjölga þurfamennirnir árlega og fiskileysi og aðrir erfiðleikar þrengja að, en það mun vera álitin ófrávíkjanleg grundvallarregla, hvar um lönd, sem er og í hverri stjórn æðri sem lægri, þar sem fjárútlátin eða útgjöldin öll eru á áætlunum byggð að lögum, að öll fjárgæzlan hljóti að vera við þá áætlun bundin yfir höfuð að tala og sjái þeir sú stjórn, sem á hlut að máli, fram á það, að sakir ófyrirsjáanlegra atvika, er að beri eptir ~~það~~ gjörða áætlun og samþykkta, að hún ætli ekki að hrökkva til útgjaldanna, þá fer hún á leit auka fjárveitingar, þegar fram á áætlunarárið kemur, og færir rök fyrir nauðsyn hennar, og mun þess þá aldrei synjað, þegar fullnauðsyn er fyrir. Það er auðsætt af fátækrareikningunum 1860 og 1861, að áætlanirnar eru mestmegnis yfirstignar í því atriði, er áhrærir styrk til óvissra þurfamanna, því í þeirri grein hefir verið yfir þær gengið meira en til helminga, hvort árið fyrir sig. En þegar þess er gætt, að þeim útgjöldum koma hér svo að segja eingöngu fyrir um vetrarmánuðina fram að vertíð eða fram á haust miðja, þá sýnist fátækranefndinni mega vera fært, að vera búinn að fá fast yfirlit yfir óumflýjanlegan útgjalda styrk til óvissra þurfamanna um febrúarlok eða öndverðan marts ár hvert, og sjái hún þá fram á, að talsvert ætli að bresta á hið áætlaða fé í þessari grein eða annari, þá er það sá eini og rétti vegur að leita ~~fjár~~ aukafjárveitingar, eptir því sem þarf í gegnum bæjarstjórnina og amtið, áður en niðrjöfnun bæjargjaldanna fer fram á vorin, eða og leita fyrirfram samþykkis beggja til þess að mega í þennan svipinn grípa til innstæðu sjóðsins í bráð eða lengd. En til hins, sem hér hefir orðið, virðist nefndin eigi að hafa næga lagaheimild og það ekki koma heim við almennt viðteknar og gildandi reglur í þeim efnum og vera næsta viðsjált að öllum afleiðingum til; og verðum vér að voru leyti eindregið að fela herra bæjarfógeta tilsjón með, að það eigi sér ekki stað framvegis.

B. Í bréfi bæjarfulltrúanna 3. des. f. á. eru teknar fram ýmsar athugasemdir áhrærandi lánsfé sjóðsins, er útistendur hjá öðrum hér og hvar. Um leið og vér vonum, að fátækranefndin og þér herra bæjarfógeti viljið góðfúslega taka þær til sem bezta greina, verðum vér að vekja athuga að því, eptir þar að lútandi upplýsingum, er fátækragjaldkerinn hefir látið oss í té, að af fyrnefndu lánsfé sjóðsins,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## ber 1862

er stóð úti um árslok 1861 — — — — — — — — — — 847 rd 25,
eru greiddir þetta ár einir — — — — — — — — — — 127 – 80
= 719 – 31
en aptr lánað af nýju þetta ár nál. 406 rd að frádregn-
um aptr borguð 37 rd 16, — — — — — — — — — 368 – 78

Og á þá sjóðurinn nú að eiga útistandandi í lánsfé, sem engi leiga geldst af — — — — — 1088 – 13
sem eptir því hefir aukizt þetta yfirstandandi ár um nál. — — — — — — — — — — 241 – ,,

Það má þó vera í augum uppi, að ekki má vita hvar lendir, ef þessi grein útgjaldanna skal svona aukast og vaxa ár frá ári og ef ekki verðr komið svo ár sinni fyrir borð með eindregnari eptirgangsmunum, að ná svo inn hinum eldri skuldum, að einhver sanngjörnleg upphæð þarra, nægi eptir því sem og kringumstæðum vera í veltunni til að standast þess leiðis útlán, t. d., frá 400 – 600 rd., en eigi, að til þess þurfi að verja ár frá ári æ meiru og meiru af arðberandi innstæðu sjóðsins, sem nú er þaraðauki þrotin að mestu, eða yfirstiga að öðrum kosti áætlanirnar. Vér fulltreystum því, að bæði þér herra bæarfógeti og öll nefndin sjái glögglega þau vandræði; sem það getr haft í för með sér, ef hinu sama fer fram og lánin aukast svona ár frá ári án þess samsvarandi líkning eldri skuldanna sé samfara, og að eigi dugi annað, þegar hið gagnstæða nú má þykja að fullu fullreynt, en að leita úrskurðar og tilhlutunar sjálfrar lögstjórnarinnar um þær skuldir, er aðrar sveitir standa í við fátækrasjóðinn, og hafa staðið árum saman.

Finis 1862

# Janúar 1863

Til Bæarfógetans 20. Jan.

Nr 16.

Á fundi vor bæarfulltrúanna í dag, sem að er fyrsti fundr vor á þessu ári, var með atkvæða fjölda kjörinn til formanns fulltrúanna 1863: Eg undirskrifaðr, og til vara formanns: Docent Sigurðr Melsteð, - hvað eg hér með tilkynni herra bæarfógetanum samkvæmt fundarbók ~~vorr~~ fulltrúanna

Til Sama s.D.

Nr 17

Á fundi vor bæarfulltrúanna í dag var nú þeirra atkv. með atkvæða fjölda kosinn í fátækranefnd-ina hér í Staðnum, í stað kaupmanns C. Robbs er lagði niðr fulltrúa störf sín með síðasta árs lokum, - herra yfirdómari Jón Pjetursson

Samkvæmt bréfi herra bæarfógetans 13. þ. mán. og þótt sam legri undanþágu dannebrogsmanns Skapta Skaptasonar undan því að halda lengr áfram störfum sínum sem meðlimr fátækranefndarinnar, hver störf hann ~~hefir~~ hafi hafa á hendi um samfleytt 11 ár næstliðin, kom bæarfulltrúunum ásamt, á þessum sama fundi, að kveðja í ~~to~~ nefnd-ina í hans stað, tómthúsmann Jón Arnason í Stöðlakoti, og hafa fulltrúarnir ritað hónum þar að lútandi köllunar bréf dags. í dag

Til Tómthúsmanns herra Jóns Arnasonar í Stöðlakoti s.D.

Nr 18

Samkvæmt ~~heimild þeirri~~ fyrir mælum 18. gr. í bæarstjórnar-reglugjörðinni 27. Nóvb. 1846, kveðjum vér undirskrifaðir nú verandi bæarfulltrúar Reykjavíkr kaupstaðar, hérmeð og til segjum yðr herra ~~tómthús~~ herra Jón Arnason tómthúsmaðr í Stöðlakoti, að þér gjörizt meðlimr fátækranefndarinnar hér í Staðnum (í stað dannebrogs manns Skapta Skaptasonar er nú hefir lagt niðr þann starfa sinn) og ber yðr því að sækja fundi nefndarinnar héðan í frá hvenær sem formaðr hennar [illegible] yðr til fundar, og takast á hendr þau nefndar störf sem [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Februar 1863

nefndarinnar ~~menn yðar~~ felið yðr á hendr eptir nákvæm-
-ara samkomulagi við sjálfan yðr.

Til Bæjarfógetans 19. Febr.

## No 19.

Með heiðruðu bréfi 4ða þ. mán. hafið þér herra bæjarfógeti, sent oss eptirrit af kafla úr eptirstöðvalista bæjargjaldkerans fyrir árið 1862, við bæjarsjóðs reikninginn, innihaldandi vanskil þær ~~til~~ nefndra manna til bæjarsjóðs á „umsömdum gjöldum", ~~sem partur eptir~~ þ. e. part á hvert árlegt eptir gjald, sumpart eptir fyrri lóðarviðauka við hina upprunalegu tomthúsalóð eða lóð býlis þess sem um er að ræða, sumpart eptir 2 kálgarða í Melshúsabrekkunni, upprunalega úthlutaða úr „túnum bæjarins, og sem þar tilkallaðs afgjald eptir túni. — Hefir herra bæjarfógetinn jafnframt skorað á oss að taka til yfirvegunar hvað í þessu efni skal fyrir taka.

Eptir það að vér höfðum ítarlega rætt þetta mál með oss á fundi í fyrradag, varð það sameiginlegt álit vort, að fela yðr, herra bæjarfóg. og biðja yðr, ~~að~~ afráða sem fyrst eindregnar ráðstafanir og gjöra allt sem gjört gæti til þess að ná inn í bæjarsjóð hinum umsömdu ~~gjöl~~ skuldum frá hlutaðeigendum í tæka tíð eða áðr en fjárnáms fyrning er á þær fallin að lögum. Og ef það skyldi hepnast, að heimfæra þessi „umsömdu" gjöld undir hina almennu grundvallarreglu í opb. br. 2. apr 1841, 1. gr. þá virðist oss samt, að nákvæmlega ~~verði~~ beri að yfirvega, hvort þau megi ekki heimfæra undir opb. br. 21. Mai 1829 og taka svo fjárnámi, sjálfkrafa innan þess ~~frá-vanna~~ frests sem þetta lagaboð ákveðr og ~~að sjálfkrafa~~ að viðhöfðum öllum þeim reglum sem þar eru ~~þetta lagaboð~~ fyrir skrifaðar. Vér verðum að minnsta kosti að telja víst, að svo framt Stiptamtið finnr ekki yfirgnæfandi ástæður til að ~~fyrirvarð undan að~~ afsegja bæjarstjórn-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Februar 1863

að rita fjárnáms skipan sína fyrir þessari grein bæargjaldanna, á skuldalista hann þar-yfir, ~~með~~ heimt skýrskotun til op. br. 21. Mai 1829, ~~og~~ þá snegi einnig þessi gjöld á hekkað taka fjárnámi, og að greið-endr munder sett ~~gjöra~~ vissu taka sjálfum sér þann óleik og kostnaðarauka að höfða mál á sinn kostnað útaf því fjárnámi, samboðið 2. gr. lagaboðsins, ~~þegar~~ af þeim ef þeir ~~hefir engum~~ geti ekki ~~hafst neinn~~ að öðru leyti beitt neinum forréttindum lagaren gjungum ~~út beita~~.

Að því er sérstaklega áhrærir ólokið eptirgjald Einars ~~smiðara~~ Einarssonar smiðara eptir túnvelli það sem hann hefir fengið til eignar gegn fast á kveðnu gjaldi í bæarsjóð, þá ~~er~~ virðist að virtu, [illegible] hæfast að láta þessa 17 rdl. 21 sk. skuld standa ólegi lengr án frekari fullnaðar hjá svo bláfátækum manni, er sjálfr hefir ekkert að láta þótt fjárnáms aðför sé við hann beitt, en vitanlegt, að húsmóðir hans nýtr og hefir notið alls afraksturs af þeim túninu sem hann varð hvort-bjóðandi að. Oss virðist því tvíkanda til yfirvegunar ~~við~~ þessa skuld, og þess viljum vér mega biðja yðr, herra bæarfógeti, hvort eigi mundi nauðsynlegt ~~að~~ annaðhvort að leggja sem fyrst lögtald á þaðan tugfórda ~~af~~ téðum túnvöllum sem enn er óeyddr í vörzlum þessa leiguliðans og húsmóður hans, eða að vinna hann til, til bókar fyrir þóli bæjarrétti, að veðsetja bænum næsta árs afrakstr af túninu bæði fyrir áföllnum afgjaldaskuldum og þeim sem á falla hið ~~næsta~~ þetta ár, sem yfir stendr, ef hann eigi hefir greitt hvorttveggja fyrir næstu vetrnætr ~~þ. ár~~.

Að endingu skal þess getið, að vér vitum eigi betr en að Justizráð Dr Hjaltalín sé nú búinn að greiða sína skuld fyrir 1862, 6 rd 87 sk í bæarsjóð.

## № 20

Til Bæarfóget. um 19. Febr

Eptir því sem upp lýstist á áætlunar fundum bæar-stjórnarinnar um árslokin, er leigutími ekkju söðlasmiðs Torfa sál. Steinssonar á hinum gamla kirkjugarði hér í bænum ~~út~~ á enda í næstu vor-dögum, og hefir þarað leitt að vér höfum fund-ið oss skylt að taka til yfirvegunar og umræðu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hverja ákvörðun skyldi gjöra um þetta lóðarstykki
bæarins framvegis, hvort heldr selja það fram nú
þegar til húsabygginga handa þeim sem óska
kynni, eptir því sem ráð gjört er að verða muni
á sínum tíma má gjört byggingarnefndarinnar
eptir undangengnu fyrirlagi Amtsins, 9. Febr 1848,
eðr fresta um þessari fyrirætlan um nokkurn
tíma og selja ~~hann~~ kyrkjugarðinn þenna heldr á leigu gegn árlegu
eptirgjaldi, í sama ástandi sem hann er nú
og til sömu afnota eins og hæft hafa verið af
honum næstliðin 12 ár. ~~nefnilega til ræktunar og slægna~~

Þegar þetta málefni var rætt á fundi vorum í
fyrradag, urðum vér að vera einhuga á því máli,
að ekki væri gjörandi, en sem komið væri að
selja þenna eldri – ~~og fyrr legstað~~ grafstað dómkirkjusafn-
-aðarins, ~~þar~~ nú þegar fram til byggingar og
húsastæðis, þar sem ~~hann~~ ekki eru nema ein
23 ár síðan hann var lagðr niðr, og því fjöldi
nú lifandi manna á bezta aldri einmitt sökum
er eiga þar grafna foreldra sína og aðra vanda-
-menn, og mundu þeir finna það of særandi fyrir
sig og of nærgaungult minningu hinna fram-
-liðnu, ef farið væri að umróta legstöðum
þeirra nú þegar, einkum að nauðsynjalausu.
Byggingarnefndar gjörðin 1848, ákveðr heldr
ekki neitt um það að hér skuli hefja húsa-
-byggingar að svo komnu.

Oss virðist því tiltækilegast í öllu tilliti
að selja lóð þessa á leigu til sömu afnota
nefnilega sem slægnaland, um næstkomandi
10 ár fyrst um sinn, frá þ. árs vordögum,
og að það verði gjört á uppboðsþingi.

En áðr en þaraðlútandi uppboðsskilmálar
verði samdir ~~settir~~ ákveðnir einkanlega áhrærandi
girðingar lóðarinnar, virðist nauðsynlegt að
það komist í kring, ~~að hve~~ hvort eða að hve miklu
leyti hinn nú frá þavarandi leigutaki etatsráð
M. Stephensen álítr sig skuldbundinn til eða
~~hin~~ hinni verði að öðru leyti álitið skylt að skila

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Februarius 1863

~~gir~~ kirkjugardinum med girdíngunum, umhverf-
-is hann allan, „i forsvaranlegu standi," eins
og ~~segir í~~ manni hennar virdist hafa verid gjört
ad skyldu med uppbodsskilmálum þeim eptir hver
jum hann tók gardinn á leigu vorid 1850, eda
þad verdi álitid, ad þetta geti ad eins nád til gird
-ínganna ad vestan og sunnan verdu, en aptur
ad nálægt lódar eigandi ad nordan verdu, sem er
lands prentsmidjan, og bóndi ad því leyti á hverr
kálgard þann sem er eign hans austraf prentsmid
-jugardinum, - og ~~sömuleidis~~ ad austan verdu,
sem er Apotheki, annadhvort vinnist til þess
góðmótlega, eda verdi sjálfskyldadir til þess
ad vidhalda og endrbæta girdíngar þær sem
greina lódir þeirra eigna frá gamla-kirkju
-gardinum, - ef Madme Steinsen, einsog ~~ef til~~ adlíð
indum má rádgjöra, finnur sér eigi skylt eda
álítist ekki ad verda skyldud til þess ad skila
af sér þeirrum hluta girdínganna „i forsvaran-
-legu standi." - Ad því er á hvorir ⁿgirdíngar ⁱ ᵐⁱˡˡⁱ hins
umimsta kálgards bóndans ~~milli hans~~ og kirkju
gardsins þá viljum vér ad voru leyti ekki halda
því til streitu ad þeim sé ekki vidhaldid á kostn-
-ad bóndasjóds, ef frá farandi leiguliði vill ekki
fúslega undirgángast ad skila þeim nú í full-
-gildu lagi.

Þetta veldum vér mega fela herra bæjarfóg
etanum ad koma skýr fyrst í kríng med því ad
skrifast á um þad vid bæ. um frá farandi leigu og hlutadeigandi lódar
eigendr svo ad, utfrá leis hverja vissu og fast
-ákvedin megi ganga í uppbodsskilmálunum um skyldu hins nýja
leiguliða á vidhaldi þeirra, og hve lángt ad
sú skylda hans verdi látin ná. -

Ad ödru leyti virdist oss, ad einsog Madme
M. Steinsen, er hún nú skelar, aptur gardinum
~~gar~~ etti eptir afgengnu úttektar gjörd þartil
kvaddra manna ad afhenda girdíngarnar ad því
henni getr gjörzt ad á kyrgast eptir ad sign

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Februar 1863.

annaðhvort í því ásigkomulagi er nú gjörð álíti „forsvaranlegt“ eða með því ofanálagi sem þá yrði gjört á það, eins ætti og með þessum uppboðs skilmálum að skylda hinn nýja leigulið til hins sama, nefnilega að halda bæði við girðingunum og svara þeim að endaðum leigutíma í fullgildu ástandi og forsvaranlega eða með ofanálagi og sömuleiðis halda gras-blettinum við í góðri rækt og með nógum áburði og skila hvorutveggju af sér eptir reglulegri úttektargjörð. Enn fremur, að hina árlegu leigu skuli greiða í bæjarsjóð fyrir lok hvers árs, og að hætta það sé komið undir samþykki bæjarstjórnarinnar.

No 21

Til Óðalsbónda Magnúsar Jónssonar í Bráðræði. 19. Febr

Frá því er útgreiðsla alþingistollsins var lögleidd hér á landi af afgjöldum fasteignanna, hefir það verið siður hér í Reykjavík, að formaður bæjarfull-trúanna hefir samið skýrslu til æðri yfirvalda um afgjöld þeirra fasteigna innan umdæmis kaup-staðarins, sem eru háðar alþingistolls greiðslu að lögum.

Af því þér urðuð frá næstl. fardögum eigandi allrar Selseignar-innar, sem áður var kirkjueign og undan þegin greiðslu á alþingistolli áður en svo stóð, sé eg eigi betur en að eign þessi hljóti nú að bera þetta gjald frá þeim tíma hún varð eign einstaks manns og framvegis, og að eg verði því að tala eign þessa inn á skrá mína yfir árið 1862 meðal þeirra annara fasteigna innan Reykjavíkur umdæmis sem ~~eigna~~ alþingistollinum bera; þó mun eg geta þess að af því þér áttuð ekki jörðina nema síðara misserið hins liðna árs, þá getið þér eigi gjört að greiða alþingistoll nema af helmingi alls árs afgjalds eða afraksturs þessarar eignar fyrir ~~hið~~ ~~liðna~~ árið sem næstleið.

En af því mér er næsta óljóst og ókunnugt um þann leigumála sem nú er á grasbýlunum á Seli: Stóra Seli eða gamla Seli Litla Seli og Bráð-ræði, og eins um það, hve margir nú eru tómthús-[illegible] og með hverri upphæð þeirra sé árgjöld

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

árlega, ~~þa~~ og í hverjum skilegri, hver þeirra á að gjalda fyrir sig, þá vil eg mega biðja yður gjöra svo vel að gefa mér sem fyrst skýrslu um allt þetta, svo að eg geti komist hjá að fá óviðkomandi menn kvadda af yfirvaldi til að meta það, og sömuleiðis að þér vilduð láta uppi við mig skýrskotun yðar um sanngjarnlegt afgjald af þeim hluta eignarinnar þ.e. af hjáleigunni Bræðraborg er þér hafið sjálfir til ábúðar, sem eigandi; eða ef þér kysi heldur að semja við mig sérstaklega um þetta atriði þá er mér það líka kærkomið að svo sé gjört.

## No 22

Til Bæarfógetans 19 Febr.

Það hefir farist fyrir þar til nú, að tjá yður herra bæarfógeti að ~~bæarf~~ Guðm. Þórðarson á Hólunum hefir tekið að sér umsjón bæarvarðanna þenna mánuð sem yfir stendr.

## No 23

Til Bæarfógetans 5. Marz.

Hérmeð fylgjandi bréf 14. f. mán. hefir dómkirkjuprestrinn herra prófastr Ó. Pálsson beinlínis sent oss fulltrúunum til álita, og ~~fer~~ hann sér þar til efni af hinni gjörða og staðfesta áætluninni yfir útgjöld Reykjavíkur kaupstaðar árið 1863, þar sem að eins sé áætlað til útgjalda tíund til dómkirkjuprestsins af útsvörum kaupstaðarins 23.74 al: 1 rd 68 β, til þess að fara því fram og mælast til, ~~að bæarstjórnin gjöri ráðstöfun fyrir~~, að bæarstjórnin, ~~bæði fyrir yfirstandandi ár og framvegis~~, gjöri ráðstöfun fyrir, að dómkirkjuprestrinn, bæði fyrir yfirstandandi ár og framvegis fái borgaða úr bæarsjóði á réttum gjalddaga tíund af samtals 141.05 al. úr jörðinni Reykjavík, eptir því sem hún er metin í jarðabókinni 1861. Byggir herra dómkirkjuprestrinn þessa kröfu sína á Rentekammer bréfi 4. Mai 1833.

Vér höfum tekið mál þetta til nákvæmrar yfirvegunar og rætt það rækilega á 2 fundum vorum 17. f. mán. og í gær, og varð sameiginlegt álit vort

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Marts 1863

á þá leið sem nú skal greina.

hefir jafnframt verið brýn nauðsyn á kaupstað þar innan héraðs sem hann er löggiltr, sakir fjarska fjarlægðar frá næsta kaupstað og erfiðleikanna og kostnaðarins fyrir fjölbygð og víðlend héruð að sækja þangað, eins og er um Dyrhóla (Portland), Papafjarðarós, Raufarhöfn og Straumfjörð og einnig Borðeyri að nokkru leyti. En þarsem það virðist staðfest, útaf þessu, í bænarskránni frá alþingi, að í hverju því bygðarlagi með fáeinum búendum, eða fátækri og fámennri veiðistöðu, þarsem það mætti verða til hægðarauka í verzlun og aðdráttum, ef kaupstaðrinn væri nær, þar sé bæði knýjandi nauðsyn, til að löggilda og reisa kauptún, og einnig sjálfsagt eptir þeim viðteknum reglum stjórnarinnar í verzlunarmálum vorum, þá eru þessar aðgjörðir stjórnarinnar og hinn auðljóslega rétti og góði tilgangr hennar, sem þar kemr fram að vísu mjög svo misskilinn og afvegafærðr; og ef sú ætti að verða niðrstaðan, sem alþing fer framá, að löggilda kauptún, hvarsem nauðsynlegt þækti, og þó að það yrði hinum eldri kaupstöðum að tjóni, þá væri þarmeð umhverft allri réttri og vanalegri hugmynd um verzlun og kaupstaði og loku skotið fyrir, að hér komist upp á landinu eða geti þrifizt neitt það kauptún, sem kaupstaðr yrði nefndr í almennum og vanalegum skilningi. Það er að vísu nægt ógæfuefni fyrir hið fátæka land vort, að víðátta þess og önnur afstaða, virðist að hafa réttlætt eða gjört nauðsyn legan þenna mikla kaupstaðafjölda, því þeir mega kallast óheilla fjöldi í sambandi við mannfjölda, vöruafla og aðalupphæð þess, sem að kaupum og sölum gengr í verzlun vorri. Kauptúnanefnur þessar eru nú orðnar 33 talsins alls og alls, eða með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

öðrum orðum eitt kauptún, sem kallað er, fyrir
hverjar 2000 sálna í landinu. En á 5 af stöðum
þessum (þ. e. við Dyrhóla, Papafjarðarós, á Sauðár-
krók, Skeljavík og Straumfirði) hefir aldrei orðið úr
því að byggja neina sölubúð; á öðrum 5 kauptún-
unum (Flatey, Flateyri við Önundarfjörð, Grund-
arfjörðr, Patreksfjörðr og Reykjarfjörðr) hefir nú
um nokkur ár engin búðar- eðr landverzlun
verið hvorki vetr né sumar, en af hinum 23
kauptúnunum, eru ekki nema <u>einar</u> verzlunar-
búðir eða ein kauphöndlun á 13 – 2 – 3 kaup-
mannabúðir kaupmanna búðir á 7 stöðunum,
en ekki nema í einum 3 kaupstöðum fleiri verzl-
anir fastra kaupmanna en 3.

Þetta yfirlit mun færa sönnur á, að þó
að stjórn konúngsins mannúðlega hafi látið
það að óskum ýmsra héraða og uppástúngum
alþingis að löggilda ný kauptún hér og hvar, til
þess að reyna að bæta úr þeim erfiðleikum, sem
á því eru, fyrir sumum innbúunum, að gjöra
sér kaupstaðarverzlunina svo hæga og ábata-
sama, sem framast mætti verða, þá hafa að vísu
bæði landsmenn vorir fremr stigið feti lengra
en skemr í þeim kvörtunum sínum og kröf-
um um fjölgun kauptúnanna, og eins stjórnin
í því að gefa svo góða áheyrn öllum þarað lútandi
bænarskrám alþingis. Því hið sanna ásigkomu-
lag verzlunarstaðanna hér á landi, eins og því
nú var lýst satt og rétt, mun þó nægja til að
færa sönnur á, að kauptún þau, sem nú er bú-
ið að löggilda eru meir en nógu mörg að tölunni
og getr vart orðið umtalsmál að geta vísað á
aðra nýja staði, er í einu né neinu tilliti mundu
vera með haganlegri afstöðu og þó jafnframt
brúkanlegri höfn, heldren þau kauptúnin,
sem þegar er búið að löggilda, svo að þess-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leiðs nýir staðir yrði takandi framyfir hina eldri. En ef því skyldi haldið áfram að löggilda takmarkalaust og stefnulaust sem flest ný kauptún, einsog virðist vera haldið fram í bænarskrá alþingis, þá gæti það eigi til annars leitt eptir áðr sögðu, heldren til eptirlitslausrar og reglulausrar lausakaupmanna verzlunar á sumrin, svoað segja inn á hverri vík og hverjum firði, en það mundi þó reynast fráleitara, en svo, að þarum þurfi orðum að eyða; því ef vel og rétt er aðgáð, mundi svo almenn lausakaupaverzlun í hverri krá hafa í för með sér ýmsar verulega ískyggilegar afleiðingar, en þó engan annan né meiri léttir eða viðskipta-hagnað fyrir hlutaðeigandi héraðsbúa, heldr en þann hagnað, sem heimilaðr er, og gjörðr kostr á með opn. br. 19. Maí 1854.

En nú er þarnæst að snúa máli ínu að Lambhússunds kauptúns efninu, sem beðið er um við Lambhússund, og er því í raun réttri svo varið, að Skipaskaga, sem er utasti oddi Akranessins, má að vísu telja 3ja eðr 4ða helzta veiðistöðuna hér innan Faxaflóa að austanverðu, bæði að skipa og bátatölu, er þar er haldið úti og að fiskiafla, eptir því sem hann er hér svona uppogofan; það má jafna Skipaskaga við Álptanes en telja hann jafnvel betri veiðistöðu, en Seltjarnarnes, en á engu af þessum 3 nesjum er vetrarvertíðaraflinn eðr þorskaflinn til jafns við það, sem er á Vatnsleysuströnd, í Vogum, Njarðvíkum og jafnvel Keflavík; svo er og unn lengst verða, að til þessara syðri veiðistaðanna leiti um vetrarvertíðina (þ. e. frá miðjum Febrúar til 12. Maí) eigi aðeins langflestir af hinum einstöku útróðrarmönnum ofanúr sveitunum, heldr einnig sumir sveitabændrnir, er eiga sjálfir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

báta sína og halda þeim út um Vatnsleysuströnd,
í Vogum og Njarðvíkum, en sneyða framhjá
bæði Akranesi og hinum 2 nesjunum þar fyrir
sunnan og er það ekki tiltökumál, þar sem sjávar-
bændurnir á Seltjarnarnesi, og Álptanesi og jafn-
vel einnig af Akranesi einstakir halda sjálfir
úti bátum sínum þar um syðri veiðistöðurn-
ar sjálfa vetrarvertíðina. Allur þorri þorsk-
aflans í austanverðum Faxaflóa hlýtr því
jafnan að berast á land umhverfis og fyrir
sunnan Hafnarfjörð, Keflavík og Reykja-
vík og verðr vart meira, en 16.–20. hlutinn af
þeirri (vetrarvertíðar) afla í Faxaflóa talinn á Akra-
nesi. Í þessu tilliti getr því eigi verið nein sérstakleg
nauðsyn, eðr tilefni til kauptúnsstofnunar á Akranesi
Skipaskaga, því um saltflutning og annan vöruflutn-
ing þaðan og þangað er það að segja, að Akrnesingar
eigafengum verulegum mun lengri sjóleið til Reykja-
víkr, heldren til Vatnsleysustrandar og Vaga nema
eiga hvort heldr til Hafnarfjarðar eða Keflavíkr,
enda eru þess bæði eldri og yngri dæmi, að bátar
hafa farizt og allir mennirnir týnzt á þeirri leið,
eigi síðr en á leiðinni milli Akraness og Reykjavíkr.
Á hinn bóginn verðr það ekki varið, að þar sem þeir
í syðri veiðistöðunum hafa haft salthús hér og hvar
með saltbyrgðum til vetrarvertíðar, um mörg undan-
farin, fyrir tilstuðlun kaupmanna í Hafnarfirði
og Reykjavík, þá hafa Akrnesingar ekkert þess-
leiðis salthús haft fram á þenna dag, og er það
og hefir verið opt bundið tilfinnanlegum kostnaði
og tímaspilli, er Akrnesingar hafa einatt orðið að
brúka arðsama og góða sjósóknardaga í fiski-
gengd, til þess að sækja salt frá Reykjavík; en
úr þessum vankvæðum eiga þeir kost á að bæta,
hvenær sem vera skal, ef þeir sameinaði sig og
gengi í félag, til þess að koma upp einu salt-
húsi eða fleirum, annaðhvort á kostnað
sjálfra sín eingöngu eða með aðstoð Reykja-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Nóvember 1863

víkrkaupmanna eins eða fleiri og mundi það auðsókt við þá; en flutníngrinn á saltinu sjálfu og annari þúngavöru upp á Lambhússund, og aptr á fiskinum þaðan stendr Akrnesíngum opins eptir op. br. 19. Maí 1854.

En eins og af þessu er auðsætt, að ekki verðr löggilding kaupstaðar á Akranesi byggð á verulegri eða sérstaklegri ~~þörf~~ nauðsyn Akrnesínga sakir fiskiafla þeirra, eins mun þó sú nauðsyn reynast enn minni og óverulegri fyrir sveitabændr í Borgarfirði og í hinum austari hreppum Mýrasýslu, því sú nauðsyn er alls eigi teljandi í réttri raun. Auk þess að bændrnir í uppsveitunum Borgarfjarðarsýslu eiga engu lengri né erfiðari kaupstaðarleið til Reykjavíkr, heldren t. d. Árnesíngar eiga þangað eða Rangæíngar til Eyrarbakka, og auk þess, að Borgfirðíngar eiga svo hægt með að stytta sér leiðina, með því að fara út á Akranes og þaðan sjóleiðis til Reykjavíkr og svo uppyfir aptr, þá hefir þeim núorðin mörg ár orðið flutníngrinn á allri þúngavöru fram og aptr svo einkar léttbær fyrir vöruflutnínga Reykjavíkrkaupmanna á þilja skipunum, ekki aðeins uppí Akranes, heldr upp á Brákarpoll innst í Borgarfjarðar botni, svo að sveitabændr í norðrhluta Borgarfjarðar og Mýrasýslu hafa ekki þurft að flytja þúnga vöru sína á landi, nema frá 1/4 – 1/2 dagleiðar; en ef kaupstefnuna yrði að sækja út að Lambhússundi, þá yrði allr þorri sveitabændanna þ. e. þeir sem eru fyrir ofan Skarðsheiði að verja 2–4 dagleiðum fram og aptr til vöruflutnínga þangað og þaðan og annara ferða, en aptr þeir fyrir sunnan Skarðsheiði 1–2 dagleiðum og sumir meira. —

Af því sem nú var sagt, mun verða ljóst, að hér er engi sú knýjandi nauðsyn fyrir höndum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er á nokkurn hátt mundi geta helgað eða réttlætt
löggildingu verzlunarstaðar á Akranesi. En þaraðauki
er þarvið vel athugavert, að þóað höfninni þarna
við Lambhússund sé svo lýst í bónarskránni
frá alþingi, að hún sé einkar góð og óhult, þá
má víst draga mikinn efa á, að svo sé, því lýsíngin
á hvorki að styðjast við reynslu né við skoðunargjörð eða mælingargjörð þeirra manna, sem á það
bera gott skyn, yfir þessa nýju og óþektu, svonefndu
höfn. Hin fagra lýsing bónarskrárinnar er einúngis byggð á sögusögnum beiðendanna og á því, sem
þingmaðr þeirra hefir um það staðhæft. Og víst
er hvergi nærri ástæðulaust að vefengja öggjandi
áreiðanlegleik bónarskrárinnar um þetta atriði,
því ekki verðr það hrakið, að þegar Borgfirðíngar,
er þeir höfðu hinn ágæta þingmann sinn Hannes
prófast Stephensen fyrir forvígismann, — en hann
var sjálfr búsettr prestr þar á Akranesi — leituðu
á að fá þar kaupstað eða uppsiglíngar leyfi þangað á árunum 1847—1855 og rituðu um það
bónarskrár aptr og aptr að nokkru leyti alþingisveginn, en á þeim árum mælti margfalt meira
og fleira með kauptúnsstofnun á Akranesi, af
því verzlunin var þá ekki orðin frjáls og hið almenna flutníngaleyfi óveitt eins uppá Brákarpoll
eins og inná aðra víkr og firði —, þá var aldrei
um það leyti nefnd á nafn þessi ágæta(!) höfn við
Lambhússund, heldr eingöngu haldið fram Krossvík, sem þó er ekki nema opin og lítilfjörleg skipalega, til þess að liggja þar fyrir akkerum í viðlögum sbr. op. br. 11 Mai 1847, 17. Mai 1854 og 4. Marts 1853.
Og virðist þarhjá mega vekja athygli að því, að bónarskráin, sem kom til þingsins úr Mýrasýslu
með ~~at~~ 59 nöfnum og þar á meðal sýslumanns og prófasts
og 2 presta og (2?) hreppstjóra biðja um kauptún að <u>Krossvík</u> en ekki við Lambhússund, „<u>af því þeim hafi verið
það nafn kunnugra</u>", það liggr því næst að álíta, að þeir hafi
ekki þekkt eða vitað neitt um það, sem þeir voru að
biðja um.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# November 1863

Nú ef leiða skyldi ályktun frá því, hvernig hinum öðrum kauptúnum, sem löggilt hafa verið á seinni árum hefir reitt af, þá liggr að vísu næst að ætla á, að engi kaupmaðr muni flana að því, að reisa verzlunarbúðir við Lambhússund, þó að aldrei nema hefðist fram kauptúns löggilding, því þarsem staðir er hafa hina ágætustu afstöðu til verzlunar, einsog er um Borðeyri, ekki hefir getað laðað neinn kaupmann til þess að taka sér þar fast aðsetr, og má að miklu leyti hið sama segja um Sauðárkrók, þá eru reyndar mjög lítil líkindi til þess að nokkur af hinum staðbetri kaupmönnum vili tefla á tvær hættur með að reisa sölubúðir við Lambhússund, því sá kaupmaðr mætti þó renna grun í það, að nágranninn Reykjavík, þarsem nú eru 13 verzlanir, mundi hafa tök á að viðhalda hinum vanalegu verzlunarviðskiptum við Borgfirðinga beggjamegin Hvítár, er einkanlega mundi eiga að sjá sér meiri hag af því að verzla á Akranesi, og mundi Reykvíkingum mega takast það, bæði með því að viðhalda stöðugum og fjörugum flutningum á þungavörunni uppá Brákarpoll og Straumfjörð, og svo á annan hátt, er mætti verða þeim sveitarbúum til meira en helmings hagðarauka með landflutningana á þeim vörum, hjá því, ef þeir ætti að sækja þær til Lambhússunds eða flytja þaðan. — Ef að nú þetta yrði því til fyrirstöðu, einsog að líkindum ræðr, þó að þar yrði löggilt kauptún, eða á meðan engi kaupmaðr tæki þar bólfestu, þá gæti að vísu blá og ber löggilding þessa kauptúns ekki orðið Reykjavík til meins eða eðlilegum framförum hennar til fyrirstöðu. En yrði hið gagnstæða uppá, svoað t. d. einn eða 2 útlendir auðmenn, því vart mundi neinn sá danskr eða íslenzkr kaupmaðr, sem þekkir, hvernig á stendr, gefa sig við því, færi og reisti þar verzlunar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

búðir við Lambhússund, þá mundi það geta vald-
ið allmiklum hnekki Reykjavíkrverzluninni
og eðlilegum viðgangi hennar, en Lambhússund
þó aldrei komast lengra á leiðis, enda þótt allt
gengi sem bezt, en að þar komist upp einar eða
tvennar sölubúðir í mesta lagi, eins og algengust
er um kauptúnvor hér á landi, en yrði aftlaust
að verzlunar magni og optar skortr bæði á að-
flutningum og vörubyrgðum á vetrum. Hins
mundi þar á móti skamt að bíða, sem reynslan
síðustu alda hefir fært sönnur á um allar þess-
ar verzlu ~~kauptúna~~ holur hjá oss með 1-2 sölubúðum,
að undir eins og einhver sölubúð væri reist við
Lambhússund, þá ykist þar og margfaldaðist
þessi drykkfeldi atvinnuhja og tómthúsmanna
skríll, sem er sorglegr ávöxtr allra smá kaup-
staða hér, en þó er nógr fyrir á Skipaskaga

Nú er því að vísu fært fram í bænar-
skrá alþingis, að eptir grundvallar reglum
stjórnarinnar eigi ekki að taka til greina, þó að
eldri kaupstaðirnir bíði hnignun eða tjón
af því, að nýtt kauptún verði löggilt, ef sú
löggilding verði að eins álitin nauðsynleg, þá
megi ekki tjón hinna eldri kaupstaða verða
henni til fyrirstöðu. En bæði er nú það, að þessi
ályktun bænarskrárinnar hlýtr að vera
sprottin af ófugum eðr aflagan skilningi á
grundvallarreglum þeim, sem hin konunglega
stjórn hefir fylgt og ráðstöfunum hennar
til eflingar hinni íslenzku verzlun, og svo
getr það allrasízt verið tilætlun hins ís-
lenzka alþingis, hvorki að vilja draga að
stjórninni, að hún haldi fram svo frálestri
skoðun né að það vili í fullri alvöru styðja
að neinu því, hvort heldr með bænar-
skrám eðr á annan hátt, er mætti hafa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í för með sér, tjón eða verulegan hnekkir fyrir Reykjavík þenna einn höfuðstað landsins eða það er mætti hnekkja eðlilegum viðgangi hennar og framförum.

Vér leyfum oss þannig að lýsa yfir skoðun vorri á þessu málefni, er að voru áliti varðar svo afarmiklu bæði Reykjavíkr-kaupstað og verzlunarmálefni þessa lands yfir höfuð að tala, og að óska þess og vona, að álitsskjal þetta verði sent stjórninni ásamt góðum meðmælum stiptamtsins.

## № 43

Þann 13. þ. m. hafið þér herra bæarfógeti sent bæarfulltrúunum útskript af byggingarnefndargjörð, er fyrirtekin var s. s. dag samkvæmt beiðni Factors J. Jonassens í því skyni að útvísa byggingarstæði og afferminyar pláss handlunarhúsi Hendersons hér í bænum og hafið þér jafnframt lagt svo fyrir, að bæarfulltrúarnir gefi um þetta mál álit sitt og atkvæði.

Þetta málefni var tekið til umræðu og atkvæða á fundi bæarfulltrúanna 23. þ. m., og varð það sameiginlegt álit þeirra að samþykkja að sínu leyti á minnsta útvísun-argjörð byggingarnefndarinnar með eptirfylgjandi skilmálum

1º að Lækningata haldist óskert að öllu og byggingarnefndinni sé jafnan heimilt að breyta stefnu hennar og breidd hennar, ef þörf þykir, svo að þaraf leiði, að ganga verði nokkuð norðar á uppvísignarstæðið.

2º að verzlunareigandinn semji við eiganda sjóbúðar

# 1863 December

áhrærandi þá lóð hans að norðanverðu, við Lækjargötu, sem kynni að liggja austr í eða austr yfir vestrlínu á uppskipunar staði því, sem hér ræðir um.

3° að þetta útmælda svæði verði hát lögákveðnu lóðartollsgjaldi af óbyggðri lóð, að 15 árum hér frá, en verði þar byggt hús, verðr af því tekinn húsaskattr undireins og það er reist.

## No 44

Til Bæarfógetans 12. des

Á fundi vor bæarfulltrúanna ígær, var eptir lögskipuðum vanda gengið til kosningar á einum úr þeirra flokki, til þess að vera 3. maðr í kjörstjórn bæarins, til þess að meðan bú- in verði kosning í byrjun næsta árs á nýjum bæarfulltrúa, úr flokki borgara og húseigenda í stað snikkara Helga Jónssonar, og var nú kos- inn til þess starfa herra Docent J. Melsteð.

Þetta leyfi eg mér hérmeð að gefa herra bæar- fógetanum til vitundar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nr. 45

Á fundi vor bæarfulltrúanna í gær, (hinum 1. á þessu ári) var eg kosinn, (með atkvæðafjölda) til formanns fyrir þetta ár: og undirskrifaður, og til varaformanns herra Docent S. Melsteð, — og undirskrifaður þetta og ekki, að til kynna yður herra bæarfógeti, báðar þessar kosningar J. G. — Til bæarfógeta 22. Jan

Nr. 46.

Einnig eg undirskrifaður hefi svona þegjandi haft eptirlit með þeim fáu bæarverkum sem um hefir verið að ræða þenna mánuð, allt frá byrjun hans, einsdæmlega, svo á fundi vor fulltrúanna í gær, að eg hið sama skyldi standa þenna mánuð út, hvað eg hérmeð gef til herra bæarfógetanum til vitundar. J. G. — Til sama s. d.

Nr. 47

Með heiðruðu bréfi 20. þ. mán., hafið þér, herra bæarfógeti, sent oss til álita gjörð byggingarnefndarinnar s. d., áhrærandi beiðni Chr. Zimsen, verzlunarstjóra kaupmanns Clausens, um að fá afgreitt (norðurum 150 □ álnir.) byggingarstæði, (undir pakkhús) þar á norðverðu stakkstæðis verzlunarhúsanna Nr. 11 í Hafnarstræti, og hefir byggingarnefndin lagt það til að þetta byggingarstæði yrði látið af hendi með áskildri tiltekinni stefnu á húsinu, og svo því, að það hvíli af þessari lóð, sem af gengi fyrir vestan hið nýja hús er hér ræðir um að byggja, gengi úr eign eigandans, (án endurgjalds og tygjaðs) að fullu og öllu ~~og tegjaðs~~ undir bæinn, svo að Aðalstræti fengi þarmeð jafna breidd þar að neðan verðu einsog ~~fyrir~~ er allstaðar þar fyrir ofan — Til bæarfógetans 30. Jan

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vèr rœddum þetta mál með oss á fundi 21. f. mán. og varð ~~at~~ það samhuga álit vort, að fallast á þessa gjörð byggingarnefndar-innar, og ~~þau~~ skilyrði þau er hún ~~vill~~ hefir fram sett og vill láta ~~þessi~~ húsbygging ... þessa vera bundna, og virðist oss sjálfsagt, að áskilja ~~to~~ til handa bœnum stakkstœðishornið sem skerst þarna vestri í Aðalstrœti; og það því fremur, sem ~~það er~~ ~~bæði~~ annars vegar bæði ~~til~~ þörf og prýði bœarins útheimtir að Aðalstræti ~~to~~ hafi jafna breidd niðrúr gegn en hins vegar eignarrèttar verzlunar þessarar til alls stakkstœðs síns, bundinn því skilyrði (að [að fornu og nýju] það væri brúkað til ~~sameig~~ almennra nauðsynja-þarfa t. d. til [skipa] uppsáturs á vetrum), [etc.] það er annað mál hvort ekki væri máske nokkur sanngirnisástœða fyrir því, að gjöra eigandanum hœgt á að halda þessari stakkstœðis lóð með sömu kjörum og nú, um hæfilegt tiltekið ára bil, t. d. ~~5-10 ár~~ 3-5 ár, frá því hið nýja hús er reist þar á lóðinni, því sú litla sloka má vera bœnum meinfangalaus en gæti þó máske komið eiganda betr heldr en að missa af lóðinni nú þegar.

En oss virðist enn fremur, að ~~at~~ samhuga skilyrði þurfi einnig að taka fram um þann hluta stakkstœðisins sem verðr fyrir sunnan gafl hins nýja húss og liggr að Hafnarstrœti [norðanverðu] nefnilega: að lóðar eigandi skuli skyldr til að láta þenna strimil af hendi til breikkunar Hafnarstrœti þegar þurfa þykir, eptir áliti byggingarnefndarinnar, og einkanlega (ánefir eins ~~þegar~~ ) sölubúð verzlunar þessarar eða „Fálk“ alhúsið, [sem fyr var kallað] yrði rifið niðr eða algjörlega endrbygt og flutt norðar, eptir þeirri línu ~~sem~~ og stefnu sem bendir til ...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Febrúar 1864

gjörð ~~byggingar~~ nefndarinnar, er hér með endrsendist

---

№ 48

Á fundi vor bæarfulltrúanna ígjær, voruð þér herra ~~óðal~~ Magnús Jónsson óðalsbóndi á Bráð-ræði, samkv. reglugjörð fyrir stjórn bæarmálefna í Reykjavík 27. Nobr. 1846 kjörinn til þess að vera meðlimur fátækranefndarinnar, (hér í staðinn) í stað Jóns Þórðarsonar í Hákoti, sem nú, að liðnum hinum lögákveðna tíma, er genginn úr nefndinni.

Erað þér því hér með í fátækranefndina kvaddir og treystum vér því að þér skorizt eigi undan, og biðjum yðr því ~~því~~ að sækja fundi nefndarinnar hvenær sem formaðr hennar, herra dóm-kirkjuprestrinn, kveðr yðr til fundar.

Til Óðalsbónda Magnúsar Jónssonar í Bráðræði 5.(5) Febr.

---

49

Eptir ákvörðun hinnar heiðrvörðu fátækra-nefndar í heiðruðu bréfi 29. f. mán. og samkv. bæarst. reglug. 27. Nbr 1846, 18. gr. var á fundi bæarfulltrúanna ígjær gengið til kosn-ingar á nýjum nefndarmanni í stað Jóns Þórð-arsonar í Hákoti; ~~og~~ varð nú fyrir þeirri kosningu Magnús Jónsson Óðalsbóndi í Bráðræði, og hafa fulltrúarnir tilkynnt honum þetta og kvatt hann að ganga í nefndina með bréfi dagsettu í dag; hvað eg hér með gef hinni heiðruðu fátækra-nefnd til vitundar

Til Fátækra-nefndarinnar s. D.

---

50

Á fundi bæarfulltrúanna ígjær samdist svo að Guðmundr Þórðarson á Hólnum hefði á hendi umsjón bæar verkanna þenna yfirstandandi mánuð, - hvað eg hér með gef [illegible] anum til vitundar.

Til Bæarfógetans s. D.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til Bæarfógetans 5. Febr.

## No 51

Um þessa dagana hafa nokkrir af fulltrúunum veitt því eptirtekt, að grindurnar eða brjóstvarnirnar á Bakarabrúnni hafa verið brotnar niðr og hafa ekki þótt neinn tvímæli á, að að það hljóti að hafa orðið að þeirra völdum einhverra, sem hafa þessa dagana hafa verið að aka grjóti niðr yfir brúna ofaní kaupstaðinn. Þess vegna kom málefni þetta til umræðu á fundi vorum í gær, og urðum vér allir á því, að engan veginn mætti líða það óátalið eða bótalaust, að þessi eða önnur mannvirki kaupstaðarins, ~~verði~~ sé svona ~~sundr~~ skemd eða niðr brotin fyrir [illegible] og illa meðferð þeirra sem nota þau eða fara þar um, og viljum vér því mega fela yðr, herra bæarfógeti, að hlutast til um að mál þetta verði nákvæmar rannsakað, og þeir sem valdið hafa, látnir sæta fullum skaðabótum

Til bæarfógetans 29 Febr.

## No 52

Á fundum þeim, sem vér höfum átt með oss undanfarna daga, til þess að safna niðr bæarútgjöldunum 1864, hlutum vér, þegar kom að óbyggðri lóð Hendersons verzlunarinnar, að komast að raun um, að varla yrði nú bygt óyggjandi á mælingu þeirri, er gjördist öndverðlega ársins 1861 á lóðareignunum No 2 og 10 í Lækjargötu, hverjar eignir Henderson kaupmaður nú hefir keypt og lagt undir verzlun sína, og bygt þar upp hin nýju verzlunarhús sín á sameinaðri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lóð. —

En til þess að fyllilega áreiðanleg undirstaða fáist fyrir þeim skatte af óbygðri lóð, sem þessi sameinaða lóðareign á framvegis að bera til bæarsjóðs, verðum vèr að álíta nauðsynlegt, að hun verði nú, eptir að hinar nýju byggingar eru þar algjörlega reistar, reglulega og áreiðanlega uppmæld og nákvæmar ákveðin, ekki einungis eptir því sem Henderson hefir í raun og veru orðið eigandi að í téðu kaupi sínu, heldur líka með tilliti til þess, að hvorki sè fært sig uppá eða of nærri lóð næstu nágranna, nè heldur þrængvað að þeim götum og rèsum — t. d. hinni svo nefndu Borgarabæarrennu — sem bænum þarf að halda opnum og í upprunalegu lagi og stefnu, og sem Henderson hefir einnig skuldbundið sig til að láta vera óraskað, og láta viðreisa og endurbæta að því leyti t. d. téð Borgarabæarrenna hefir raskast fyrir umbreyting hans á lóðinni næstl. sumar.

Til nokkurrar leiðbeiningar í þessu efni og upplýsingar því, hvað mikla lóð Henderson hafi í raun og veru eignast í fyr nefndu kaupi sínu, þykir ekki of aukið að tilgreina að í hinni almennu mælingargjörð 1861 reyndist

Lóðin í Lækjargötu No 3 að meðtöldum þeim 2 timburhúsum, er þá stóðu þar, en nú eru niðurrifin . . . . . . 2177 □ al 19 □ f.

No 10 . . . . . . 2029 — 19

Samtals . . . 4207 □ al 14 □ f.

Þegar frá þessu er dregið flatarmálið undir hinum nýju húsum Hendersons 803 al 8 f. + 221 al 18 f. = 1025 — 2

þá ætti hin óbygða lóð Hendersons, sú er hann hefir fengið keypta að vera 3,182 □ al 12 □ f.

Og þar að auki 24½ □ al sem p. t. er kladdur hjallpartur þar á lóðinni. —

Að svo fyrirmæltu leyfum vèr oss að fela yðr herra bæarfógeti að gjöra þær ráðstafanir í þessu máli, sem nauðsynlegar eru á þann veg sem yðr þykir bezt henta, einungis ríðum á, að uppmæling þessi gæti komist í kring sem fyrst, svo að þessa árs niðurjöfnun, sem nú er að öðru leyti búin, verði sem fyrst fullgjörð. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til Bæarfógetans 14. Marz

No 53

Með heiðruðu bréfi 25. Júlí f. á. hafið þér herra bæarfógetinn oss bréf stiftamtsins til norðuramtsins og sendt oss þarmeð íslenzka þýðingu frumvarps þess til reglugjörðar fyrir slökkviliðið í Reykjavík, er þér herra bæarfógeti (~~sameiginlega~~) ásamt fyrirliða slökkviliðsins þeim er þá var, verzlunarstjóra A. P. Wulff, höfðuð búið til og stiptamtið sent oss til álita á dönsku með bréfi 1. April f. á.

Vér höfum nú síðan nákvæmlega yfirfarið og yfirvegað málefni þetta, og rætt það ítarlega með oss á fundum og höfum vér allir orðið að komast að þeirri niðurstöðu, að ~~þa~~ ~~það sé ísjárvert og varla gjörandi~~ eptir hinum ymsu kringumstæðum er liggja að málefni þessu og eru tengdar því að meira eða minna, þá sé næsta ísjárvert og enda varla gjörandi að ráða því til lykta að svo komnu máli, og skulum vér leyfa oss að leiða að taka fram 2 þau atriði er vér byggjum á þessa stöðu.

Hið fyrra er sú, sem líka er tekið fram í amtsbréfinu 21. Júlí, — þó að þar sé gengið út frá, að ~~hin ætti~~ þessi á stöðu ætti að ~~h~~ vera hvöt að meiri til þess að ráða málinu sem fyrst til lykta, — að eptir stjórnarfrumvarpi því sem lagt var fyrir alþingi í sumar, og ~~hinum~~ studningi þeim úr öllum áttum, er ~~þingið~~ það fékk á þingi, þá ~~og~~ þykir mega treysta því, að Reykjavík komist inní brunabótafélag kaupstaðanna í Danmörku nú þegar á yfirstandandi ári, eða þá sjálfsagt næstkomandi ár. En öllum er enn, einnaggef að svo, ókunnugt um það, með hvaða kjörum og skilyrðum það verði, að öðru leiti en sjálfri upphæð brunabótanna, og um það, hverju skuldaga að téð brunabótafélaginu slökkvi

kaupstaða setti húseigendunum í Reykjavík og kaupstaðnum yfir höfuð með tilliti til hinna ýmsu atriða er að slökkvitólunum lúta við húsbruna, slökkvitólum, slökkviliði o. fl. þá eins og það mun sjálfsagt, að bær vor regni ~~að gánga~~ eptir því sem framast ~~væri~~ verða kann á, að gánga að þessleiðis skilyrðum er sjálft brunabótafélagið ~~húseigenda kaupstaðarins~~ setti á, lögstjórnarveginum, eins er það á hinn leytinn eðlilegt og sjálfsagt að bæjarstjórnin bindi ekki húseigendunum og öðrum bæjarbúum neinum slíkum ánauðabagga, og hann gefa þeim kost að útlátunum til, einsog t. d. 2 málsgr. í 12 gr. frumvarpsins ráðgjörir, svo framt að undan því gæti komist með nokkru móti, eða þeir gæti átt kost á að ganga í þetta félag án slíkra auka útláta af húseigendum. Þaraðauki mundi nú 1 máls gr. hinnar sömu 12. greinar í frumvarpinu koma í bága við stjórnarfrumvarpið sem lagt var fyrir þingið, þarsem ráðgjört var sérstakleg skoðunar og virðingar gjörð allra húseigna í bænum til brunabóta, að tilhlutun Brunabótafélagsins sjálfs eða svo, að þar væri umboðsmaður við staddur af þess hendi.

Hin önnur ástæða var fyrir frestun þessa máls er sú, að ~~þar sem~~ æ meiri og brýnni nauðsyn virðist verða til þess, eptir því sem ~~kaupstaða~~ Reykjavíkur kaupstaðs stækkar æ meir og meir og aðsókn útlendra manna og innlendra eykst hingað ár frá ári, að ~~sem~~ nú verði farið að vinda bug að því að fá einhverja framgöngu uppástungu ~~lögstjórnarinnar~~ ráðherrastjórnarinnar í bréfi til stiptamtsins 8. Júní 1855, að koma hér upp bæjarliði nokkru samkv. reglug. 4. Júní 1802 eða í hina sömu stefnu, með þeim tilbreytingum og takmörkunum sem hér þætti best við eiga. Bæjarfulltrúarnir hafa þegar í bréfi til bæjarfógetans 4. Febr ~~[illegible]~~ 1856 viðurkennt nauðsyn þessarar stofnunar og að farið væri að hugsa fyrir þaraðlútandi reglugjörð, en síðan hefir ekkert tilspurst um hvað þarvið hafi verið gjört af þeim yfirvöldum sem hlutteiga í hlut. ~~Ött~~ En það mundi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

andsætt, að yrði hér komið á ~~borga~~ bæjar (eða borgarafélag (: Borgerrepræsentation)), þótt eigi væri nema að einu litlu leiti með þvi[a] að þá ætti stjórnin eða bæjarins að standa undir yfirstjórn bæjarbúanna að nokkru, eða vera að minnsta kosti í meira eða minna sambandi með því, og má því ~~þess~~ í sér hverju tilliti verða að sér vert að ~~fara~~ ~~að~~ fast á kveða fyrirkomulag stjórnarinnar ~~i sér hverju tilliti~~ á meðan ekkert er farið að hugsa fyrir bæjarbúunum
Af framansögðu leiðir ... á stöðum ... við því í framansögðum ...

Nr 54

Til Bæjarfógetans 14. Mai

Eins og yður herra bæjarfógeti er kunnugt varð Sverrir steinhöggvari Runólfsson, samarið 1862, lægstbjóðandi að aðgjörð þeirri er þá var ákveðin á Grjótagötu; En eptir það hann seint og síðarmeir, og mikli seinna en ákveðið var í undirboðs skilmálunum, ~~hafði~~ þóttist hafa lokið aðgjörð þessari, var öllum fulltrúunum ljóst, að hún væri ekki álitin nálægt eptir því sem á skilið hafði verið, og var því Sverri synjað um að fá ávísaða úr bæjarsjóði þá 12 rd er eptir stóðu af kaupi um sömu aðgjörð arkaupi; til þess að hann hefði bætt úr brestum þeim á ~~aðgjörðum~~ vegargjörðinni er ónýtir þótti. Stóð nú svona þangað til í sumar er leið, er Sverrir ítrekaði við oss kröfu sína um þessa eptirstandandi 12 rd með bréfi 29. Apr. f. á. Var hann þá kvaddur til fundar með fulltrúunum á sjálfan veginn 16. Mai næst á eptir, og samdist þá svo, að hann skyldi innan Júní loka næst eptir, gjöra þær endurbætur ~~er~~ á veginum er einkum þótti vera ábótavant, eptir því sem þá var nú tekið ar á kveðið og bætt við í fundinum, og skyldi honum, að þeim loknum innan ákveðins tíma, standa opin ávísun uppá fyrnnefnda 12 rd.

Sverrir Runólfsson tók samt ekkert til þessara verka allan Júní mánuð og eigi fyr, að vér öllum, heldur seint í Júli

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Marz 1854

eðr í Ágúst, því eigi kvaddi hann neinn fulltrúanna til viðtals er hann byrjaði þau eðr fyr en hann var búinn að ljúka þeim að nafninu eðr eptir sem hann kallaði; Og þó aðvaraði hann oss ekki skriflega um þetta ~~aðalatriðum~~ er hann var kosinn við, heldr sagði ~~lagði~~ hann það munnlega svona einstaka okkar sér í lagi, að nú aðri ~~þau séu~~ þeim verk-um lokið er áskilið hefði verið.— Síðan höfum ýmsir af oss, bæði einn sér og 2 og fleir saman skoðað þessa nýju aðgjörð og gjörðum það þegar í fyrra haust, en vér höfum eigi getað betr séð en að vegrinn hafi alls engum umbótum tekið að kalla móti eptir þeirra fyrirboðnu lagfæringu eða endrbætr næstl. haust.

Þar sem nú S. Runólfsson hefir í hér með fylgjandi bréfi 22. f. mán. ítrekað kröfu sína um að fá 12rd. eptirstöðvarnar áðrnefndar úr bæarsjóði, þá ráðum vér, af þeim ástæðum er nú var frá skýrt, að komast til þeirrar niðrstöðu á fundi 12. þ. mán. er vér héldum, benda þessa til umræðu, að honum beri enn að synja um þessa í vetur. Þetta leyfum vér oss hér með að leggja undir samþykki yðvars herra bæarfógeti og tilkynna það beiðandanum. S. R.

Nº 56

Til húseiganda Geirs Jóhannessonar Zöega. f. D.

Á fundi var bæarfulltrúanna 14. þ. mán. voruð þér herra húseigandi Geir Jóhannesson Zöega, samkvæmt reglugjörð fyrir ~~H~~ stjórn bæarmálefnanna í Reykjavík 27. Novbr 1846, 18. gr., kjörnir til þess að vera meðlimur fátækranefndarinnar hér í staðnum, í stað Jóns Þórðarsonar í Hákoti, sem nú, að liðnum hinum lögákveðna tíma, er genginn úr nefndinni.

Eruð þér því hér með í fátækranefndina kvaddir og treystum vér því, að þér skorizt eigi undan, og berið yðr að sækja fundi nefndarinnar hvenær sem formaðr hennar, herra dómkirkjuprestrinn kveðr yðr til funda.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | |
|---|---|
| Til Fátækranefndarinnar 14. Marz | **No 56** Eptir það að sudranefnd með urs(kurði) sínum 5. þ. m. hafði undan þegið Magnús óðalsbónda Jónsson í Bráðræði frá því kjöri vor fulltruanna, ~~að~~ að ganga í fátækranefndina, ennog nefndinni var tilkynnt með bréfi mínu 5. þ. mán., var á fundi fulltruanna 12. þ. mán. gengið til kosningar á nýjum manni í nefndina í hans stað og varð nú fyrir þeirri kosningu húseigandi Geir Johannesson Zoëga hér í staðnum. Hafa nú fulltruarnir tilkynnt honum þetta og skorað hann til að gánga í nefndina, með bréfi dags. ídag. Þetta undanfelli eg ekki að gefa hinni háttvirtu fátækranefnd til vitundar Jón Guðm. |
| Til Bæarfógetans s. d. | **No 57** Þegar um byrjun þ. mán bað Helgi snikkari að sér unnist bæarvertanna í Marz mánuði, og var var það staðfest á næsta fundi á eptir, — hvað að eg hérmeð gef yður herra bæarfógeti til vitundar. |
| Til sama 17. Marz | **No 58** Hérmeð sendi eg yður herra bæarfógeti, til frekari lögskipaðrar ráðstöfunar: Niðurjöfnun fulltruanna á bæargjöldunum 1864, og svo að hún framlögð verði þegar yður þykir það gjaldþegnunum bezt henta, ásamt útundlingar gjörðinum frá 1861, einnog að undanförnu |
| 31 Marz (cf. No 62 post) og No 63 | |
| Til sama 8. April | **No 59** Með heiðruðu bréfi frá í fyrradag hafið þér herra bæarfógeti tilkynnt oss, að Niðurjöfnunar skrá bæargjaldanna 1864, sú er yður var send með bréfi vora 17. f. mán., hafi horfið úr bæarþingsstofunni, eptir það hún var þar framlögð á lögskipaðan og vanalegan hátt, og hafi ekki síðan |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

getið upp spurzt, ~~og~~ skorið þér því á
oss um að útgefa nýja niðurjöfnun aðra af-
-skrift af hinni fyrri og beðist jafnframt
álits vors um það hvernig gengið verði
svo frá, að ekki fari aptr á sömu leið, þegar
skráin verði framlögð af nýju.

Vér sem hér ritum nöfn vor ræddum
þetta mál [illegible] samdægrs á fundi og
virtist oss að vísu, að ekki mundi geta verið
þessu máli að hvort heldr væri ~~[illegible]~~ niðrað-
-um ~~[illegible]~~ niðurjöfnunarskrá eða hvað annað
opið bréf skjal sem væri, er eptir hinum gild-
-andi ~~t~~ reglum bæri að framleggja almenn-
-ingi til sýnis og athuga eða eptir breytni
þá ~~[illegible]~~ hlyti slíkt skjal jafnan að vera að
öllu leyti úr ábyrgð útgefanda skjals-
-ins frá þeirri stundu að það væri komið
í hendr þess yfirvalds (lögreglustjórans) er
átti að annast um framlagningu þess
og þaraðlútandi auglýsingu fyrir al-
-menningi.

Nú þó að vér getum alls í þessari
skoðun, virtist oss ekki gjörandi tal úr því
í þetta sinn, að koma ~~til vegar~~ úr bögu gjört hreinskript-
-ar á niðurjöfnunarskrá ~~orrinar~~ af nýju, eptir
~~oss~~ hinu [illegible] frumrits uppkasti hennar
er vér í höndum höfum, — og virtist oss í alla
staði bæði æskilegra og réttara að útgefa
hana þannig sem -duplicat-, en ekki
í afskriptar formi; þannig útbúinni fylgir
einnig hin nýja niðurjöfnunarskrá hér með
aptr sendum vér, samkvæmt hinni á-
-minstu skoðun, að vera [illegible] á því
að vér getum eigi að vonarleyti veitt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þá á bæarsjóð, til þess að kosta til
gæzlu með höfninni skráar þessarar
á meðan hún liggr frammi hinn lögákveðna
3ja vikna tíma, því að vjer á hinn leytinn
virðist það miklu óhultara að lögreglu
þjónarnir á mis- og til skiptu gætti hennar
og hefði til þess vörð á bæarþingstof-
-unni þær 3-4 stundir dags er hún
skyldi eptir standa almenningi til þess
að ~~ég~~ eiga kost á að rannsaka með höfnun-
-ina, ~~því~~ og getum vjer hvorki álitið þetta
óskylt þjónunum og þeirri gæzlu laga
og reglu í bænum er þeim liggr á herðum
yfir höfuð að tala, og eigi heldr ofætlun
fyrir þá 3 að ~~hafa þennan starf~~ skiptast
á um þenna starfa sízt um þenna tíma
árs þegar sízt þarf eptirlits þeirra á læra
á strætunum úti: [Oss uggir, hvað er það,] ~~Vér álítum nefnilega~~
að sú aðferðin, er herra bæarfógetinn stingr
uppá sub. No 1, um að hver sá, er vill
kynna sér skrána, skuli skyldr til að
leita til þess leyfilsins að bæarþingstofunni
annaðhvort ~~þá á sjer~~ á skrifstofu yðar
eða annarstaðar, þyki bæði með ut-
-gengi ~~leg~~ [bæði heldr ó] og vinsl til gjaldþegnunum, og
þar til er auðsætt, að væri ~~þeir~~ samtaka
-brögðum að skipta með 2 eða fleiri gjald
þegnum, - sem sízt er fyrir að synja - til
þess að fyrirkoma skránni af nýju, þá
~~er~~ [væri] hægt að koma því við, þó að hver-
-sem einum [sem vildi sjá skrána] væri gjört að skyldu að
sækja leyfilinn í annað hús og skila
honum aptr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# April 1864.

No 60

Sjóðsskýrsla bæargjaldkerans fyrir hálfmisserið 1. Jan. – 31. Marz þ. á. s ber með sér það fjárhagsástand á bæarsjóðnum nú sem stendur, sem bæði er næsta ískyggilegt í sjálfu sér og ~~getur~~ hlýtur að leiða til nokkurra vandræða, og sem vér fulltrúarnir megum eigi leiða hjá oss, ~~að eptir~~ fyrir mælum 22 gr. í bæarstjórnarreglugjörðinni, að vér eigi leyfum oss að vekja út því máli alvarlegt athygli yðar herra bæarfógeti, eptir því sem vér urðum ásáttir um á síðasta fundi vorum.

Eptir hinu reiknings ágripi ~~bæar~~gjaldkerans átti bæarsjóðurinn aðeins í peningum 69-5-9

Þarámóti átti hann þó enn í ólokum

Skuldum:

í bæargjöldum . . . . . 334-1-5

í lóðarhollum og túnleigu . . . 27-1-8

Samtals 361-2-13

og er auðsætt, að þar sem ekki var ~~nú~~ meiri peninga upphæð í sjóði, um byrjun þ. mán., heldur en nú var sagt, þá hrekkur það hvergi nærri fyrir þörfum útgjöldum um yfirstandandi hálfmisseri auk heldur að nokkuð sé fyrir hendi til þess að á vinna ~~í vinnulaun til~~ fyrir verk þau í þarfir bæarins er liggja fyrir og ekki verða frestað.

Vér megum heldur ekki [illegible], að hin ólokuu bæargjöld, svona hálfu misseri eptir reikningsárslokin, þá hafi átti að vera greidd í allra seinasta lagi, eða lögtaki tekin að öðrum kosti, en fullum 9 mánuðum eptir lögákveðinn gjalddaga þeirra (Júnílok 1863), sé furðu mikil að upphæð, að vér ekki nefnum að lóðarhollar og túnleigur frá f. á. skuli enn vera látnar standa ógreiddar.+ ~~og~~ Þér, herra bæarfógeti, hljótið að vera oss samdóma um, að sé þess-

Til Bæarfógetans

20. April

# 1864 April

-leiðis ólag látið haldast uppi, að gjaldþegnum, sem lízt svo, sé liðið að ~~láta~~ [illegible] bæjargjöldum ~~standa dómum eptir &~~ draga greiðslu bæjargjalda sinna, ~~og~~ lóðargjalds að 6 eptir geðþekni sjálfráð langt þeirra, og það langt fram á hið ýtrasta gjalddag, þá sé ~~þarmeð~~ bæjarsjóðnum sjálfum þarmeð búin gjaldþrot, ~~og~~ öll sveitarstjórnar regla niðurbrotin og bæjarstjórnin ~~ott~~ gjörð aflvana og þýðingarlaus í einni grein sem annari. Vér ~~viljum~~ verðum því að leyfa oss, herra bæjarfógeti, ~~að~~ samkvæmt fyrirnefndri lögagrein, að leggja yður á hjarta þetta velferðarmál kaupstaðarins og bæjarstjórnarinnar, og fela það eindregnum ~~til hlutunar~~ forsjá yðar um ~~og~~ kröptugri tilhlutan og aðréttingu sem fyrst að yður er framast auðið. Vonum vér einnig að þér herra bæjarfógeti, gjörið svo vel einsog formenn yðar í embættinu hafa áður gjört, að tjá oss af því sem í þessu tilliti gjörist og verður ágengt.

№ 61.

Til Dannebrogs-manns Skapta Skapta-sonar 20. Apr.

Heiðrað bréf yðar ~~til~~ 19. f. mán., sem einkanlega var stílað til mín undirskrifaðs, áhrærandi bæjargjald yðar hið yfirstandandi ár, framkom of seint til þess að það yrði tekið til greina við sjálfa niðurjöfnun bæjargjaldanna þetta ár, því henni var nú þegar lokið af vorri hendi fulltrúanna 29. febr. og síðan send bæjarfógeta til framleggingar hreinskrifuð 17. dag f. mán. Eigi að síður framlögðu og bréf yðar á fulltrúafundi 6. þ. mán. og var þá þetta málefni yðar til yfirvegunar og umræðu tekið á fundi. Gátum vér að vísu ekki tekið ástæður yðar beinlínis til greina, eða svo að ~~eða~~ þær yrði niður útsvar það er ~~yður~~ búið var ~~þegar~~ að gjöra yður, ~~gjört~~ og ákveðið í niðurjöfnuninni, er þannig var albúin og framlögð, en öllum fulltrúunum kom ásamt, að ~~taka~~ héðan af, og er því svona væri komið, yrði ~~að~~ þetta skal yður að koma til álita eptirá, einnig ~~annað~~ [illegible]

(margin: nú þegar)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~önnur umbot~~ vöktunley umbvörtun yfir bæargjaldi því er gjört hefði, nú verið gjört, og ~~gjöra þana síðan~~ ~~ölúum~~ og ~~tala~~ leggja hana síðan undir úrskurð bæarstjórnarinnar ásamt með öðrum þesskonar umbvörtunum; og skal eg annast um, að svo verði gjört, ~~og~~ mun ýtt ~~frá~~ að því búnu verða kvatt sá úrskurður bæarstjórnarinnar

## No 62

### Skrá

31. Marz.

um jarðeignir þær innan umdæmis Reykjavíkur kaupstaðar, með ákveðnu eptirgjaldi þeirra, eptir því sem það hefir metið verið, þarlrett eða um samið, sem ber að greiða af alþingistolli fyrir árið 1863.

I Eignir kaupstaðarins að öllu, eða með afgjalds-skyldu til bæarsjóðsins.

A Þær eignir fyrir hverra hönd að alþingistolls ~~skyldan~~ greiðsla kemur á bæarsjóðnum.

1. Óafhentar eignir
   - a. Hóla kots – eða bestkapsstofu túnið · 15.2.
   - b. Melshúsatúnið · 15.2.
   - c. Ullarstofu þartrinn · 17.2.
   - d. Sölut í Tjarnarenda · 6.
   - e. Skekkjar kots tún · 4.
   - f. Grænaborgar blettr · 1. · 59.
2. Eignir einstakra manna eða bundnir sjálfseign með fastákveðnu gjaldi til bæarsjóðs,
   - a. Skálholtskots- og Stöðlakots túnin árl. afgjald samtals 249 álna, eptir verðlagskrár meðal verði 18 63/64, 22/ ak · 56.5.14
   - b. Mels- tún blettr · 5. · 61.5.14 · 120.5.14

B Bundnir jarðeignir, með alþingistolls skyldu á eiganda

Melkotstúnið, árlegt afgjald 110 álna eptir verðlagskrár meðal verði 18 63/64 – 22/ ak · ~~25.1.8~~ · 25.1.4

II Óbundnar eignir einstakra manna

1. Sels- eignin, samkvæmt hér með fylgjandi skýrslu eigandans, með stærsta · 50.1.11
2. Landakots eignin – samtals 33 ct – afg. alls 80
   - a Götuhúsavöllinn, metinn 9½ ct = 23.2.3
   - b hin önnur Landakotseign 23½ · 56.5.13 · 80.

Flyttr · 196 1. 115 16 1.21

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

(Marz) 1864

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Flutt | 130-1,11 | 146-1-2 |
| 3 Nýjabær | | 33-2. | |
| 4 Grímsbæarblettr | | 5-.. | |
| 5 Hlatsblettr | | 5-.. | |
| 6 Grímstaða blettr | | 5-.. | 178-3,11 |
| III. Opinberar eignir: | | | |
| 1 Arnarhóls lénsjörð | | 80- | |
| 2 Raudará | | 16 | |
| 3 Örfirisey (edr Effersey) | | 20 | 116-.. |
| Samtals | | = | 440-4,13 |

Reykjavík, 31. Marz 1864

Jónsson
form. bæarfulltr.

№ 63

Útteiknun á landsskuldar og leigumálsgjalds-skrá Selstorfs eigandans M. Jónssonar á Bráð ræði 11 apr. 1864 dat. 31. marz

Samkvæmt framanskrifaðri skýrslu frá eiganda Selstorfunnar hér í umdæminu, er eg finn enga ástæðu til að vefengja, að því er snertir sjálft jarðarafgjöldin, þá verða landsdrottins tekjurnar af eigninni fyrir árið 1863, þar er alþingistollur hvílir á að lögum þessar

| | |
|---|---|
| 4/4 vætt Saltfisks, eptir verðlagsskrá 1863/64 5 r 53 β vættin | 23 r 3-9 |
| 20 ℔ smjörs kúgildaleigur eptir sömu verðlagsskrá á 22½ β | 4-4-2 |

En hér við ætla eg eigi einnig að bæta: tollum af þeim 11 tómthúsum, er á Selslóð standa, því að víst eru þeir tollar umsamdar og ákveðnar árlegar tekjur lánardrottins af jarðeign hans, og skal þess getið, að þegar ástæða var 80 rd afgjalds af Landakotseigninni hér í umdæminu, þá var þar að hafa tillit til hinna árlegu tómthústolla er eigandanum guldust af 6 tómthúsum þar á lóðinni, sem og einnig, þegar sú eign var metin til hundraðatals eður dýrleika í hinu nýja jarðamati. Eg hygg því eptir grundvallarreglum þeirra laga, er hér um gilda, ekki mega láta undanfalla að tilgreina hér tekjur um samdar lánardrottins tekjur, er honum greiðast árlega af hinum 11 tómthúsum, sem á Selslóð eru, 2 rd eptir hvert þeirra. — 22 - -

50 r. 4. 14

Jón Guðmundsson
formaður bæarfulltrúanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Mai 1864

| | |
|---|---|
| **№ 64** | Til Bæarfógetans 17. Mai |

Eptir það að þrír ~~af~~ oss bæarfulltrúunum, sem
hér ritum undir nöfn vor, höfðum riðið inn í
Fossvog til þess að kynna oss ~~veg þ~~ sem bezt ástand veg-
-ar þess er þaraðlútandi er, og liggr þar suður
á land bæarins ofanvið Fossvogslæk, og hve
~~mikl~~ breiðr og ~~mikilla~~ umfangsmikilla aðgerða hann þyrfti, og
hvernig honum mundi bezt fyrir komið og
hverum skilmálum hún ætti að vera bundin,
Ræddum vér síðan allir þetta mál með oss
á fundi 10. þ. mán., og varð um það samhugs-
álit vort ~~ett~~ eins og nú skal greina.

Þótt það sé fyrir sjáanlegt, að aðgjörð þessa
vegar verði nokkuð kostnaðarsöm og vandgjörð ef
hún á að ~~vera~~ getaorðið til þeirrar frambúðar sem nauð-
synlegt er, en hinsvegar ~~um fel~~ ekki ~~vera~~ að búast
við að oss margir duganda menn og sem ~~full-~~
~~færir vera~~ séu færir um ~~að~~ ~~það að~~ þrengdu til að leggja verkið ~~hyggilega~~ vel
af hendi eptir því sem þörf er á, verði til að
keppa um það, sízt um þenna tíma árs, þá
er vegr þessi áríðast orðinn svo aflagaður og spilltr
og liggr undir svo verulegum skemdum um þetta
tímann sem í hönd fer, einkanlega ef sakir upp-rign-
-ingaranna, að oss virðist hin brýnasta nauð-
-syn til bera að vinda að aðgerð hans, þarsem
frestun á því mundi gjöra hana ~~meira~~ ~~[illegible]~~ eptir því
margfalt kostnaðarmeiri sem vegrinn fyrir það
hlyti ~~fremur~~ að aflagast og spillast enn frekar.
Vér viljum því mega fela góðs herra bæarfógeti
að ákveða, dagsetja og auglýsa sem fyrst und-
irboðsþing til þess að bjóða upp vegargjörð
þessa, ~~og~~ og leyfum vér oss að stinga uppá
þessum, undirstöðu atriðum til skilmálanna:

1 Að vegrinn sé fyrst hlaðinn upp í tvennu
lagi, þannig: ~~hér um bil~~ 225 faðmar ofan
-eptir honum frá aðalvegi, og þá kemur
ang.fórdin · bolgher · endursend
J. Guðm · H. A. Sivertsen · M. Jónsson · O. Finsen · Jón Pétursson

## № 122

Uppáskript á bréf Sigurðar Vigfússonar gullsm. 14. Júlí 67. um hlið til baðarsóknarmn.

20. Júlí.

Að því leyti sem framanskrifuð kæra er borin undir bæarstjórnina og hún getr úrleyst, þá athugast, að þarsem hinir auglýstu uppboðsskilmálar fyrir eigusölu allra Kleiðarhúsa túnanna 28. Desbr. f. á. áskilja með berum orðum, að hver sá sem yrði kaupbjóðandi

að hverjum velli fyrir sig skyldi fylgja að bænum og húsin er stæði og hefðu staðið til þessa á túnum þessum, hefði frían og óhindraðan atgáng til nauðsynja aðflutnínga heim til sín og heiman, eptir því sem verið hefði. Þannig verðr bæarstjórnin að álíta, að aðferð sú, er leigaliði annara túnvallarins Guðmundr Erlendsson hefir beitt til þess að meina ~~til~~ íbúendum Doctorshússins vatnsburð og aðra nauðsynja aðflutnínga um hlið þet, er um lángan tíma hefir verið til þess brúkað, sé brot á uppboðsskilmálum og heimildarlaust. Að öðru leyti verðr að vísa kærendunum til landsins laga og réttar ef Guðm. Erlendsson skyldi eigi vilja láta skipast við þetta álit bæarstjórnarinnar.

## № 123

Til bæarfógetans 20. October

Með heiðruðu bréfi 2. Júlí þ. á. senduð þér herra Candidatus bæarfulltrúunum til álita byggingarnefndargjörð 1. s. mán. hvernig skotfélagi því er myndaðist hér í kaupstaðnum næstl. vetur er ávísað og útmælt svæði til skotvallar, rétt fyrir sunnan Melkotstúngarðinn, 30 álna á breidd suðreptir frá útnorðr horni garðsins

# October.

og þat með beinni línu í réttan vinkil austr og niðr með öllum sínum garðinum og ofan í tjörnina, svoað spildan verðr þannig eptir áliti nefndarinnar nokkut mjórri þegar ofan eptir dregr. Að öðru leyti er þess eigi við getið, í áminnstu bréfi yðar herra, né í gjörð byggingarnefndarinnar, — en sjálf beiðni Skotfélagsins eðr þess forstöðumanna fylgdi ekki með, — hvort félagið vill fá svæði þetta ávísat og afhent til fullrar eignar og umráða og svo að þeir byggi þar og umgirði eða ætli að gjöra aðrar kostnaðarsamar umbætur á lóðinni, ellegar þeir ætla að fá til þessara afnota eins og þat er nú og einungis um stundarsakir, ámeðan bærinn eigi þurfti á því að halda til bygginga eðr annars.

Þegar vér nú ræddum mál þetta með oss á fundi 20. f. mán. urðum vér einhuga á því, að heimila ætti skotfélaginu svæði þetta til þeirra afnota sem þat hefir farit fram á, innan ummerkja þeirra sem byggingarnefndin hefir ávísað. En með því sjálf beiðni skotfélagsins eigi lá fyrir einsog nú var sagt, og fulltrúunum þannig var alls óljóst um hvort beiðendr héldi fram fram á að fá svæðið til eignar eðr aðeins til umráða og afnota um stundarsakir, — þá virtist eigi mögulegt að ákveða nú þegar með hverjum kjörum og skilyrðum at bærinn ætti at afhenda lóðarspildu þessa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heldr veri rèttast at heimila skotfèlaginu hana nú íbráð til afnota, einsog hún er, um næstkomandi 10 ár frá byrjun ársins 1868, og þat ~~gjalt~~ eptirgjaldi eðr lóðargjaldslaust með öllu, svo framt beinum þykkti eigi ástæðum at halda til byggingar eðr annars á því 10 ára tímabili; en því sèr gjöri fèlaginu skylt at sleppa því at öllu eðr nokkru leyti. Vili fèlagið þarámóti fá svörit til fullrar eignar til at girða þat og byggja þar m.m. þá verðr fèlagið at segja til þess og semja nákvæmar við bæarstjórnina um þau kjör at lóðargjaldi og öðru er slík afhending gjöri at vera fastbundin af bæarins hendi.

Gjört byggingarnefndarinnar undirsendirs.

Jón Guðm. H. A. Sivertsen. H. Jónsson. O. Finsen
Th. St. Jón Þórðarson

## № 124.

Til bæarfógetans 20. október

Ið hèr með fylgjandi skjali dags. 6. þ. mán er var afhent meðundirskrifuðum formanni fulltrúanna 2 dögum síðar, bera þeir 27 staðarbúar, er þat hafa undirskrifað: borgarar, grasnytja menn og einstöku tómhúsmenn þar á meðal, sig upp undan því at sauðfè

skólakennara H. Kr. Friðrikssonar hafi um undanfarinn tíma verið álitið og meðhöndlað sem kláðasjúkt fé, og að hinn nœmi fjárkláði hafi fundizt í því við síðustu skoðun að tilhlutun hins opinbera í seinastliðnum ágúst mánuði, og með því nokkrir bœndanna hafa nú í sumar átt heilbrigðan sauðfénað upp til sveitanna, er þeir hafi orðið að reka híngað heim til hins afléttandi réttunum, en aðrir hafi fastráðið að útvega sér í haust nýjan og heilbrigðan fjárstofn, þá skora forendrnir á bœarstjórnina jafnframt, að hún vili hlutast um að þær ráðstafanir verði gjörðar viðvíkjandi þessu kláðasjúka fé H. Kr. Fr. sem fulltryggjandi sé fyrir þenna hinn heilbrigða fjárstofn þeirra og málsberða til verndunar því að hann sýktist eigi af hinum sóttnœma kláða.

Vér reddum mál þetta með oss á fundi 26. f. mán. og verðum vér fyrirfram að athuga, að það var flestra manna meiníng sú, að fjáreigandinn Halldór skólakennari Friðriksson mundi hafa afráðið að lóga öllu hinu sjúka og grunaða fé nú á þessu hausti og mun sú ætlun manna hafa einkum verið byggð á því, að hann var þá, er vér reddum

1867 Október

málið á fundinum, eigi farinn að hafa útvegu um neitt vetrarfóður handa þessleiðis fénaði; en einmitt síðan, og sérílagi þegar nokkur kom fram á þ. mán., mun hann hafa farið að hafa útheyis aðdrátt eptir föngum, enda er það nú talið fénaðalaust, at hann ætli að setja á vetur um 20 fjár, af þessum gamla stofni sínum. En verði svo sem virðist auðsætt at beiðendunum má þó framar virðast tilvorkunnar þó að þeir líti á sjór og fulltingis bæjarstjórnarinnar, í þessu máli, sem sauðkindur þessa manns hafa reynzt forsálkari til lækninganna heldren sauðfé annara flestra ef eigi allra annara er hafa átt við þenna kvilla að stríða í sauðfé sínu, þar sem það mun óefað er borið er fram í umkvörtun þeirra, einnig ytri herra Cancellíráð er líka best kunnugt að fé Haldórs Friðrikssonar hefir verið með kláða að Klöpparholti í alt vor og sumar allt framundir miðjan þ. mán., en í annan stað hefur fé þessu verið haldið hér í högum kaupstaðarins í allt sumar, svo að það hefir verið hrein frágöngssök fyrir alla aðra innbúa Reykjavíkur umdæmis að eiga hér nokkura

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kind heilbrigða í heimahögunum
því at þeir hefði getat þat og viljat
at öðruleytr. — Og svo framt eigi tak-
ist betr at bæta þetta fé á kom-
anda vetri heldren orðið hefir
til þessa, heldr reyndist um eigi al-
heilt og grunlaust fram yfir árslok-
in, þá virðist oss at þat megi með
einu móti haldast uppi at
svona einn maðr, og þat þótt
sá maðr er hvorki hefir né þarf
at hafa neina atvinnu af kvik-
fjárrækt, og sem þar at auki sár-
litla eðr svo at segja alls enga
réttar til-sölu getr haft til fjárbeitar
um úthaga bæjarins, megi með
því at halda hinu sjúka og grun-
aða fé sínu víðsvegar um land
bæjarins á næstkomanda vori
og sumri, sita öllum öðrum kaup-
staðarbúum í ljósi, ætla vera því
til beinnar fyrirstöðu at þeir hver
fyrir sig og allir yfirhöfuð geti átt
hér og haft nokkra sína heilbrigða
sauðkind í landinu.

Af rökum þeim sem hér eru
tekin fram og at öðru leyti í
krapti grundvallarreglanna í
tilsk. 5. Jan. 1866 verðum vér at leyfa
oss að fela málefni þetta gjörði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

forsjá yðar herra Kanselíráð sem lög-
reglustjóra bæarins til allra þeirra
tilhlutunar og ráðstafana, sem
hlíta mætti svo að það yrði séð far-
borða, að þeim sjálfsagða rétti bæar-
búa að geta haft heilbrigt sauðfé
hér heima fyrir í úthögum kaup-
staðarins, verði eigi einasta berlega mis-
boðið og hann brotinn á bak aptr nú
framan af vetri þessum og hið næsta
vor og sumar einsog óneitanlega virð-
ist hafa verið þetta ár. Og má einnig
taka það fram, að bændurnir í nágranna-
hreppunum, Seltjarnarness hreppi, en
bæir þeirra liggja umhverfis kaup-
staðarlandið á alla vegu, einsog kunn-
ugt er, hafa einnig og fleirum sinn-
um borið sig raunalega uppvið
oss fulltrúana undan þessu athæfi
skólakennara H. Kr. Friðrikssonar
næstliðið vor og sumar, og þeim háska
er þeirra heilbrigða fjárstofni sé svo auð-
sjáanlega þaraf búinn ef hinu sama
skyldi enn fram fara árið sem kemur.

J. Guðmundsson. H. A. Sivertsen H. Jónsson
O. Finsen Th. Stephensen Jón Þórðarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# December 1867.

## No 125.

*Til bæarfógetans. 5. Dec.*

Á fundi bæarfulltrúanna í dag var gengið til kosningar á hinum 3. manni í kjörstjórn kaupstaðarins, samkvæmt 9. gr. í bæarst. reglugj. til þess að undirbúa að verði og gengið fyrir að kjósa nýjan bæarfulltrúa með byrjun næsta árs í stað undirskrifaðs Jóns Guðmundssonar er hefir útendað hins lögákveðna starfstíma í bæarstjórninni með lokum þ. á. – Var nú þannig kosinn í kjörstjórnina með atkvæðafjölda herra O. Finsen, hvað eg hérmeð tilkynni yðr samkvæmt gjörðabók vorri.

J. Guðm

p.t. formaðr.

## No 126.

*Til Bæarfógetans 10. Decbr.*

Eptir að vér bæarfulltrúarnir, ~~[illegible]~~ ~~[illegible]~~, með heiðruðum bréfum yðar, herra kanselíráð 29 og 30 f. m. án höfðum fengið

a. Áætlun fátækranefndarinnar um það fé er þurfi úr bæarsjóði að leggja í þarfir þurfamanna árið 1868 að upphæð 1078rd 48ß

b. Áætlun barnaskóla nefndarinnar um það hvað mikið þurfi að ætla til barnaskólahaldsins úr bæarsjóði hið sama næstkomandi ár 1868, – að upph. 661rd –

og eptir að áætlanir þessar höfðu borizt um, kring milli vor til yfirvegunar og rannsóknar [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1867 December

þætti vera til umræðu á fundi með oss 6. þ. mán og fundust eigi nógar ástæður til að fresta samþykki á þeim eins og þér nú leggja fyrir, en þvert á móti þótti sjálfsagt að áskilja, að gjaldkerar hvorutveggja nefndarinnar væri viðbúnir við að koma fram með allar ítarlegri upplýsingar sem þörf væri á, viðvíkjandi eptirstöðvum gjöt-anna að árslokum, hvers fyrir sig og aðrar fasteignir þá bæjarstjórnin hefði nokkar ástæðu á að færa móti þessar hinar áætluðu upphæðir nefndarinnar, þegar bæjarstjórnin um lok þ. mán. byrjar á áætlun yfir öll bæjargjöldin fyrir næstkomanda ár 1868.

J. Guðm. H. A. Sivertsen. H. Jónsson. O. Finsen. Th. Stephensen. Jón Þórðarson.

No. 127

Til Bæjarfógetans s. d. —

Bréf það frá Þorláki Péturssyni, lausamanni í Litlaholti hér í kaupstaðnum, dags. 20. f. mán., er þér herra Cancellíráð sendið þall frá yður það er þér álitið það áheitnum yðar ri 2. þ. mán. — hvar með Þorlákur fer fram á, að fá útvísað hæfilegt svæði til útgræðslu og bæjarstæðis í austan verðu móholtinu þar sem alfaravegurinn liggr suður til Öskjuhlíðar, og fyrir austan veginn milli hans og mómýrarinnar fyrir norðan svo, nefndan Pétursstíg, — kom til umræðu og álykt á fundi vorum 6. þ. mán. — Varð þar eptir nokkr-ar umræður, samhuga álit vort um það mál, að eigi væri gjöranda að útvísa nein-um byggingarpláz og til umgirðinda útgræðsla pláz þarna á því svæði og innan umrædda þessa er beiðandinn fer framá, því bæði liggja stígur og beinastir útreiðsluvegir að svæði þessu og yfir það til breiðsluholtanna fyrir vestan veginn, og svo er þetta þerriland fyrir mó á svæðinu sjálfu og þar til seinast þangað úr gröfunum, þar austanvið Mórdum munda því verða erfiðleikar búnir og ýmisleg óhagr, ef hér yrði næst bygt og gjörðingar allt um kring meginhluta þessa þerri holts til þess að græða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þar uppi tún eða slægjuland, enn og beiðandi lært í forna. Þarað auki virðist mega athuga hérvið, að beiðandanum Þorláki Péturssyni var útvísað og heimilað nýtt bæjarstæði með allt líklegu útgræðslu svæði ~~og með að því tilheyrandi~~ fyrir rúmum 3 árum hérfrá (sbr. byggingarnefndargjörð 13. Maí 1864 og bréf bæjarfulltrúanna 20. Júlí s. á.) og veit maður eigi til að beiðandi hafi fært sér þá heimild í nyt eða unnið þar að, hvorki að einu né neinu síðan.

Vér álítum því að þessa beiðni beri ekki að taka til greina, og endursendum hana hér með fylgiskjölum (Ól. – allir)

## № 128

Til Sama s. d.

Með heiðruðu bréfi 24. f. mán. hafið þér herra Kanselíráð, gefið oss tilvitundar, að Stiptamtið hafi s. dag kvatt konuna Solveigu Pálsdóttur, yfirsetukonu á Vestmannaeyjum til þess að vera yfirsetukona hér í staðnum (og sjálfsagt jafnframt í Seltjarnarnes hreppi) með embættislaununum þeim og tekjunum er starfa þessum hefir fylgt hingaðtil. Jafnframt hafið þér ~~sent oss~~ herra, sent oss beiðni hennar 26. f. mán. hvarmeð hún fer þess á leit, að bæjarstjórnin láni henni eða láta greiða sér þegar sem slíkjandi lán 30 rd uppí hennar væntanleg laun, þannig að lán þetta endurgjaldist mánaðarlega með því að halda svo og svo miklu af launum hennar hvern mánuð unz skuldin væri ~~að~~ endurgoldin að fullu. Landlæknir vor herra Jústizráð Dr. J. Hjaltalín hefir veitt beiðninni meðmæli sín ~~að því~~ sem að henni verði veitt þetta lánið.

Vér ræddum um mál þetta með oss á fundi 6. þ. mán. og urðum vér að verða á einu máli um það, að eigi gæti orðið tiltök um að veita hið umbeðna lán úr bæjarsjóði né heldur aðra slíka öðruvísi fyrir fram greiðslu uppí áfallandi laun

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

helldren helming árslaunanna í meðalegi. Nú fá baðar yfirsetukonurnar sem hér eru, eigi nema 53rd 32ß tilsamans úr bæjarsjóði árlega þ. e. 26rd 64ß hvor, þeirra og leiðir þar af að oss þótti eigi gefandi málið á að veita hvorandi meiri fyrir framgreiðslu en þegar 1. Janr 1868 en 13rd. með því skilyrði þó, að bæjargjaldkeri heldi eimi af launum Sevandeins 1rd 8ß hverri mánaðanna frá

J.N. 2. 1. Janr til 31. Desbr 1868. Þó en þessu framt og vér urðum að komast að svofelldri niðurstöðu um fyrirfram greiðslu þá er hér var farið fram á upp í tilvonandi laun, virtist oss sér skaðlega takanda til greina, að þessi hin nýja yfirsetukona hafði verið pöntuð hingað af landlækni þegar staðurinn eptir dauða yfirsetukonunnar Helgu Egilsdóttur og stóra á henna að koma hingað, og þurfti þessi embættið sinni sem fyrst hún gæti, en hún eigi fengið það á stórum, sakir ógæftra og ferðalegra milli lands og Eyja fyrri komið var fram á vetur, og að fyrir það varð send hennar hingað austan úr Landeyjum, miklu kostnaðar samar helldren ef það hefði getað orðið fyr á sumrinu. Og þar sem nú sá helmingr yfirsetukonu launanna sem hér fellr í hlut var óáviðsatr og ókræfur frá ágúst mánaðar lokum (Helga Egilsdóttir dó í Ágúst þ. á.) og til 30. þ. mán er Stiptamtið hefir beiðandi ráðstafa, en fulltrúarnir sáu sér hins vegar eigi fært að bæta þannig úr bráða byrgðarþörf um hennar, sem samkvæmt rök eru færð fyrir hér að framan, hvað þessari nýju yfirsetukonu gagnist góðar vitnisburðir og meðmæli bæði að fornu og nú af landlækni, þá virtist oss sanngjarnt og hlutarins eðli tala fyrir því að eptirláta henni og veita þessi hálfsmissiris laun er þannig væri óborguð og óávaxið, frá 1. Septbr til 30. Nvbr þ. á. samtals 6rd 47ß.

Að vísu barst formanni með undirskrifuðum 2 dögum eptir

.: fundinn hér með fylgjandi áskorun landsk..

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-inr, dags. 7. þ. mán. um að (aðgæta og) greiða hinni yfir-
-setukonunni hér í sókninni Þorbjörgu „Sveins-
-son" (líklega Sveinsdóttur") leiðan launa hlut-
~~frá dauða~~ af því hann hafi orðið að fela henni
á hendr öll ljósmóður störfin ~~frá~~ hér umdæm-
-isins síðan frá því Helga Egilsdóttir dó og
þangað til nýi yfirsetukona yrði skipuð í hennar
stað, úr því honum hefði eigi gengið að fá
„yfirsetukonu Katrínu úr Hafnarfirði"
til þess að taka aptr ljósmóður störfin hér
í umdæminu: En vér verðum að athuga ~~xxx~~
~~þess~~ í umræði þessari áskorun og kröfu (af hendi) land-
læknisins, að hann eigi fyrri nú hefir til-
kynnt bæjarstjórninni þessa ráðstöfun sína
og þó eigi látið uppi hvenær hann hafi sett
Þorbjörgu, eða að hvaða mála leyti hann hafi
haft í skilyrði að fá öll launin — að starfs-
auki þessi er á Þorbjörgu bættist var um
þetta tíma árs hvar að kalla nýja, og mein-
-ast að ~~hafa~~ margfalt meiri aukatekjur hafi
gjört hana ~~að~~ fyllilega í haldna þó ekki
fái hún þessi litlu laun, er hún eigi heldr
verðist að hafa á skilið hér, ~~og~~ að landlækn-
-irinn hefir sjálfr orðið fyrri til hins
að mæla með því að Sólveig Pálsdóttir
fengi aukastyrk, eða styrk til láns úr bæjar-
sjóði dálítið ~~xx~~ tyrtölu kringum þessa þarfra, ~~er fyr~~
~~vara~~ ~~xxxxx~~, er kona hennar hingað var
bundin um haustið, og að hvorugt þeirra,
hvorki landlæknirinn né Þorbjörg yfirsetu-
-kona höfðu í sínu þessum sínu máli,
heldr í fylsta óleina, eigi fyrri fulltrúarnir
eptir meðmælingu landlæknisins sjálfs
voru búnir á formlegan hátt, á fundi
að veita Sólveigu Pálsdóttur þenna
~~en~~ litla aukastyrk er hvorki hann
né annar æðri yfirvald hafðu ~~gjört~~
stigið neitt spor til að gjöra ráðstafað
eða veitt á annan hátt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vèr finnum því enga ástæðu til að breyt(a) gjört væri 6. þ.m. í ~~þessu~~ máli því sem hèr ræðir um eða að aptrkalla hana, - Viljum vèr mega biðja yður, herra kanselíráð, að gefa herra landlæknum þetta til vitundar, og í annan stað að leggja fyrir bæjargjaldkerann að greiða Solveigu Pálsdóttur úr bæjarsjóði 1° sem veitingu endurgjaldslaust ~~hún á~~ helmingu hennar í ökleudi yfir setukonulauna frá 1. Septbr til 30. Novbr þ. árs með 6rd 64/,2ß fyrirfram uppí laun ~~hennar~~ frá 1. Jan. þ. á 13rd en að hann haldi aptr sinni af launum hennar 1rd 8ß mánaðarlega til enda ársins. - Að síðustu biðjum vèr mega biðja, að yfirsetukonunni Solveigu Pálsdóttur verði gefin nauðsynleg undirvísun um það hvers hún framvegis megi ~~álit fara~~ eiga í vændum og fenga eptir hjá bæjargjaldkeranum. alvid)

Jón Guðm. ( O. S.

№ 128

Til Bæjarfógetans 10. Desbr

Með heiðruðu brèfi 5. þ.mán. hafið þèr, herra kanselíráð sent fulltrúunum til álita, eptir fyrirlagi Stiptamtsins, ~~2. Desbr á undan~~ ritað þeim 2. des. þ. mán., eina eptir-an við skjalið sjálft, ~~þeim ráð~~, um kvörtun frá 13 tomthúsmönnum og húseigendum hèr vestantil í bænum, yfir því, að bæjarstjórnin hafi fyrir skemmstu gefið vilyrði, ~~því að byggja rétt~~ að einn af kaupmönnum þeim sem hèr reka verzlun, er hafði ~~farið á~~ látið fara þess á leit, ~~við bæjar hana~~ sakir vantandi byggingarstæðis, að mega fá að reisa frá stofni kaupstaðarhús í hinni svo nefndu Gróf, ~~hefir með atkvæðafjölda og með ákveðnum~~ skilgreinum gefið honum vilyrði fyrir því eptir þeir ~~útskrifaði~~ sem byggingarnefndin nákvæmar ákvað, innan þeirra skilgreina og takmarkana sem ~~hefir~~ Gróf leyfð slíka byggingi og álita lóð

endrunir, að þarsem þeir þarmeð yrði útilokaðir ~~frá~~ að öllu leyti frá að geta haft uppsátur ~~fyrir~~ í Gróf inni fyrir fiskiskip sín og báta einsog verið hefir, þá sé þeim eigi aðeins þarmeð bakaðr ómetan- legr ~~andi~~ hnekkir í aðal og einka atvinnu þeirra þar sem er sjáfarútvegrinn og fiskiaflinn, heldr sé og hérmeð brotinn á þeim réttr sá er þeir, ~~að minnsta kosti hver fyrir sína lífstíð~~ einmitt hafi til óskerts og ómeinaðs fiskibáta uppsáturs ~~í þ.~~ þarna í Grófinni, að minnsta kosti hver þeirra fyrir sig um þeirra lífstíð ~~æfilangt~~. Þarað auki halda kærendrnir því fram að slíkt leyfi bæarstjórnarinnar til þess að vér megi ~~að~~ reisa bygg- ingar í Grófinni sé eigi aðeins mótkvæft bréfi lögstjórnarinnar 15. Febr f. á. heldr einnig því áliti ~~er stiptamt~~ og niðrstöðu er bæarstjórnin sjálf hafi komizt að og stiptamtið þá hafi aðhylzt. Þegar ~~spurs- málið var~~ samlynja spursmáli, um að mega byggja kaupstaðar hús í Grófinni, var hreift haustið 1865. Einungis [illegible] herra kanselíráð er [illegible], þá er

Vér ~~[illegible] þetta,~~ Umkvörtun þessi ~~er einnig~~ sprottin af því sem viðtekið var á sam- eiginlegum bæarstjórnarfundi .. þ. mán., þarsem ~~hann~~ bæarstjórnin tók þarað lútandi beiðni frá talsmanni ~~Kaupmanns~~ verzlunarhússins Joh. Jacobsens & Co. ~~hér í~~ um að þeim yrði leyft að byggja frá stofni tví- loptað steinhús í Grófinni, gat að vísu kost, á þessu með áskildum skilyrðum, eins og sú gjörð bæarstjórnarinnar ber með sér.

Nú er vér ræddum mál þetta með oss á fundi 6. þ. mán. — þá er þess fyrst að geta að meðundirskrifaðr Jón Þórðarson full- trúi tómthúsmannanna, var nú einnig á áðrnefndum [illegible] þ. mán. á gagnstæðu áliti ~~um~~ við hina 5 fulltrúana, og ~~kann~~ vildi hann því nú gefa ~~kæru~~ skoðun ~~sinni~~ meðhald í allri aðal -skoðun þess, og mótmælir að sínu leyti ótvíræði úrslitum á málinu heldr en þeim er hann hélt fram á hinum fyrra fundi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

En vjer hinir 5 fulltrúarnir verðum aptr að
athuga það fyrst fram, að þóað bæjarstjórnin eða
meiri hluti hennar hafi að vísu með hinni fyr-
nefndu gjörð gefið af hennar hálfu verzlunarhúsinu ~~Sal.~~ Jacobsen
& Co kost á byggingarstæði í Grófinni, þá virðist
svo sem þær takmarkanir er bæjarstjórnin hafði í skilyrði ~~þær og skilyrði~~ ~~er~~ bæði
með tilliti til húslengdar innar og afstöðu, og til tímans
er byrja mætti að byggja, hafi eigi verið beiðanda
að skapi eða þótt aðgengilegar, þar sem hann
hefir enn ekki farið útmælingar byggingar-
nefndarinnar á leit eða [illegible] hagsker-
valdsins. — Að þessu legði með því væri að ~~verið~~ ~~bygg~~ ~~fyr~~ ~~sem slíkt~~ að fyrirkomu-
malið sjálft ekki lagt fyrir til úrgreiðslu, ~~hvorki~~ eða
og þá heldr ekki það atriði hvort ~~hin fyrirlögð~~
þessi umtöluðu þerra 13 á við nógileg rök
að styðjast eða ekki; allvarugt getr að vorri ætl-
an komið til álita fyrr en málinu er komið svo
að stiptamtið ~~sam~~ ~~þykki~~ samþykki eða ekki
samþykki útmælingu byggingarnefndarinnar
~~samþykki~~ & og þau skilyrði bæjarstjórnar-
innar sem þar fyrir verða til grundvallar
lögð. Eigi að síðr þykir réttara, ~~at~~ ~~at~~ úr því
stiptamtið nú hefir lagt umtöluðu þessa
fyrir til álita, að fara nokkrum orðum um
aðalefni hennar og rökgreindaleiðslu, og
verðum vjer þá sérstaklega, og í öllu verulegu ~~að~~ skírskota til
álitsskjala bæjarstjórnarinnar og úrskurðar
stiptamtsins um þetta mál haustið 1865,
og er það svo bert af kærunskjalinu sjálfu,
að ekki þarf þessinnar frekari útlistunar
við, að það er byggt á á þreifanlegum misskiln-
ingi bæði á þessum álitsskjölum og á
sjálfu lögstjórnarbrefinu 15. Febr. f. á.,
þar sem kærendrnir fara því fram, að bæjar-
stjórnin, með því nú að gefa kost á að
mega byggja í Grófinni brjóti um þver bak
tillögur sínar og úrskurð stiptamtsins um
málið frá 1865. Því það er auðsætt af öllu
því er gjörðist og var afráðið um mál þetta
í hittedfyrra bæði af ~~stiptinu og~~ löggra og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

aðri stjórnarvöldum, að með þeim bak-
görðunum og skilgörðum sem bæjarstjórn-
in hefir nú gjört kost á að mega byggja
í gröfinni í sambandi með þeim á lyst-
unum er ~~er~~ jafnframt voru teknar til
þess að byrja nú þegar í vetr á að undir-
búa nýtt uppsátr fyrir vestan Ullar-
húsa þorpið, — ~~að bæjarstjórnin~~ þá hefir
hún gjört þetta í fyllsta samkvæmni við
þær [illegible] ~~þar sem byggt var á~~ sem úrslit málsins
1865 voru einkanlega byggð á.

Jafnframt því að endrsenda umkvört-
unarskjalið með þessu áliti voru, vil-
jum vér leyfa oss að stinga uppá að
stiptamtinu ~~sé~~ verði einnig send ~~in eðlenar~~
~~út~~ útdráttr úr eldri af fundi ~~be~~ og gjörð
bæjarstjórnarinnar um þetta mál .. þ.
mán, — eða þá svolagað ágrip þar af, sem
þér ~~yðr~~ herra conferenzráð munið álíta nægi-
legt upplýsingar til upplýsingar.

(Allir undir)

No 130

Til bæjarfógetans 10. des.

Með heiðruðu bréfi yðar 26. f. mán. hafið
þér herra kanselliráð, sent oss bréf yfir-
stjórnenda Thorkilliisjóðsins, stiptsyfirvald-
anna yfir Íslandi, áhrærandi þá árlegu
hluttöku Reykjavíkur kaupstaðar til móts
við aðra hreppa í hinu forna Kjalarnes-
þingi, í vöxtum téðs sjóðs, sem fyrirskipuð
er og veitt með allrahæstum konúng-
úrskurði 5. Oct. f. á. (birtum með bréfi
kirkju og kennslustjórnarinnar 21. des. s. á.)
til kristilegs uppeldis og fræðslu fátækum
börnum í hinu forna Kjalarnesþingi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1867. Desember.

Eptir að málefni þetta var búið að gánga um kríng milli okkar tilsjónarbestos og yfir-vegunar, ræddum við það með oss á fundi 6. þ. mán., og varð samhuga álitsatkv. og niður-staða um það, að því leyti sem það nú liggur fyrir til úrgreiðslu, á þessa leið:

Einsog það er með berum orðum á-kveðið í kirkju og kennslustjórnarbréfinu 17. Desbr. f. á. og þessu samkvæmt einnig tekið fram í bréfi stiptsyfirvaldanna, að fátækra-nefndin og skólanefndin hér í kaupstaðnum eigi, í sameiníngu að skipta niður og verja þeim hluta af leigunum sjóðsins, sem yfir-stjórn Thorkillii sjóðsins, ákveður að ætlaður skuli á ári hverju til uppeldis fátækum börnum þar o. s. frv., eins virðist það eðlilegast og réttast að þessar hinar sömu nefndir takist nú þegar á hendur og gángist frá upphafi fyrir öllum þeim undirbúníngi sem áskilinn er og fyrirlagður í bréfi stiptsyfirvaldanna til þess að geta fengið þá tiltölu fátækra barna sem Reykjavíkur kaupstað ber af hinum árlegu vöxtunum, og virðist svofeldur undirbúníngur málsins að vera eðlilegri og hagfeldari því fremur, sem dómkirkjuprestinum, er samkvæmt stöðu hans sem sóknarprests, sjálf-sagt verður að líta á um útfyllíngu eyðublað-anna er fylgdu, – einsog þér herra kanselíráð jafnframt takið fram í þessu bréfi yðar, einnig

er lögboðið formaðr í báðum nefndunum
bæði fátækranefndinni og barnaskólanefndinni;
og virðist enn fremur takanda fram, að undir
þá aukastjórn bæarmálefnanna sem fátækra-
nefndin hér í staðnum hefir á hendi að lögum
en einn bæarfulltrúanna hefir jafnan sæti
í nefndinni og hinir 2 nefndarmennirnir
eru tilnefndir og kvaddir af bæarfulltrú-
unum (Bæarst. reglug. 18. gr.) — liggja
öll þau hreppstjórnarstörf sem viðkoma
framfærslu og ráðstöfun ýngri sem eldri
þurfamanna í kaupstaðnum eins og öll
önnur fátækra mál yfir höfuð að tala;
einnig þessvegna virðist eðlilegast og réttast
að sá hluti undirbúningsins undir þau
mál sem stjórnarbréfið leggur hreppstjór-
unum á herðar, eigi hér einkanlega [með tilliti til hlutar áðurnefnds af skólanefndinni]
að leysast af hendi af fátækranefndinni
(sem leitist af hinum á minnsta rétta
sem henni er áskilinn til þess að eiga
hlut að máli um það, hvernig þeim
hluta varkárna sem Reykjavíkur kaup-
stað viðvíkur, verði varið á hvert.

Jafnframt þér að senda hérmeð
½. tilbaka bréf stiptsyfirvaldanna með eptir-
blöðum, og í trausti þess að þér herra kan-
sellíráð verðið sammála þessum til-
lögum vorum, biðjum vér yður þá
gjöra að gángast fyrir því að fátækranefnd-
in og skólanefndin takist þann starfa

á hendr, sem hér ræðir um, og leysi hann af hendi innan ákveðins tíma og er það vitaskuld, að formaðr bæarfulltrúanna er fús á að taka þátt í útfyllíngu eyðablaðanna og láta af hendi allar aðrar upplýsíngar sem kostr er á, svo framt formenn hinna tveggja nefndanna skyldu óska þess.

Jón Guðmundsson. H. A. Sivertsen. M. Jónsson. O. Finsen. Th. Stephensen. Jón Pétursson

No. 131.

*Til Bæarfógetans 22an Janr.*

Hérmeð skal eg eigi láta hjálíða, að skýra yður herra Cancellíráð, frá því, að á fundi bæarfulltrúanna í gjær, framfóru þessar kosningar:

1) var eg undirskrifaður kosin fyrir formann bæarfulltrúanna
2) Yfirdómari Jón Pétursson fyrir varaformann þeirra, og í barnaskólastjórnina, ístað málaflutningsm: J Guðmundssonar
3) Verzlunarstjóri Th Stephensen úr flokki bæarfulltrúanna, ístað Agents O Finsens, í fátækrastjórnina,
4) Kaupmaður J Heilmann einnig í fátækrastjórnina, ístað Geirs Zoëga er gengið hafði út úr henni, og
5) Kaupmaður O Möller fyrir bæargjaldkera.

No. 132.

*til Bæarfógetans 7/2 Febr.*

Um leið og vér hérmeð endursendum yður ~~bréf~~ herra Cancellíráð bréf Stiptamtsins dags 31. f. m., hvarmeð það samþykkir að hið áætlaða lán, ~~af bæarstjórninni~~, til gjörðar á Hlíðarhúsavegnum, megi taka, viljum vér ekki undanfella að gefa yður til kynna, að okkur ~~á fundi~~ kom saman um á fundi í gjær, að biðja yður ásamt formanninum að gera ráðstafanir þær, er lántaka þessi útheimtir

No. 133.

*til Bæarfógetans 30. Marts.*

Hérmeð leyfi eg mér, að senda yður herra Cancellíráð, til vanalegrar ráðstöfunar: Niðurjöfnun fulltrúanna á bæargjöldunum fyrir yfirstandandi ár.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# April ~~Marts~~ 1868

No 134.

Til Bæarfógetans 6 April

Med heidrudu brjefi 4 þ.m. hafid þjer, herra Cancelliráð, sendt bæarfulltrúunum afskrift af ~~útmælingar~~ gjörð byggingarnefndarinnar, hvarmed hún ávísar N. Hafliðasyni hússtæði á Hlídarhúsalódinni, og um leid æskt eptir ~~staðfestingu bæarstjórnarinnar~~ að bæarstjórnarinnar staðfesti þessa útmælingu. Á fundi þeim er ~~fulltrúarnir~~ vér héldum í dag, kom ~~þeim~~ oss ásamt um, að ~~frá~~ at hálfu bæarstjórnarinnar, ekki sé ástæda til ~~að mótmæla~~ annars en að stadfesta þessa gjörd byggingarnefndarinnar, sem og líka að fela ydur á hendur, rádstafanir þær, er breitíng á eptirgjaldinu af túnparti þeim, sem þessi útmæling skerdir, hafa í för med sjer. Afskriftina af gjörd byggingarnefndarinnar ásamt ~~og~~ uppbodsskilmálunum endursendum vér ydr hérmed.

No 135.

til Bæarfógeta 12te Júní

Hérmed leyfi eg mér, að senda ydur, herra Cancelliráð, til frekari rádstöfunar niðurjöfnun bæarfulltrúanna, sem þeir gjörd í dag á þá hinu nýju bæarbúa, er ekki voru komnir hér í bæinn, þegar adal nidurjöfnunin fram fór í vor.

No 136.

Til Stiptamtsins 20. Júni

Með heidrudu brjefi dags. igær hefur Hra. bæjarfógetinn sent fulltrúunum oss brjef frá Stiptamtinu til bæjarstjórnarinnar dags. 15. þ.m. er umrædir kæru Hra. J. Gudmundssonar ásamt fleiri bæjarbúa, yfir stefnu þeirri, í hverja bæjarstjórnin lætur leggja hinn nýja alfaraveg, og hvarmed Hra. J. Gudmundsson líka beidist þess, að Stiptamtid leggi forbod á að starfa þessum verdi hjereptir framhaldid, þartil ædri úrskurdur sker úr máli. Vidvíkjandi nefndu forbodi, er Stiptamtid ber undir álit fulltrúanna, þá kom oss á fundi igær saman um, að þar rádning verkamanna þeirra, sem frá vertídarlokum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

voru teknir til að vinna að Ellidarhúsa og alfaraveginum, er bindandi fyrir bæjarstjórnina til Jónsmessu, og þar þykir óhentugra á þeim fáu vinnudögum, er eptir eru til nefnds tímabils, að byrja á nýjum störfum, þá höfum vjer afráðið fyrst um sinn að framhalda starfanum við alfaraveginn hina næst komandi daga (fram að 24. þ.m.), og mun hann þá verða kominn frá hoðarhorninu við Steinkudys og niður að Skólavörðu, og með sjerlegu tilliti til, að hið ætlaða fje til vegagjörða og annara bæjarþarfa þá að mestu lyti er protið, og lengri starfi að alfaraveginum, sem þó mætti sýnast mjög æskilegur, til þess nú strax í sumar að geta gjört hann greiddan niður að bæjarþorpinu, þessvegna er ómögulegur, nema með lántöku.

Viðvíkjandi spurningu Stiptamtsins um, hvort J. Þórðarson og H. Jónsson hvor sjerílagi ekki hafi vísað á hinar sem No 1 og 2 tilgreindu vegastefnur, þá játum vjer því. Um bréfum Th. Stephensens til ~~[illegible]~~ Skotunnarfundarins, 6. þ.m., sem og líka ástæður þær, er mæla með skólavörðustefnunni, og tilgreindar voru á fundi, er haldinn var af Hra. bæjarfógetanum 25. f.m., vonum vjer að hann gefi Stiptamtinu greinilega skýrslu, og álítum því ekki þörf hér að tilgreina þær, í þeirri von, að þær rjettlæti ályktun vora (meirihlutans).

Að svara þeim ýmsu ástæðum, sem Hra. J. Guðmundsson fyrir hönd sjálfs sín, 21 annara og, að sögn hans, „jafnvel miklu fleiri bæjarbúa,“ um hverra tölu upphæð vjer erum ófróðir, álítum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vjer fulltrúunum meðfram sem óviðkomandi
og viljum því einungis stuttlega koma við hin
helstu atriði, er beinlínis snerta bæjarstjórnina
eða aðgjörðir hennar.

Það er þá sagt í brjefi Hra. J. Guðmundssonar
1) að menn viti eigi annað sannara, en að
allar bæjarstjórnir síðan 1840 í einum anda
hafi verið samþykkar því að framhalda nyrðstu
vegastefnunni, og sem Vegamótsbrúin, er mun
hafa verið lögð 1844-46, ber sönnun fyrir;
2) að skólavörðustíg 1857-58 eptir viðtekt 5 fulltrúa
hafi átt að viðhalda og friða fyrir hesta- og manna-
umferð einungis til skemmtivegar fyrir bæjarbúa.

Í tilliti til viðtektar bæjarstjórnarinnar síðan
1840 þá verðum vjer, yngri hlutinn, því verr að
viðurkenna vanþekkingu vora, en hinir eldri full-
trúar, J. Þórðarson og H. Jónsson, sem þó um lengra
tímabil, nl. fyrst um 1846 mun annar þeirra
hafa komizt í bæjarstjórnina, og þannig ættu að
ná til að hafa nokkra þekkingu ~~til~~ ýmsra ráða-
gjörða bæjarstjórnarinnar á hinu tiltekna 15-25
ára tímabili, hafa ekki minni til að slík
ákvörðun hafi verið gjörð eður staðfest.
Að Vegamótsbrúin, sem er lítill hluti af hinni
áformuðu vegalengd, sje vottur þess, að hin
nyrzta stefna vegarins eigi að vera regla
fyrir því, hvar vegurinn skal vera, þegar hann
er gjörður að nýju, getum vjer enganveginn
viðurkennt, heldur verðum vjer að álíta, að
þegar hinar gömlu Traðir yfir Stiftamtmanns-
túnið voru lagðar niður, ~~í bæinn~~ varð alfara-
vegurinn ekki á annan hátt leiddur niður
í bæinn, en með því að byggja Vegamóts-
brúna, sem síðar aptur fjekk endurbót. Eptir
þá gildandi skoðunum um vegi má víst

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

álíta ekki ólíklegt, að gamli alfaravegurinn
muni hafa þótt full hæfilegur sem þjóðvegur
því það er fyrst á síðari árum að vegabætur eru byrj-
aðar á nú tíðkaðan hátt, nl: með upphækkun, og
getur maður því af tilbúningi vegarins á tabrúarinnar
eins vel útleitt þann skilning, að gamla veginum
ætti framvegis að viðhalda. Þarsem Hr. Jón Guð-
mundsson talar um nyrzta vegastefnu, liggur sá
skilningur næst, - því af ókunnugleika getur það
naumast verið — að hann þarmeð meini gamla
veginn; en þetta á þó víst ekki að skiljast svo,
heldur sem vegur № 2, eður miðstefnan.

Að skólavörðustígur eingöngu hafi verið ætl-
aður fyrir skemmtiveg, sýnir að vísu gjörðabók
bæjarstjórnarinnar, en hún sýnir líka að þeir strax
á því af mótmælendunum tilteknu tímabili
nl: í Juni og Juli 1858 hafa farið að leyfa, fyrst
1 og síðan 2 mönnum að aka grjóti niður
eptir stígnum. Ekki löngu síðar munu stólpar
þeir, er voru settir til að varna hestaumferð,
teknir burt, og mun stígurinn ekki síðar
hafa verið friðaður fyrir brúkun, þartil líka á
síðustu árum ekkert viðhaldið. Þetta sýnir ljós-
lega, að skólavörðustígurinn líka er bænum þarfur
og jafnvel nauðsynlegur sem erfiðisvegur, þegar tekið
er tillit til hversu mikla atvinnu steinflutningr
hefur gefið bæjarbúum á síðari árum, og þótt hann
nú sje gjörður að alfaravegi, er tilganginum
með skemmtiveg ekki þarfyrir með öllu
sleppt, því með 8 álna breidd getur hann nægt
báðum tilætlunum, og hefur þó líka þann kost
í för með sér, að tilbúningur skemmtivegar
þess, er bæjarstjórnin 1857-58 á að hafa undir-
gengist að láta bæjarbúum í tje, burtfellur
og þannig ljettir á kostnaði þeim, er skemmti- og
alfara-vegurinn hvor í sínu lagi vildu skapa bæjarsjóði;

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1868. Júní.

Þegar að því er komið, einsog til er tekið í brjefinu, að hinir eldri bæjarstjórar um næstl. 15 ár ekki viti af neinum mótmælum gegn hinni (að okkur finnst ekki rjett nefndu) nýrzttu ~~stefnu~~ vegastefnu, þá verðum vjer (yngri hlutinn) að styðja oss við framsögu hinna eldri núverandi bæjarstjóra um þetta efni; líka er það auðsjáanlegt, að á meðan ekki átti að taka til framkvæmda, var nægur tími til mótsagnar, og sú tíð er nú fyrst fram komin.

Endaatriði brjefsins, nefnil. það óhikaðar skoðanir, ómekktar ályktanir og sýnilegar gjörðir undanfarinna bæjarstjórna á 15–20 ára tímabili rjettilega megi vega móti þriggja nýrra fulltrúa áliti, viljum vjer í almennum skilningi gefa meðhald; en hér geta líka gefist undantagur, því tíminn getur breytt áliti manna á ýmsum skoðunum, og það hjá sömu mönnum; og mun slíkt mega finna hjá hinum eldri bæjarstjórum, en þar vjer (meirihlutinn) álítum oss skylt að framfylgja og framfylgjum meiningu vorri um þetta ágreiningsefni, eptir beztu meðvitund, getum vjer eigi fráfallið áformi voru með veginn, þótt það sé mótstætt skoðan þeirri, er Hr. J. Guðmundsson heldur fram, sem áður viðurkenndri af bæjarstjórninni, en sem oss þó finnst ekki sönnuð, og aldrei hefur verið nema óframkvæmd.

No. 137.

til Bæjarfógetans 22. Júní

Umliðið og eg hérmeð aptursendi yður, Herra Cancellíráð, bréf Stiptamtsins dags. 15. þ.m, ásamt kæruskjali frá J. Guðmundssonar viðvíkjandi alfaraveginum, er þér með bréfi 19. þ.m sendið bæarstjórninni til yfirvegunar, sendi eg yður ~~og~~ líka bréf til Stiptamtsins dags 20. s.m hvar ~~hvar~~ ~~hver~~ hver fulltrúarnir lýsa áliti sínu um vegagjörðina og fleiri viðkomandi því (kæruskjalinu)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 138

*til bæjarfulltrúa J. Þórðarsonar 23da Júní*

Þareð þér ekki hafið undirskrifað bréf vort bæjarfulltrúanna til Stiptamtsins viðvíkjandi alfaravegunum dags 21ta þ.m. vil jeg hérmeð ~~skora á~~ biðja yður að þér gefið mér vitnisburð um: hvört þér við skoðun á þeim 3 ~~(vega)~~ stefnum alfaravegarins þann 6ta þ.m. ekki ~~hafið ráðið~~ hafið vísað Stiptamtmanni til stefnu miðvegarins (No 2), þar þessi spurning, einsog þér víst munið, er lögð fyrir bæjarstjórnina í Stiptamtsbrjefinu af 15. þ.m. HS.

No 139

*til bæjarfógetans 24. Júní*

Hérmeð leyfi eg mér að senda yður, herra Cancellíráð, svar bæjarfulltrúa J. Þórðarsonar uppá áskorun mína í bréfi dags: í gjær, viðvíkjandi vottorð um að hann við skoðun á þeim ýmsu stefnum alfaravegarins þ. 6ta þ.m., hafi vísað til stefnu miðvegarins (No 2). HS.

No 140.

*til bæjarfógetans 27. Júlí*

Hérmeð leyfi eg mér að endursenda yður, herra Cancellíráð, bréf barnaskólanefndarinnar dags 6ta þ.m., hvarmeð hún biður um 30rd viðbót við hina áætluðu 100rd til viðhalds á skólahúsinu, sem bæjarstjórnin samþykkir, þótt beiðni þessi nú megi heita ofseint framkomin, eptir að ~~þar~~ hin aukni kostnaður er áfallinn, og ~~beiðnin~~ bréfið ekki heldur lýsir því hvört þessi aukakostnaður hafi verið brýn nauðsyn

No 141.

*til bæjarfógetans 10. Septbr*

Hérmeð endursendast yður, herra Cancellíráð,
1) Þrjár útskriptir af gjörðum byggíngarnefndarinnar, með áteiknun um samþykki

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæarstjórnarinnar
2) Bréf frá Factor Lévinsen dags. 24 júní
3) Bréf frá bæarfúlltrúa J Þórdarsyni dags 11. Agúst,
~~4 Bréf frá Kaupm. E Waage~~
4) Ennfremur sendist ydur hermed, bréf frá bæarfúlltrúa J Þórdarsyni dags 15. Febr, vid=vikjandi ýmsúm ~~(?)~~ uppástúngum úm breitingar á kosningúm, kjörgengi ásamt fleirú í bæar=reglúgjördinni, med því fylgjandi álitsskjali dags. 26. Agúst, er herra J Pétursson og J Þórdarson, ~~(?)~~ hafa samid eptir bidni hinna fúlltrúana.

Nº 142.

til Grosserer M. Melchior i Kjøbenh. d. 21 October.

Med Skrivelse af Gaars Dato, samtidig med Aabningen af den nylig, særdeles smukt og solid opförte Skolevarde, har Hr. Cancelliraad A Thorsteinson meddeelt Os at De Herr Grosserer har interesseret Dem for dette Foretagende, og i denne Anledning tegnet Dem for en betydelig Sum, som har gjort det mulight at faa Arbeidet udfört, der, efter den Os tilstillede Regning, har kostet Rgdlr 1064. 48ß, og hvortil De höistærede Herr Grosserer, efter Herr Cancelliraadens Opgave, allerede har bidraget Cr. 300 Rgdlr, og desuden stillet i Udsigt at Deres hele Bidrag ville blive 350 Rgdlr. Vi ville derfor, paa Reykjavik Byes Vegne, som ved denne Deres ædelmodige og rigelige Gave har nydt en særdeles stor Forskjönnelse, som under sædvanlige Forhold neppe havde været opnaaelig, tillade Os at tolke Dem Vor hjertelige Taksigelse for en Velgjerning som længe vil mindes med Taknemlighed.

Nº 143.

til Bæarfógetans 26. Octbr

A fúndi þ. 23ja þ. m var rádid ad bidja ydur, herra Cancellíráad, sjá úm ad menn þeir, sem ýmist med edur án leyfis bæarstjórnarinnar, á lidnu súmri hafa haft heyskap á útjörd bæar,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

=~~[illegible]~~ins, greidi bæarsjóði hæfilegt endurgjald fyrir þessi afnot af bæareigninni. Eptir sem oss er kunnugt, eru það:
bókbindari E Jónsson
skólakennari Jónas Guðmundsson
kaupm: G Lambertsen
Þorlákur Pétursson
Magnús Þorkélsson, Grímstöðum.
Oss hefir borist, án þó að hafa full skil fyrir, að bændurnir á Grímstöðum og Görðunum, hafi selt utanbæar mönnum af mó þeim er þeir á liðnu vori færðu upp í Fossvog. Hafi þettað átt sér stað, sem oss, sökum þess ~~að~~ mótak árlega fer minkandi á lóð bæarins, þykir óhæfilegt, viljum vér biðja yður, við nefnda men, ~~ef~~ og aðra er slíkt vildu gjöra að leggja forboð á, að þeir framvegis færi upp mó í landi bæarins til sölu til ~~utanbæar~~ ~~manna~~.

## No. 144

Hérmeð endursendum vér yður, herra Cancelliráð; útskript af gjörð byggíngarnefndarinnar d: 5 Novbr, er vér samþykkjum og áætlanir fátækra~~nefndar~~ og barnaskólanefndanna fyrir næstk: ár, með áteiknun um samþykki vort. til Bæarfógetans 7. Decbr

Fulltrúi tómhúsmanna, J Þordarson, fráfellur beiðni sinni um lausn frá þessum starfa, ~~til~~ fyrst í stað til árslokanna 1869.

Til að gánga í kjörstjórnina til kosníngar á nýjum bæarfulltrúa, í stað O Finsen, höfum vér kosið J Pjetursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1869. Januar

til Bæar-fógeta 20ta Jan.

Nr. 145.

A fundi þeim er fulltrúarnir héldu í gjær, framfóru þessar kosningar: að eg undirskrifaður var kosinn sem formaður og hr yfirdómari J Pétursson sem varaformaður bæar fulltrúanna fyrir á nú yfirstandandi ár.

til bæarsformannsins. Jón Arnason í Stöðlakoti hafði í bréfi af 15da þ.m: sagt af sér starfa sínum í fátækranefndinni, en eptir að hann í gjær kom á fund fulltrúanna, lofaði hann að halda þessum starfa til næsta árs loka, með skilyrði því: að bæarfulltrúi J Þórðarson gángi í fátækranefndina ístað Th Stephensen, og komst þessi samníngur á milli þeirra J Þórðarsonar og Th Stephensen, er gilda skal fyrir yfirstandandi ár, hvað eg hérmeð eigi undanfelli að tilkynna yður, herra Cancellíráð

til Gjald-kera bæar-ins 20 Jan.

Nr. 146

Organisti P Gudjohnsen á að greiða 2rd 24ß fyrir torf sem hann fékk af Hlíðarhúsatúni á síðastl: vori, og eruð þér beðinn að veita þessu móttöku, og færa bæarsjóði til inngjalda

til Organ-ista P Gudjohn-sen 20/1

Nr. 147

Torf það, er þér á síðastl: vori fenguð af Hlíðarhúsatúni er metið á 2rd 24ß, og viljuð þér greiða gjaldkera bæarins þessa upphæð.

til Bæar-fógetans 10 Febr

Nr. 148

Hérmeð endursendist yður, herra Cancellí-ráð, útskript af gjörð byggíngarnefndarinnar af 20ta f.m., er vér samþykkjum, ásamt uppboðs skilmálum fyrir við sölu á Hlíðarhúsatúnsportunum af 28. Dec 1866.

Viðvíkjandi tilboði Sig: Steingrímssonar. Sé-um að leggja framhald af Hlíðarhúsarveginum út að Selsgarði, þá getum vér, ad svokomnu ekki gengið að, þar hið áætlaða vegabótagjald ekki mun vera

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leyfa að þessi kostnaður viðbætist, og vér ekki
þess fögnu viljum fresta öðrum meira aðþrengjandi endur-
bótum, ~~en vilji hann vita~~

Kaupm: E Waage kvartaði, í bréfi af
28. Agúst, yfir því, að Guðbjörgu Jónsdóttir, sem
hann segir sitt hjú, hafi verið gjört 1 ríkisd:
aukaútsvar, til bæarsjóðs og var þessu máli á fundi þ.
8. Sept. frestað þartil nánari upplýsing fengist.
Eptir að vér nú höfum fengið vissu fyrir
að þettað er einsog hann tilgreinir, álítum
vér að hið umrædda útsvar verði að burtfalla

No 149.

Í tilefni af yðar heiðraða tilskrifi af 20. Octbr
f. árs, viðvíkjandi Skólavörðunni, þá viljum vér hér-
með ekki undanfella að skýra yður frá, að vér,
eptir að hafa rætt bréfsefnið, fólum meðundir-
skrifuðum O Finsen og H Sivertsen að gángast
fyrir að samið yrði bónarbréf til bæarbúa
um frivilugar gjafir, ásamt öðru því er
gjörlegt mætti sýnast, til að geta fengið end-
urgjald fyrir þá 473 rd 45 ß sem eru eptirstand-
andi af byggíngarkostnaðinum, og hafa þeir
í von um greiðari gáng á þessu fyrirtæki, síðan
líka fengið herra etatsráð Th Jónassen, Consul
Randrup og málaflutningsm: J Guðmundsson
til ásamt sér að beiðast þessa af bæarbúum.
Hvern árángur viðleitni þessi hefir haft, lýsir
bréf, það er nefndir menn í gjær hafa ritað
yður, og sem vér viðleggjum, ásamt þarí
tilgreindu 61 ríkisdal. Að vísu hefir bónar-
bréfið enn ekki gengið milli allra bæarbúa,
en þó víst að mestu til þeirra er vænta mátti
að greiða vildu peníngagjöf, og vér búumst
því við héreptir enn að fá loforð fyrir nokkrum
styrk, sem þó helst mun verða í verkum þeim
er, sýnast helst þurfa til að fullkomna frá-
gánginn á vörðunni. Þetta hafa forgaungumennirnir

til Kancelli-ráðs A Thorsteinson 19. Febr.

um samskot til Skólavörðunnar og ráð-stöfun fjárins

líka tekid til greina, þar þeir ekki hafa haldid eptir nema 20 ríkisd: til þessa augnamids, jafnvel þótt í bónarbréfinu sé talid, ad þegar ad því kemur á næst=komandi vori, muni þartil þurfa 40. 50 ríkisd., sem þó mun reynast eigi ofmikid. Eptir því sem rialöga uppteiknun yfir nöfn gefendanna sýnir, eru samskotin: nú greiddu 81 ríkisd:

lofadar gjafir á næstk: hausti 63 „

„ „ , haustinu 1870 49 „

samtals 193 ríkisd:, edur

ad frádregnum áminnstum 20, 173 ríkisdalir.

Þared nú, eptir ad þessum loforðum verdur fullnægt, þó ekki getur endurgoldist meira en gildur þridjungur af eptirstandandi kostnadi þeim er þér hafid haft vid uppbygginguna á vörduni, og vér, ad minsti ekki ad svokomnu til muna sjáum veg til ad fá fleiri gjafir, og þér í bréfi ydar tilgreinid: ad þér hafid lagt út fé þad er ávantadi í gódu trausti til bæarbúa, nl ad þeir med samskotunum gjöfum greiddu þad er ávantadi, þar hagur ydar eigi leyfdi ad þér gjörd=ud þettad endurgjaldslaust, sem vissulega ekki er ofhermt, þar sem um slíka upphæd er ad ræda, þá - ef vér verdum ad álíta, ad af ydar hálfu sé afhending á vördunni bundin því skil=yrdi, ad ydur verdi endurgoldinn byggingarkost=nadurinn, en þetta sjáum vér sem ádur sagt, ekki fært á annan hátt en þann er þér tilgreinid ekki ad vidhafa, nl taka þad sem á vantar bæargjöld, viljum vér leyfa oss ad spyrja ydur, herra Can=cellírad, hvört þér, eptir ad þessi vidleitni vor hefir reynst svo ófullkomin, en viljid afhenda vördunna sem fulla eign bæarins, án skilyrdis um endurgjald á eptirstandandi kostnadi, þar vér ekki á annan hátt sjáum oss heimilad ad veita henni móttöku

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vidvíkjandi reglúm þeim er þér takid fram úm úmsjón vördúnar framvegis m fl í optar áminstu bréfi ydar, þá verdur ekki úm þær rætt ad svo kommu

## N:o 150.

til etatsr: Jónassen, consúl Randrúp, malaflutnings mans J. Gudmundssonar 31 Marts

um Skólavördúna

Sökúm þess ad gjafir þær er bæarbúar nú hafa látid í té, og sídar gefid heiti úm, til Skólavördúnar edur úppbyggingarkostnadin á henni, og sem hra cancellíráad A Thorsteinson, í gódu traústi til gódfýsi bæarbúa, fyrirfram hefir lagt út, ekki nema ad mini hlúta geta borgad kostnad þennan, finst oss betur henta, þartil meira edur helst allt endúrgjald á nefndu kostnadi er fengid, ad bæarstjórnin ekki hafi rádstöfun og úmsjón vördúnar á hendi, en heldur bidja þvíviðkomandi menn ad taka þetta ad sér.

Vér leyfúm oss því hérmed ad bidja ydur, háttvirtu herrar, ad þér, jafnframt og þér framvegis gángist fyrir en ad safna gjöfúm í þessu augnamidi, líka viljid taka ad ydur rádstafanir þær er betri frágángur á henni útheimtir, ásamt ödru því er þykir best henta, í einu sem ödru tilliti. Géti einhver af oss verid ydur til adstodar vid starfa þennan, þá erúm vér mjög fúsir þartil.

## N:o 151.

til Bæarfógetans 9. April

Á nidurjöfnúnar~~[illegible]~~fúndi, er vér höfum lokid í dag, höfúm vér rádid ad ~~leita~~ skjóta til ydar álits og frekari rádstafana frá Cancelliráad hvort ekki sýnist rádlegra ad vísa ýmsúm af personúm þeim, er hér erú tilqvindar, búrt úr bænúm, adur en þær med ~~[illegible]~~ súmpart óheimiladri dvöl hafa aúnid sér forsorgún hér, og þad helst nú á ~~[illegible]~~ komanda vori, edur ad minstu ekki leyfa þeim ad dvelja hér, nema þar við megi því móti ad sveitarstjórner í hreppúm þeim er þær eiga forsorgun ad, serstaklega bidist þessa,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og þessvegna [höfum vèr] að svokomnu [ekki] sett [nema einstökum af] þeim útsvar.
Þessar persónur eru:
Einar Hermannsson, Merkisteini
Guðm: Lárusson, Hala
Gisli Arnason, Sauðagerði
Gróa Jónsdóttir. Hausthúsum
Guðmundur Jónsson ú Grofningi
Valldór Sigmundarson í Hallsbæ
Hannes Hannesson
Hallbera Þorkelsdóttir
Johanna Zoëga
Jónas Jónsson Seli
Karitas Guðlögsdóttir
Marta Markúsdóttir
Pjetur Ingimundarson
Pjetur Guðmundarson Landakoti
Ragnhildur Gunnarsdóttir Miðhúsum
Sigurður Björnason fr. Móisdi
Steffán Ólafsson
Ingalóg Þorvarðsdóttir
Sigríður Olafsdóttir í Loftsbæ
Sigríður Jónsdóttir kona Þorvarðs Gíslasonar
Sigríður Magnúsdóttir á Borði
Þorvarður Magnússon söðlasmiður
Þorleifur Björnsson Borði
Þuríður Sigvaldadóttir
Þórður Jónsson Hábæ
Guðni Loftsson Efraholti
Páll Pálsson snikkari
Páll Stefánsson

No 152

til Bæarfógetans 16 April

Hérmeð leyfi~~um~~ ~~vèr~~ ~~oss~~ [mèr] að senda yður, herra Cancelliráð, til vanalegrar ráðstöfunar: Niðurjöfnun fulltrúanna á bæargjöldunum fyrir yfirstandandandi ár, ásamt áætluninni.

No 153.

til Bæarfógetans 9. Júní

Hérmeð endursendum vèr yður, herra Cancelli-ráð, útskript af gjörð byggíngarnefndarinnar, dags: 18da f.m., hvarmeð hún avísar J. Þórðarsyni hússtæði

og lódarspildu nokkra á Hlídarhúsalód, sem er vjer samþykkjum, og (niðurjöfnun x á aukaútsvörum á hina nýju bæarbúa og þá er ýmsra orsaka vegna ekki voru settir í aukaútsvar á adalniðurjöfnunarfundi í vor, x er gjörd var í gjær, er þjer vildud taka til vanalegrar rádstöfunar.

**No. 154.**

Á fundi er haldin var í dag, var af-rádid ad skrifa ydur herra Cancellíráð, ad þar lagabodid af 10. Ágúst 1868 um spítala-hlutina útheimtir svo mikla umönnun, og því vildi teppa oss svo mjög frá störfum vorum, ef hirt á ad sýna skyldurækni, og byðja ydur bera fram fyrir Stiftamtid þá ósk vora, ad mætti þóknast ad hafa tilhlutun um ad vjer, sem bæarfulltrúar, mættu vera lausir við þau í nefndu lagabodi tilætlada starfa.

til Bæar-fógeta 19. Júlí

**No. 155.**

Nefnd sú er hefir gengist fyrir ad safna samskotum til endurgjalds á byggingar-kostnadi á Skólavörduni og til umbótar henar hefir í tveimur brjefum, dags 28. f.m. og 5. þ.m. til bæarfulltrúanna, medal annars þessu vidvíkjandi, gjört þá uppá-stúngu, ad þar ekki sýnist vegur til med frí-viljugum samskotum ad fá fje þad er hvört-tveggja útheimtir, x hvört ekki sýnist hin-sti vegur til endalyktar þessu máli, ad saman-kalla borgarafund, og þar leggja fyrir gjald-endur hvört þeir vilji þjóta med því ad láni x verdi tekid uppá bæarsjód, til ad afla meira edur minna af peningum þeim, er enn vanta. x Á fundi er vjer hjeldum í gjær, gátum vjer eigi komist ad annari niðurstödu en ad þetta sje hin ein-asti vegur, og um leid og vjer skjótum þessu til álits ydar, herra Cancellíráð, viljum vjer jafnframt, ef þad ekki er mótfallid skodun ydar, skora á ydur ad þjer stofnid til ad hin til-

til Bæar-fógeta 16. Novbr.

x til þarmed ad gjöra vidunanlegar [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

=nefndi borgarafundur verdi bodadur, og þad
svo tímanlega ad ~~#~~ útgjald það er fundurinn ⁂
til vill kynni ad vidtaka, geti nád ad komast á áætlun=
=ina fyrir næstk: ár; bréf þessi endursendast
ydur hérmed.

Hérmed endursendum vér ydur afskrift ~~af~~
af gjörd byggíngarnefndarinnar af 13. þ.m. og
samþykkjum vér útmælínguna til J Olafssonar,
sem og líka ad 30 álna breidu svædi ~~ekki~~ ekki
þeim á Hlídarhúsalód tiltekna stad, (~~sé haldid~~)
ekki verdi útvísad til byggíngar, svo ad þar má
tímanum megi leggja veg til sjáar.

Vidvíkjandi beidni sýslum: Clausens um
ad bæjarsjódur kosti snjómokstur á Lækjargötu, þá
verdum vér ad vera þessu mótmæltir, hvad vér
bydjum ydur tilkynna honum

No 156.

til Bæar=fógetans 14da Decbr

Til ad gánga í Kjörstjórnina vid kosníngu
hins nýa bæarfulltrúa, ístad H Jonssonar,
höfum vér á fundi í gær kosid J Pjetursson.
Þá var líka rádid, þegar þad sökum ófrida
og ~~ófrida~~ hálku útheimtist, ad láta bera sand á
stræti þau ~~af~~ hverjum bæarsjódurinn kostar snjómokstur,
og úmleid ad bydja ydur, herra Cancellíráð, ad
þér mælist til vid alla bæarbúa ad þeir líka
láti gjöra þetta á strætum þeim er liggja ad
lód þeirra.

Í tilefni af bréfi Stiptamtsins af 10da þ.m
um hin tilætlada borgarafund, og ad vér tilnefnd=
=um mann er stjórnadi fundinum, þá höfum
vér kosid herra etatsráð Th Jonassen til
þessa starfa.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Janúar 1870

No. 157.

Á fundi þeim er vér fulltrúarnir héldum í gær, hinum fyrsta á þessu ári, framfóru eptirfylgjandi kosningar: — til Bæarfógetans 21ta Janúar

1) Hr H Sivertsen endurkosinn sem formaður ~~þessa~~, og 2) J Pjetursson til varaformanns; 3) til að gánga í fátækranefndina, úr flokki fulltrúana: E Þórdarson. +x

Viðvíkjandi bréfi J Árnasonar d. 19. þ.m.: er hérmeð endursendist yður, þá hefir hann lofað fulltrúunum að halda starfa sínum í fátækranefndinni til þessa árs loka. Beiðni J Heilmanns, í bréfi af 4ða þ.m., er endursendist yður, samþykkjum vér. ~~Útmælíngargjörð byggingarnefndar~~

x/ Og til að gánga í byggíngarnefndina, í stað H Jónssonar: O Finsen, er vér hérmeð ekki undanfellum að tilkynna yður herra Cancelliráð. Útmælíngargjörð byggingarnefndarinnar af 24 Decbr f. á. staðfestum vér, og endursendum útskriptina

No. 158.

Um leið og vér hérmeð endursendum yður fundargjörð byggingarnefndarinnar af 31. f.m., viljum vér, viðvíkjandi beiðni E Zoega, gánga að því að honum verði leigt hið umrædda lóðarstykki, hvört heldur til erfðafestu eður fyrir ákveðið áratil, mót 45 dlna árl: eptirgjalds, en vilji hann ekki gánga að þessum kosti, þá að seta það til uppboðs, og þá þar eptir taka nánari ákvörðun. Vilji Lambertsen greiða hæfilegt eptirgjald fyrir lóðarspilduna ámilli Móhúsa og Tjarnarendans, erum vér fúsir til að afsala hana; ef lóðir þessar afhendast, er sjálfsagt skilyrði að af þeim megi aptur taka til byggíngar og vegalagníngar ef með þarf. — til Bæarfógetans 26 April

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Enfremur sendum vér ydur hérmed, ~~(nidur=jöfnun)~~ til frekari rádstöfunar; nidurjöfnun vora á bæargjöldum fyrir yfirstandandi ár

Nº 159

til Bæar=fogetans 1ta Júli

Umleid og vér hérmed sendum ydur, hra Cancellirád, til frekari rádstöfunar, aukanidur=jöfnun á ~~[illegible]~~ útsvörum á hina nýkomnu bæarbúa, ásamt ~~(f)~~ nokkrum ~~[illegible]~~ mönnum er af ýmsum ástædum ekki voru settir í auka=útsvar á adalnidurjöfnudarfundi, 19. 22 April, viljum vér, þar ágreiningur var vor á milli um hvört ~~(eigi)~~ gjöra skyldi poststjórnini aukaútsvar edur eigi, bydja ydur bera málefni þetta undir álit edur úrskurd Stiftamtsins.

Nº 160.

til Bæar=fógetans 5ta Septbr

Umleid og vér hérmed sendum ydur, hra Cancellirád, skýrslu yfir báta og skip þau er gengid hafa til fiski hédan úr umdeminu á sidastl: ári, og á hverja vér höfum tiltekt þá aflaupphæd er vér, samkv. Stiftamtsbrjefi af 19da Júli, höfum skapad þeim mönnum er sjálfir ekki hafa framtalid afla sinn, verdum vér ad tjá ydur: ad þar ~~vér~~ oss er ókunn afla upphæd hinna flestu fiskimanna hér, ekki minst um vor og haustlima, og þar ~~[illegible]~~ fulltrúi tómthúsmanna, J. Þordarson, sem þó helst átti ad vera þessu kunnur, líka skoradi sig undan hluttekt í þessum starfa, getum vér ekki sagt þennan gjörning vera full=kominn, en einungis ad vér höfum gjört hann eptir bestu medvitund, og med sjerstaklegu til=liti til ekki ad telja hærri afla heldur en vér med vissu éthum ad fengist hafi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## No. 161.

Til bæjarfógetans 19. September

Fyrir nokkrum dögum barst oss meðfylgjandi brjef frá 57 húseigendum og húsmönnum hjer í bænum, hvarmeð þeir lýsa óánægju sinni yfir að vjer höfum skapað þeim aflaupsskatt á vor og haustvertíð síðastl. ár og þarnæst skora á oss að afsala oss störfum þeim er vjer sem fulltrúar bæjarins nú höfum á hendi. Hvað hina hjer um getnu óánægju snertir, þá verðum vjer að álíta breytni vora viðvíkjandi áætlunar-gjörðini yfir vor og haustafla fiskimanna þeirra er ekki sjálfir vilda framtelja hann, sem löglega og fyrir oss óumflýjanlega, þar sjálf löggjöfin af 10 ágúst 68 uppáleggur oss að senda skýrsluna í fullu formi til bæjarfógeta, að vísu er það tal-ið að aflaupsskatturinn skuli vera tilfærður eptir framtali formanna, en þar þetta framtali ~~formanna~~ eins og kunnugt er, ekki var fáanlegt, álítum vjer úrskurð og skipun Stiftamtsins af 19 júlí, af hverri oss tilkynnt þ. 30. s. m. sem fyllilega heimild fyrir gjörningi þessum er þannig bar að framkvæma sem skipun yfirvaldsins.

Þegar þarnæst kemur að áskoruninni um að vjer hættum störfum vorum sem fulltrúar þá álítum vjer að vísu orsökina til hennar ekki byggða á rjettum grundvelli; þar oss ekki finnst rjett að oss sje álasað fyrir að vjer framkvæmum yfirvaldsskipun og hins skorað á þennan veg ekki svo mikilvæg að varði því að biðja um lausn frá fulltrúastörfum vorum, en þegar vjer aptur skoðum hina síðari málsins hlið[?] þá óvild og þann skort á trausti er lýsir sjer í því, að þessir menn bera til oss fyrir að vjer höfum framkvæmt þetta skipaða verk og sem ef til vill getur átt sjer stað að þannig

hjá flestum bæjarbúum en þeim undirskrifuðu
þó álitum vjer að óánægju sú er þetta málefni
hefur ollað, þarsem vjer vilji koma fram í öðr-
um öðrum málefnum bæjarins, er vjer kunnum
að hafa hluttekt í, án þess að vjer þó, fremur
en nú, þykjumst að hafa breytt rángt og
starfi vor þannig orðið til ónýtis og bæjarbúum
ekki til fullnægju. Það er þessvegna ekki af því
að oss finnist málstaður vor rángur, heldur
af því að vjer ógjarnan optar viljum verða
fyrir slíku og því hjá fram kunna, og sem vjer
eptir því kappi er máli þessu er framfylgt með
af sumum bæjarbúum, megum búast við að
hluttekt vor í málefnum bæjarins, þar óánægjan
nú sýnist svo almenn, hreppti ekki þeirri
góðu viðtekt sumra meðbúanda vorra, og
gjöri byrjun óánægjunnar þá ekki síðar en nú
þeim forgöngumönnum, að vjer viljum biðja
yður herra Cancelliráð að bera fyrir stiftamtið
þá beiðni vora: Að því mætti þóknast hið
allra fyrsta, og eigi síðar en um næstu árslok,
að fría oss við starfa vorn sem bæjarfulltrúar.

H. A. Sivertsen J. Pjetursson, O. Finsen, E. Þórðarson

No. 162.

til Bæjarfóg-
-eta
21. Decbr

Á fundi er vjer héldum í dag, kusum vjer
til að gánga í kjörnefndir þær er stofna
skal til kosningar á hinum nýju fulltrúum í stað
Th. Stephensens og J. Þórðarsonar: Th. Stephen-
-sen í kosningarnefnd borgara, og J. Þórðarson
í kosningarn: á tómthúsmanna fulltrúans ***,
hvað vjer hérmeð eigi undanfellum að tilkynna
yður, herra Cancelliráð.

Áætlanir fátækra ~~nefndarinnar~~ og barnaskóla-
-nefndarinnar, fyrir næstk: ár, endursendast hérmeð
og finnum vjer ekkert athugavert við þær.

Nb. Um lántöku til Skólavörðunnar, sjá N 165, í bréfi til
Stiftamtsins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til Stiftamtsins þ. 17. janúar

No 163.

Eins og þjer, hávelborni herra, víst munuð muna, skrifuðu í sumar, er var, nokkrir bæjarbúar oss til, og kröfðust, að vjer genguum útúr bæjarstjórninni, þar sem vjer hefðum hlýdt þeirri skipun yðar, að skíra frá áliti voru um aflaupphæð manna hjer í lögsagnarumdæminu í fyrra, svo þeir yrðu krafðir um spítalagjaldið fyrir þann tíma, er þeir eigi vildu, eða þóttust sjálfir geta sagt til afla upphæðarinnar.

Þó vjer nú álítum, að vjer, í því að gegna yður í þessu, eigi hefðum gjört neitt rángt eða ólöglegt, virtist oss samt eptir kringumstæðunum ráðlegra og tilhlýðilegra, að beiðast lausnar úr bæjarstjórninni, ef svo væri, að vjer af þvíþeðri ástæðu hefðum misst traust bæjarbúa, heldur enn að sitja kyrrir í henni í trássi við þá. En þjer funduð þá eigi nóga ástæðu til að verða við þessari bón vorri, einsog líka því verður eigi neitað, að það sýndist ekkilegast, að þvílíkt upphlaup skjótt mundi detta niður af sjálfu sjer. — En hversu líklegt sem þetta óneitanlega var, hefur þó raunin orðið önnur, því nú á kosningarfundinum, er kjósa átti 2 nýja bæjarfulltrúa, annan fyrir borgarana og húseigendurna, en hinn fyrir tómthúsmennina, fjekk kjörstjórnin 2 brjef, annað frá fyrnefnda flokknum með 23 nöfnum undir, enn hitt frá hinum síðarnefnda með 35 undirskrifendum, og voru brjef þessi bæði þess efnis, að þeir eigi vildu kjósa nýja bæjarfulltrúa, meðan vjer 4 værum kyrrir í bæjarstjórninni, og hafa þeir þar nú fundið sjer það og til sakar við oss, að vjer höfum gjört oss seka í óforsvaranlegri <u>vangjæslu</u> og <u>skeytingarleysi</u> um bæjarins fje og <u>vitaverðri misbrúkun</u> á fjárforræði því, sem lögin og kjósendur vorir hafi lagt oss í hendur".

Á kjörfundinum mættu eigi nema fáeinir af þeim borgurum og húseigendum, er höfðu undirskrifað brjefið hvar sumir þeirra kusu endurskoðara hafnarsjóðsins, en þar allmargir aðrir úr þessum flokki greiddu atkvæði, varð þó nýr fulltrúi kosinn með 23. 24. atkvæðum ~~bæjarfulltrúi~~ fyrir þennan flokkinn, og eins hafa 5. af þeim, er undir brjefi þessu stóðu, viljað hafa þetta afgjört, og óskað nöfn sín aptur útdregin, svo nokkrar líkur eru fyrir því, að megin hluti borgaranna og húseigendanna engan þátt eigi í þessu, og að það sje að eins að kenna æsingum einstakra manna; en með því þó, að enginn af tómthúsmönnunum kaus fulltrúa, svo að sá flokkur bæjarbúa er sem stendur, fulltrúalaus, og oss á hinn bóginn fellur mjög illa að vera lengur í bæjarstjórninni, skildi það satt <u>reynast</u>, að vjer hefðum misst traust kjósenda vorra, leyfum vjer oss hjer með auðmjúklega, að endurnýja hina bón vora, að yður hávelborni herra, mætti

þóknast

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þóknast, að gefa oss nú lausn úr bæjarstjórninni, svo ngar kosningar geti fram farið, og bærinn feingið þá fulltrúa, er hann trúir og treystir bezt. —

Þareð oss ennfremur finnst, að ofannefnd orðatiltæki og jafnvel fleira af því er sagt er í nefndu bréfinu, sje mjög nærgaungult, og jafnvel meiðyrði fyrir oss, og þareð þau snerta vora opinberu stöðu sem bæjarfulltrúa, verðum vjer að álíta oss skylt, að hrinda þeim af oss, og leyfum vjer oss því jafnframt auðmjúklega að biðjast þess, að oss til þessa megi veitast gefins málsókn.—

H A Sivertsen J Pjetursson E Þórðarson
O Finsen

Nr. 164.

til Bæjarfógeta
þ. 17da Januar

Umleið og vèr hérmeð endursendum yður, herra Cancelliráð, þau 3 bréf er fylgdu yðar heiðraða bréfi af 12. þ. m. leyfum vèr oss að biðja yður að framsenda hjálagt bréf frá oss. til Stiptamtsinns med yðar góðu medmælingum.

Nr. 165.

til Stift-amtsins
31 decbr
1870

Þegar að Krieger sál. var hjer stiptamtmaður, lèt hann á sinn kostnað hlaða vörðu nokkra á holti sem er hjer fyrir ofan bæjinn og varði til þess allmiklu fè og gaf hana til bæjarins, sem þann 23 Septbr 1835 tók á móti henni sem gjöf og lofaði að annast hana að öllu viðhaldi. Þareð þessi bygging var álitin til fegurðar fyrir bæjinn lèt kaupstaðurinn leggja veg þángað sem nokkurskonar skemtigaungu og a því nú hinn nýi þjóðvegur en um árið 1860 þá hrundi bygging þessi sem var kölluð "skólavarða" eða Kriegersminde til sérlegrar endurminningar um þenna ágjætismann, og lá í rústum eptir nokkur ár til næsta lítils sóma fyrir bæjinn.

Eptir að árangurslaus tilraun hafði verið gjörð til þess að byggja vörðu þessa upp aptur um sumarið 1866. varð bæjarfógeti ~~Á~~ herra A. Thorsteinsson á egin hönd sumarið 1868 til þess að láta hlaða þenna vörðu upp aptur með gjöfum frá ~~nokkrum~~ fáeinum mönnum og honum sjálfum og kostaði auk verkið 1064 rd 48 sk. Var byggingin nú næsta rammgjörf og að allra áliti til sannar prýði fyrir bæjinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mirrud upp af steini og hérumbil 30 fet að hæð, og afhenti hann ~~honum~~ borinn byggingu þessa þann 21. Okt. 1868. og með því hann auk þess er hann sjálfur hafði gefið og á ýmsan hátt með framgöngu sinni lagt í sölurnar hafði lagt út 473 rd. 45 sk. í peningum til þess að verkið væri úr allri hættu, þá lét ☩ hann þá ósk í ljósi að bæjarbúar með frívilijugum gjöfum endurgyldi honum þenna tilkostnað og var því safnað samskotum meðal bæjarbúa sem urðu að upphæð 222 rd. 48 sk.

Með því að varðan var enduð um haustíma þurfti Talsvert aðgerð á henni einkum til þess að leggja hana í Cement að utan og þareð bæjarbúar vildu ráða málefni þessu í heild sinni til lykta var samkvæmt bréfi Stiptamtsins dags. 10 Decbr. f. á. almennur borgarafundur haldinn um málefni þetta og má af meðfylgjandi útskript sjá ályktun þá sem borgarafundurinn gerði.

Til þess að framkvæma ályktun þessa á besta hátt höfum vér álitið nauðsynlegt nú á þessu sumri að láta gera talsvert við skólavörðuna einkum að leggja hana í Cement að utanverðu en til þeirrar annarar viðgerðar sem hún þurfti við, urðu engin föng að svokomnu. Þessi viðgjörð hefir kostað 200 rd. og vér álitum, að hinn annar tilkostnaður við hana sem einkum er fólginn í því að endurbæta þakið mun svara 200–250 rd. alltsvo í það heila 400–450 rd. sem að þegar að þarvið bætist það sem bæjarfógetinn hefir lagt út verður öll upphæðin 650–700 rd. Það er nú að vísu svo. að það gæti verið að nokkuð þarf minni að geta sparast af þessum kostnaði, en vér álitum, að það er ósk bæjarbúa að varðan verði fullgjörð og staðileg beri ekkert að forsóma í því tilliti. Í áætlan þeirri sem samin var fyrir árið 1870. og samþykt af Stiptamtinu var það tiltekið að áformað væri að taka lán samkvæmt ákvörðun borgarafundarins og gjört ráð fyrir vöxtunum svosem ½ árs fyrir árið 1870:, 14 rd.; en af því að ekki varð fyrirsjeð hve mikið af verkinu yrði unnið á þessu ári, og hvað það kostaði álei(t) bæjarstjórnin að best væri að sjá til hve mikill kostnaðurinn yrði á þessu ári, og í árslokin láta útborgun þessa framfara á þann hátt er til var tekið og beiðast samþykktar hins háa Amts á því. Bæjarstjórnin leyfir sjer því að leita lögboðinnar samþykktar á því að meiga útborga úr bæjarsjóði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem viðgerð á Skólavörðunni að utanverðu árið 1870 200rd og að mega taka lán til þessarar viðgerðar samt til að fullgjöra vörðuna og endurgjalda það sem útlagt er til byggingar hennar af herra bæjarfógeta Á. Thorsteinsson; alls að 700rd. móti veði í fasteign bæjarins og 6% vöxtum og afborgun í 28 ár móti eptir annað.

Jafnframt því að bæjarstjórnin leitar þessa samþykkis um lántökuna yfir höfuð að tala beiðist hún bráðabyrgða ákvörðunar stiptamtsins að því leyti áhrærir þessa 200rd sem nú viðþurfa strax, eventualiter ef að stiptamtið ekki álítur við eiga að bæjarstjórninni sé strax leyft að taka þetta lán af 200rd að henni sé leyft að upptaka þetta fé sem „Forskud“ uppá væntanlegt lán allt í krapti áætlunar þeirrar sem samin var fyrir yfirstandandi ár.

## № 166.

til Bæar-fógetans 26 janúar

Viðlagt bréf til Stiptamtsins, viðvíkjandi lántöku til endurgjalds á byggingarkostnaði og viðgjörðar á Skólavörðunni, biðjum vér yður liðbeina, ásamt útskript af gjörð borgarafundarins er bréfið umgetur.

## № 167

til Bæarfógeta 2 febrúar

A fundi þeim er vér fulltrúarnir héldum í gjær, hinum fyrsta aðalfundi á þessu ári, fram fóru eptirfylgjandi kosningar:

1) H Sivertsen endurkosinn til formanns, og J Pjetursson til varaformanns.

2) í fátækranefndina: skólakennari Halldór K Friðriksson og Bjarni Oddsson, Garðhúsum

3) í byggingarnefndina: O V Gíslason, og

4) í hafnarnefndina, hinn sami

5) í kjörstjórnina til ~~undirbúnings~~ til kosningar á tómthúsmanna fulltrúa: J Pjetursson

6) í stjórn fiskimannasjóðsins: O Finsen, til bráðabyrgðar,

og 7) til bæargjaldkera: factor Jón Steffensen

Umsjón með snjómokstr + oc, hefir E Þórðarson tekið að sér fyrir yfirstand: mánuð.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Februar 1871.

No 168.

til Stiftamtsins 10 febr

Í tilefni af hjálögðu bréfi frá hra skólakennara H. K. Fridrikssyni, hvari hann skorast undan að takast á hendur starfa þann í fátækranefndinni, er vér á fundi þ. 11ta þ. m. kusum hann til, og ástæðum þeim er hann tilgreinir, þá viljum vér svara þeim þannig:

Það er oss fullkunnugt að hra H. K. Fridriksson er kennari við latínuskólann, og tíma hans á virk-um dögum þannig að nokkru leyti áskipað (eptir skólaskýrsl: fyrir 1870, hefir hann 23 tíma um hverja viku í skólanum), og að hann því gjarnan mundi vilja vera laus við þenna starfa, en – það vildu líklega flestir segja hið sama, ef þarmeð væri lokið, og ekki minnst, þeir menn (kandidata og tómthúsmenn) er einungis hafa handafla sin við að styðjast; en vér getum engan veg-inn álitið að hluttekt hans í fátækramálefnum þurfi að verða svo umfangsmikil, að hann ekki líka geti gegnt þessu starfi, án þess að það þurfi að koma í bága við embættisstöðu hans, með því að hann eptir skólatímann gegni því er, að stundum með lengra millibili, kann að útheimt-ast í fátækranefndinni. Þartil sýnist líka að hann að undanförnu hafi fært fyllstu rök að því, að hann, auk embættis síns, hafi getað gegnt öðrum störfum, t. a. m.: með að hann fyrir skemmstu hafði ritstjórn Þjóðólfs á hendi um hálfan vetur, prófarkir Alþingistíðindanna og fleirri bóka, stöku sinnum málfærslu fyrir aðra, og jafnvel fleira, auk þess, er ekki minnst varðar, að hann fyrir nokkrum árum var í bæarstjórninni, og hvort heldur skyldukvöðum til hins opinbera er greidd með hluttekt í fátækra eður öðrum bæarmálefnum, sýnist litlu munandi. Sjálfur hefir hann líka lýst því, að hann ekki skoðar stöðu sína sem kennara á þann hátt að hún útiloki hann frá hluttekt í bæarmálefnum, þar hann víst optar, og nú fyrir skemmstu í bréfinu af 7. f. m. til bæjarstjórnarinnar, hefir notað rétt sinn sem húseigandi til að greiða atkvæði, og þá líka verður að viðurkenna þaraf leiðandi skyldukvöð. Auk þessa lýsir það sér af bréfi hans, að annríki

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hans eigi mundi gjöra honum það ómögulegt að vera í fátækranefndinni, ef honum fjelli við oss, og álíti oss vita í henni löglega. Álit hans, að þessi kosning vor sé risin af bekkni (Chicane), mætti, ef hann sjálfur væri þektur að slíku, sem þó víst ekki er, leiða oss í hug málsháttinn „margur hyggur mann af sér“; en — hann fer þar misvega! Það er sú tiltrú, sem vér, víst ásamt flestum bæarbúum, berum til hans alþektu framkvæmdar, sem hvatti oss til þessarar kosningar, einsog líka meðan vér, sökum neitunar hr Stiftamtmannsins um lausn frá fulltrúa-starfanum, verðum að vera í bæarstjórninni, álítum það mikilsvarðandi að maður með slíkum góðum hæfileg-leikum verði hluttakandi í stjórn þesshluta bæarmál-efnanna, er bæði hann og aðrir álasa oss fyrir, að ekki hafi farið sem best úr hendi hin síðustu árin, og þannig leitast við að varna að þetta hið sama álas aptur rísi mot oss, og viðhaldi, eður enfremur æsi, þá sundur-þykkju sem nú á sér stað hér í bænum.

Þegar þarnæst kemur að hinum næstu atriðum, sc: um lögmæti kosningarinnar, óánægju bæarbúa yfir aðferð vorri í spítalamálinu, og skeytingarleysi vort í tilliti til fátækranefndarinnar, þá álítum vér óþarft og oss óviðkomandi að svara þeim. En um hina síð-ustu, nl að hr Skólakennarinn, ef hann gengi inní fátækra-nefndina eptir þessari kosningu okkar, skapaði sér marga óvildarmenn, einkum þurfamennina, þá verð-um vér að álíta þessa skoðun hans, í því sambandi er hann setur hana, ný sem tálmun á gagnlegri fram-kvæmd sinni, sem alveg mótsteða, því það sýnist miklu fremur vera til þess að þeir af bæarbúum sem óánægðir eru yfir aðferð vorri og fátækranefndarinnar, í þessu fini trygginguna fyrir að vel verði farið með fé það er hann er hluttakandi í að meðhöndla. Oss liggur nærri hug að segja, að þessi mótbára fremur lýsi þeirri hugsun, að hann, með að hlýðnast köllun þessarar lítið löglegu og lítt nýtu bæarstjórnar, skapi sér óvildarmenn úr flokki mótmælenda vorra (til hverra hann

Til Bæarfógetans 10 febr

Til Stift-amtmanns 20 Febr

Til Bæar-fógetans 21 Febr

til Stift-amtmans 4 marts

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjálfur heyrir) med því ad hann þá hefir vottad honum nokkurskonar réttláta vidurkenníngu.

Ad endíngu veljum vèr geta þess, ad vèr ekki einúngis álítum kosníngu þessa mjög hagkvæma fyrir bæin, heldur og líka framberaa það traust, er vèr berum til ydar, hávelborni herra, ad þèr eigi ónýtid þessa gjörning vorn, og það því fremur eptir því sem fram er komid viðvíkjandi samkvæmnja beidni vorri.

№ 169.

til Bæar fógetans 10 febr

Hjálagt bréf til Stiftamtsins, ásamt medfylgjandi bréfi frá hra. H. K. Fridrikssyni, bidjum vèr ydur leidbeina.

№ 170.

Til Stiftamtsins 27. Februar

Í framhaldi bréfs vors til ydar Hávelborni Herra, dags. 10.d þ. mán. leyfum vjer oss audmjúklega ad beidast þess, ad oss nú megi verda veitt gefins málsókn vid undirrèttinn og settur þar talsmadur í máli því, er vèr vegna stödu vorrar álítum oss neydda ad höfda gegn málaflutningsmanni Jóni Gudmundssyni, er var einn af þeim, er undirskrifadi bréf það, er lagt var fram á seinasta kjörfundi hèr í bænum 7. f. m. frá nokkrum borgurum og húseigendum bæjarins, og sem ad vorn áliti inniheldur nokkur meidandi ordatiltæki fyrir oss.

Hjálagt vottord sáttanefndarinnar, er vísad hefir ~~verid til~~ málinu til landslaga og rèttargángs, sýnir ad vjer eigi höfum tjád oss ósáttfúsa.

№ 171.

Til Bæarfógetans 27. Februar.

Hjálagda bréfi til herra Stiftamtmannsins ásamt vidlögdu fylgiskjali, bidjum vèr ydur leidbeina.

№ 172

til Stiftamtmanns 4 marts

Jafnvel vjer höfum komist ~~at~~ til þeirrar niðurstödu, ad rjettara væri fyrir oss nú þegar ad höfda mál útaf meidyrdum þeim, er stódu um oss í bréfi því frá nokkrum húseigendum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og borgurum hjer i bænum, er lagt var fram á kjörfundinum 7. januar þ. a., eigi að eins móti málaflutningsmanni Jóni Guðmundssyni, heldur og Jóni Þórðarsyni í Hlíðarhúsum, er stendur næstur eptir tjeðan málaflutningsmann undir brjefinu, þá leyfum vjer oss hermeð auðmjúklega, að biðja yðar Hávelborni Herra, - í sambandi við vort brjef 27. f. m. - að vísa oss til þessa gjafsókn fyrir undirrjettinum og setjan þar málsfærslumann, og leyfum vjer oss jafnauðmjúklega að óska þess, að fyrir því mætti helzt verða Organisti P. Guðjohnsen. - Vér látum hérmeð fylgja skýrteini frá sáttanefndinni um það, að vjer höfum tjáð oss eigi ~~afráða~~ ósáttfúsa, er málið þar var tekið fyrir til sátta umleitunar. -

173

Hjálögðu brjefi til Herra Stiptamtmansins ásamt viðlögðu fylgiskjali, biðjum við yður leiðbeina. —

No 174

til Bæarfógeta 1. April

Viðlagt sendum vér yður, hr. Cancellíráð, til vanalegrar ráðstöfunar: niðurjöfnun vora á bæargjöldunum fyrir yfirstandandi ár.

Á fundi þ. 23. f. m: var fulltrúi Jón Árnason kosin til að ganga í stjórn fiskimannasjóðsins í Kjalarnesþingi, í stað O. Finsen, er áður kosin var til bráðabyrgðar

No 175

til Bæarfógeta 30. júní

Hérmeð sendum vér yður, hr. Cancellíráð, til frekari ráðstöfunar, aukaniðurjöfnun á bæargjöldum á þá menn er nýkomnir eru til bæarins, sem og þá, er af ýmsum ástæðum, ekki voru teljandir á aðalniðurjöfnun

No 176.

til Bæarfógeta 13. decbr.

Áætlanir fátækra og skólanefndarinnar, fyrir næstk: ár, er þér, hr. Cancellíráð, með bréfi 5ta þ. m: senduð oss, endursendum vér yður hermeð. Hvað viðvíkur fátækraáætluninni, þá höfðum vér vænst eptir að hún mundi ekki verða svo heimtufrek, en - þar vér berum fyllsta traust til þekkingar og nákvæmni nefndarmannanna - finst oss ekki ástæða til að mótmæla gjörð þessari; við áætlun skólanefndarinnar höfum vér ekkert að athuga.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Janúar 1872.

til Bæar Fógetans 19da Janúar

No 177.

A fundi þeim, hinum fyrsta á þessu ári, er vér full=trúarnir hjeldum í fyrradag, var H Sivertsen endur=kosin til formanns, og J Pjetursson til varaformanns. Þeirri venjulegu umsjón med verkum þeim er fram=kvæmd verda í þarfir bæarins, og tilætlad er ad fulltrúarnir hafi á hendi, höfum vér skipt þannig á milli oss, ad hver hafi ákvedinn hluta bæarins til slíkrar umsjónar hid nú byrjada ár, og er þessu skipt þannig: 1) bakarastíg, J Pjetursson, 2) annad svædi fyrir austan lækin, J Arnason, 3) lækin, og vestur ad húsi madömu Möller, ásamt kirkjubrú, O Finsen, 4) austur=völl og hafnarstræti, H Sivertsen, 5) adalstræti og kirkjugardsvegin, E Þordarson, og 6) alt svædi fyrir vestan adalstræti, O Gislason.

Foringi slökkviliðsins, herra G Lambertsen, beiddi fyrir skemstu H Sivertsen á næsta fundi ad bera undir fulltrúana, og leita svars þeirra um: hvort hann á ~~ætti ad~~ næturtíma ætti ad kalla slökkviliðið til æfinga, án þess ádur ad hafa bodad vissa nótt til þessa? Eptir umrædu um þetta efni, verdum vér ad vísu ad álíta þad þénan=legt til ad auka árvekni og snarrædi manna þeirra er vera eiga ad þessu verki, ad slík köllun komi án fyrirvara, en viljum samt enganveginn mæla med ~~hafa~~ því ~~fram~~ ad foringj=anum á þennan hátt verdi gjört þetta ad skyldu, þaramóti viljum vér, þar æfingar slökkviliðsins hafa ~~eru~~ verid mjög (og þad mikid um of) sjaldgæfar á hinum sídari árum, og eptirlit og vidhald verkfæranna ad líkindum þá ekki heldur verid svo fullkomid sem vera skyldi, til þess ad þessi stofnun, sem tilætlad er ad skuli vera til ad forda eign manna, og þad, ef til vill, lífi flestra bæarbúa, fyrir eldsvoda, ef svo illa skyldi fara ad eldur komi upp ~~tiltakast~~, gæti ordid ~~að~~ til hinnar tilætludu varnar og hjálpar, hérmed bydja ydur, herra Cancellíráð, ad þér vildud ~~alvarlega~~ skora á Hr. Lambertsen ad hann med alúd og kappsemi láti sér umhugad ad koma

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Januar 1872.

Höfnum þessari í svo gott og fullkomið fyrirkomulag ~~er Ársgjöld~~ er fengist getur.

No 178

Til Procurators J. Gudmundssonar: Rv.

Bréf yðar af 6ta þ:m: höfum vér meðtekið, og ætlum að sneiða hjá hinum rönsamlegu ástæðum Þjóðólfs er þér, í framhaldi bréfsins, sjálfur líka þáfallið, og því einúngis halda oss að því er snertir umræðuna um útsvarið. —

Það er þá first að telja útsvar yðar: 1867. 9 ríkisdali; í 68. hækkað í 10 rd, jafnvel þótt þá nokkuð lægri gjöld á almenningi, í 69, með nokkuð hærri gjöldum helduren í 67. 13 rd, í 70. með talsvert vaxandi gjöldum, standa þeir 13 rd óbreyttir, og í 71 með framað 40% hækkun frá 70, og samanborið við 1867 með þvínær 100% hærri aukaútsvörum, 17 rd. Eptir þessu hefir útsvar yðar fáið hækkandi eptir almennu hlutfalli, og er þá að ræða um að hverju leyti vér réttilega höfum skoðað efnahag yðar, og finst oss þá liggja næst samanborið við síðari breitingar, að taka 9 ríkisd. útsvarið í 67, sem Basis. Við að telja tekjumissir þann er þér síðan 67. hafið orðið fyrir, eptir sem þér tilgreinið í bréfi yðar, þá finnst oss það liggja ljóslega fyrir að aukaútsvar af 9 rd engan vegin hefir samsvarað tekjum yðar það árið, heldur hefði átt að vera hærra, og Basis þá ekki réttur, hvað oss þá hefði borið að laga við næstu niðurjöfnun.

Að þér með málsfærslu fyrir Henderson, Anderson & Co eptir sem haft er á orði, en um hvers upphæð vér first laungu síðar höfum heyrt, á árunum 67, + 68, hafið hlotnast tekju af yfir 1,000 ríkisdölum, og á hinum síðari árum nokkra viðbót, er — ef þetta er sannleikur — til staðfestingar um að útsvar yðar þau árin líka hefir verið oflítið, og þetta þá átt að bera niður á næsta ár, hvað oss er næst að halda, (en hvarum vér þó ekki erum fullvissir) að þetta atriði hafi komið til umræðu á niðurjöfnunarfundi firir 1871. Líka fannst oss þá eptir að þér: 1870 kröfðust og fengu goldið 25 rd, sem Salair firir að fara hið óhappalega Ellidaárhúsamál fyrir yfirréttinum,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þessi krafa ydar nokkud mikil, þar þér, sem sá eini þíristi úr flokki fulltrúanna, þegar rádid var ad kleypa þessu máli til dómsúrskurdar, hvöttu til þessa, og þad komst til tals á nidurjöfnunarfundinum 71. ad þótt málsforslan og aukaútsvarid hefdi verid látid vera jafn hátt, þá mundi ydur þarmed ekki órettur gjördur.

Beidni ydar og krafa um, ad vér nú vid yfirstandandi nidurjöfnun tökum þar af ydur framtöldu ástædur til réttvíslegra greina, var framkvæmd ádur, bréf ydar barst okkur, þared auka-útsvar ydar var sett nidur, og eptir ad vér nú aptur höfum rædt bréfsefnid, finnum vér ekki ástædu til frekari lækkunar.

Vér höfum ekki fylgt ástædum ydar til andsvars í þeirri röd er þær eru framsettar, þar oss fannst þær sumpart óvidkomandi, t: d: þarsem þér talid um mannúd og kurteysi vera vidvíkjandi lögtakinu á sertíunum; þetta erum vér fúsir til ad álíta sem útbrot gremju ydar yfir ad ydur hlotnadist "stutta stráid" í þessu máli, um hvört vér, til ad svara á líkan hátt, þá mættum segja, er þeir svo "sámasamlega" sköpudu oss. Þad sem þér segid um útsvar formannsins, á víst ad mida til ad vér í þessu tilliti höfum verid hlutdrægir, en þetta viljum vér ekki kannast vid; hid sama hefdi og hver af einn, er svo hefdi viljad, líka hafa getad sagt um ydur á formennsku tíma ydar, þótt engin ástæda hefdi verid til þess. Hid sama og þér segid um ekki hluttekt ydar í sköpun ydar egin útsvars í 22 ár, staafestir núverandi formadur hvad sig snertir, en einúngis med lægri áratölu. Ad ydur á næstlidnu ári hlotnadist ad eignast svo alment heid-radan tengdason, er í vorum augum svo gledilegur atburdur, ad þótt hann hafi ollad ydur peninga útlát, — samt ekki verdi tekin sem ástæda til minkunar á bæjargjaldi ydar. —

Í Bæjarstjórn Reykjavíkur þ. 10da April 1872

H. A. Sivertsen. Jón Pétursson O. Finsen
Einar Þórdarsson Ó. V. Gíslason

Til Bæjarfógeta
10 April

№ 179.

Vidlagt sendum vér ydur, frá Cancelliráð til vanalegrar rádstöfunar nidurjöfnun vora á bæjargjöldunum fyrir yfirstandandi ár.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

162 auðar blaðsíður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavikur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur